

SEÐLABANKI ÍSLANDS

ÁRSSKÝRSLA 1990
REYKJAVÍK 1991

Setning, prentun, bókband:
ÍSAFOLDARPRENTSMÍÐJA HF.

EFNISYFIRLIT

I. Yfirlit um þróun efnahagsmála	5
II. Framleiðsla, tekjur, gengi og verðlag	14
III. Utanríkisviðskipti og greiðslujöfnuður	27
IV. Fjármál ríkissjóðs	38
V. Peningamál og innlendir lánamarkaður	49
VI. Erlend samskipti og lánamál	75
VII. Umsjá sjóða og ýmis starfsemi fyrir ríkissjóð	81
VIII. Ýmsir þættir í starfsemi bankans og lagabreytingar ..	87
IX. Annáll peninga- og gjaldeyrismála 1990	93
Töflur (sjá yfirlit á næstu síðu)	97
Efnahagur 31. desember 1990	124
Rekstrarreikningur árið 1990	126
Efnahagsreikningur Seðlabankans 1984–1990	128
Skýringar við ársreikning Seðlabankans 1990	130
Stjórn bankans og starfslið	133

TÖFLUYFIRLIT




1. tafla. Þjóðarframleiðsla og verðmætaráðstöfun	98
2. tafla. Framlag atvinnugreina til landsframleiðslunnar	99
3. tafla. Þjóðarauðurinn	99
4. tafla. Fjármunamyndun	100
5. tafla. Vísitölur verðlags	101
6. tafla. Greiðslujöfnuður við útlönd	102
7. tafla. Greiðslujöfnuður við útlönd – Ársfjórðungsyfirlit	103
8. tafla. Löng erlend lán	103
9. tafla. Staða þjóðarbúsins út á við	104
10. tafla. Gjaldeyrissstaða Seðlabankans og erlend staða innlánsstofn.	104
11. tafla. Skipting innflutnings eftir notkun	105
12. tafla. Útflutningur. Skipting á helstu vöruflokka	105
13. tafla. Viðskiptakjör	106
14. tafla. Vísitala meðalgengis erlendra gjaldmiðla	106
15. tafla. Verðmæti inn- og útflutnings eftir löndum	107
16. tafla. Yfirlit yfir fjármál ríkissjóðs	108
17. tafla. Skipting ríkistekna eftir tekjustofnum	108
18. tafla. Skipting ríkisútgjalda eftir málefnaflokkum	109
19. tafla. Skipting ríkisútgjalda eftir tegundum	109
20. tafla. Ríkisvixlar	109
21. tafla. Seðlar og mynt	110
22. tafla. Skipting seðla og myntar eftir stærð í árslok	110
23. tafla. Ávísanavelta	111
24. tafla. Úr reikningum Seðlabankans	111
25. tafla. Úr reikningum innlánsstofnana	112
26. tafla. Úr reikningum bankakerfisins	112
27. tafla. Úr peningamálum	113
28. tafla. Úr reikningum Seðlabankans	114
29. tafla. Innlán og útlán innlánsstofnana	115
30. tafla. Lánaflokkun innlánsstofnana	116
31. tafla. Samandregið efnahagsyfirlit fjárfestingarlánasjóða	116
32. tafla. Lánaflokkun fjárfestingarlánasjóða	117
33. tafla. Útlán einstakra fjárfestingarlánasjóða	117
34. tafla. Greiðsluyfirlit lífeyrissjóða	118
35. tafla. Lánakerfið	118
36. tafla. Gengi erlendra gjaldmiðla skv. skráningu Seðlabanka Íslands	119
37. tafla. Helstu meðalnafnvextir hjá bönkum og sparisjóðum	120
38. tafla. Helstu vextir skv. A- og B-tilkynningum Seðlabankans	121
39. tafla. Helstu innstæðuvextir við Seðlabankann í % á ári	122
40. tafla. Helstu útlánsvextir við Seðlabankann í % á ári	122
41. tafla. Vextir ríkisvixla og ríkisbréfa í % á ári	122

SKÝRSLA BANKASTJÓRNAR

I. YFIRLIT UM ÞRÓUN EFNAHAGSMÁLA

Þáttaskil urðu á ýmsan hátt í efnahagsframvindunni á árinu 1990. Samdrætti síðustu tveggja ára var lokið, og endurbati var hafinn með hækkandi útflutningsverði sjávarafurða og bata viðskiptakjara. Afli fór hins vegar enn minnkandi, og afurðaverð stóriðju lækkaði. Þrátt fyrir nokkra aukningu fjárfestingar og þjóðarútgjalda var lands- og þjóðarframleiðsla því óbreytt frá árinu áður og þriðja árið í röð minni en orðið hafði 1987 og sökum fólksfjölgunar enn minnkandi á mann. Þrátt fyrir stöðnunina tókst að draga úr rekstrarhalla ríkissjóðs í 1,3% af landsframleiðslu, sem er sama hlutfall og 1986-87, og hefur hallinn nú staðið í sex ár samfelld, að meðaltali 1,8% af VLF. Jafnframt því tókst að fjármagna hreina lánsfjárþörf ríkissjóðs innanlands, að langmestu hjá innlánsstofnunum og verðbréfasjóðum, en við nokkru hærri raunvöxtum en árið áður. Peningalegur sparnaður var mikill og vaxandi, með batnandi lausafjárstöðu bankanna fram á haustið, en þá jukust útlán mjög umfram innlán með versnandi lausafjárstöðu og fallandi ríkisvixlastofni. Samhliða því jókst innflutningur umfram útflutning, og varð viðskiptahalli 9,2 mrð.kr. eða 2,7% af landsframleiðslu og talsvert meiri en árið áður. Mestur árangur í efnahagsmálum náðist með hjöðnun verðbólgu á árinu, og varð um 6,6% hækkun launa og 7,3% hækkun framfærslukostnaðar yfir árið.

Með árinu 1990 hafði samfelld hagvaxtarskeið iðnríkjana staðið í 8 ár frá samdrættinum 1982, en næst þar á undan hafði orðið afturkiptur á OECD – svæðinu í heild árið 1975 og vaxtarskeiðið þar á milli staðið í 6 ár. Allt tímabilið 1983 – 90 var hagvöxtur sæmilega ör, mestur 4,8% eitt árið, en minnstur 2,7% þrjú áranna, þ.á m. 1990, og höfðu ýmist Bandaríkin eða Japan forystu meðal stóru ríkjana. Evrópa lá yfirleitt á eftir, þar til síðustu árin, að fyrst Bretland og síðan Þýskaland og fleiri Evrópulönd skipuðu sér framarlega í hagvexti. Hagvaxtarskeið hafa áður tekið enda við það, að los hefur





komist á verðbólgu og síðan verið kreppt að með aðhaldsaðgerðum, sem leitt hafa til stöðnunar eða samdráttar. Þessa hefur vissulega gætt, þar sem verðbólga hefur hækkað nánast stöðugt frá 2,7% lágmarki OECD-svæðis 1986 upp í 4,8% 1990 og hvað mest með þeim þjóðum, sem lægst höfðu komist. Truflanir af misvægi í fjármálum og utanríkisviðskiptum höfðu þó sennilega öllu meiri áhrif til að hægja á hagvexti. Einkum dró úr hagvexti á síðari hluta ársins og þá sérstaklega í Bandaríkjunum og Bretlandi. Er í framhaldi af því jafnvel búist við beinum samdrætti í þessum löndum sem og Kanada og Svíþjóð á árinu 1991.

Um leið og verðbólga hefur færst í aukana sem fyrr segir, hefur hún jafnast talsvert milli landa við mögnun hennar á ný í Japan og Pýskalandi, sem á árunum 1986 – 88 höfðu sama og enga verðbólgu eða eilitle verðlækkun. Einnig hækkaði verðbólga verulega í Bretlandi og Bandaríkjunum og víðast nokkuð. Þáttur frum- eða hrávara í verðlaginu hefur ólækkað verulega frá því um áramótin 1988/89: málmar og stöfnefni og matvæli almennt, eða jafnvel rúmu ári fyrr: hráefni úr landbúnaði. Útflutningsverð héraendrar stóriðju kemur í megindráttum heim við þessa þróun, en sjávarafurðaverð hefur þar á móti hækkað, enda ræðst verðlag fiskafurða meir af sérstökum aðstæðum.

Verðbólga gengur oftast nokkuð á eftir þeirri þenslu, er vekur hana. Togstreitu gætti á árinu milli slaknandi eftirspurnar og enn rísandi verðbólgu. Var almennt talin stafa meiri ógn af verðbólgu en afturkipp. Hækkuðu vextir því víðast með verðbólgu eða öllu meira, mest í Japan og Pýskalandi, um 2,4% og 1,4% í sömu röð. Í báðum löndunum ríktu sérstakar aðstæður, í Japan uppsprengt fasteigna- og hlutabréfaverð samhliða hefðbundnum lágum vöxtum og í Pýskalandi þensluáhrif frá sameiningu pýsku ríkjanna. Þar á móti voru vextir látnir lækka í Bandaríkjunum og ekki hækka til jafns við verðbólgu í Bretlandi. Raunvextir lækkuðu því í þessum ríkjum, þar sem helst gætti kreppeinkenna. Í sjöveldunum hækkaði óvegið meðaltal skammtíma markaðsbréfa úr 9,8% í 10,7% eða um 0,9%, en tilsvareandi vextir langtímabréfa úr 8,8% í 10,1% eða um 1,3%. Lægri langtímavextir en til skamms tíma fela í sér trú á minni verðbólgu til lengdar en nú ríkir. Almennt íþyngir erlend vaxtahækkun þjóðarþúinu, en hún hefur mildast mjög af hárra vog dollara- og pundalána og þá einkum nærri helmings vog lána með breytilega dollaravexti. Jafnframt felur þessi þróun í sér tækifæri til gjaldmiðla- og vaxtaskipta.

Langvarandi hagvöxtur hefur smám saman bætt atvinnuástand iðnríkja verulega eða úr 8% í 6,2% atvinnuleysi á hálfum áratug frá

1985. Af stórveldunum heldur Japan forystu með lækkun atvinnuleysis í 2,1%, en önnur svæði hafa jafnast nokkuð í þessu tilliti með nokkurri aukningu atvinnuleysis í Bandaríkjunum jafnhliða stöðugri minnkun þess í V-Evrópu, sem þó er enn við 8% markið.



Opinber fjármál voru í vaxandi mæli aðhaldssöm um árabil fram til 1989. Varð rekstrarhalli opinbera geirans þá 1,1% af þjóðarframleiðslu þorra OECD-landanna eða aðeins þriðjungur á móti 3,3% halla sömu landa 1985. Jöfnuðurinn spilltist nokkuð 1990, og var hallinn áætlaður 1,6%. Löndum með afgang á opinberum búskap fækkaði úr 7 í 6. Mesta breytingin varð í Pýskalandi, sem snerist frá smáafgangi í 3,1% halla, og er sameining þýsku ríkjanna meginorsökin. Einnig hefur opinber halli Bandaríkjanna aukist úr 1,7% í 2,4% þrátt fyrir lögbundna og markvissa viðleitni til að ná ríkishallanum niður.

Jöfnuður opinberra fjármála ræður, að teknu tilliti til einkasparnaðar, miklu um heildarjöfnuð þjóðarbús og á hinn bóginn um vaxtastig og vaxtamun milli landa og þar með fjármagnshreyfingar, en þessir þættir eru nú orðið mjög mótandi um gengi gjaldmiðla. Hvergi hefur þetta sambengi verið ljósara en í Bandaríkjunum, þar sem fjárlagahalli, háir vextir og fjármagnsinnstreymi héldu uppi háu gengi dollars og miklum viðskiptahalla. Frá hágenginu 1985 lækkaði raungengi dollars á kvarða neysluverðlags, fyrst um fjórðung á tveimur árum eða alls um rúm 30% til 1990 og þá orðið svipað og 1980 fyrir hækkunar-skeiðið mikla. Viðskiptahallinn fór þó ekki að lækka fyrr en frá hámarkinu, 162 mrð. dollara eða 3,6% af þjóðarframleiðslu 1987, niður í 98 mrð. dollara eða 1,8% af VPF 1990. Dreigið hefur úr misvægi milli helstu landa, einkum þar sem afgangur Japans hefur minnkað um ríflega helming á tveimur árum og afgangur Pýskalands er tekinn að minnka ört. Aftur á móti hefur verulegur halli, um 30 mrð. dollara á ári, myndast á viðskiptum Bretlands síðustu þrjú árin, um 3,3% af þjóðarframleiðslu, og setur það stefnuvali í efnahagsmálum þröngar skorður.

Þjóðarbúskapurinn stóð á árinu 1990 á mörkum stöðnunar og endurbata. Samdrætti tveggja undanfarandi ára má teljast hafa lokið undir árslok 1989, og síðasta gengissiginu til að bæta hann upp lauk hinn 6. desember. Útflutningsverðlag sjávarafurða var þá þegar tekið að hækka og hélt því áfram með örrri hækkun yfir árið 1990. Þar á móti lækkaði afurðaverð stóriðju yfir árið að líta, en innflutningsverð hækkaði verulega, þar af olíuverð einkum á síðari hluta ársins. Viðskiptakjör án stóriðju bötnuðu innan ársins, frá janúar til desember, um 6,7%, en að meðtalinni stóriðju nam batinn 2,6%. Milli ársmeðaltala 1989 og 1990 bötnuðu viðskiptakjör talsvert minna, um 2,5%

Tafinn endurbati

án stóriðju, en versnuðu um 1,2% með henni. Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins dró talsvert úr batanum, svo sem hann kom fram í tekjum landsmanna. Þessu til mótvægis minnkaði aflí á föstu verðlagi um 2% og framleiðsla sjávarafurða um 1,5%. Aðhald að fjármálum og peningamálum dró úr áhrifum endurbatans til aukinna þjóðarútgjalda og framleiðslu og þjónustu, sem af þeim eru leidd. Á kvarða lands- og þjóðarframleiðslu í heild var árið 1990 því á botni hag-sveiflunnar jafnt sem árið áður.

Verðmætaráðstöfun þjóðarbúsins bar í meginatriðum stöðnunarbæ. Einkaneysla stóð í stað eftir tveggja ára samdrátt og samneysla jókst aðeins um 1%, nærri sögulegu lágmarki. Aukning fjármunamyndunar um 4,5% skýrist að fullu af miklum kaupum flutningatækja, en að þeim slepptum var um samdrátt að ræða. Alls jókst endanleg innlend ráðstöfun, þ.e. neysla og fjárfesting, aðeins um rúmt 1%.

Þrátt fyrir mikinn innflutning skipa og flugvéla, alls um 8 mrð.kr., voru lengst af árinu horfur á nokkru minni viðskiptahalla en því nam og þar með ekki mikilli aukningu hallans frá fyrra ári. Þetta byggðist m.a. á miklum innlendum sparnaði þrátt fyrir stöðnunarárferðið. Með haustinu fór innflutningur vaxandi, en á hinn bóginn dró nokkuð úr útflutningi. Viðskiptahallinn varð því um 9,2 mrð.kr. eða 2,7% af landsframleiðslu á móti 1,6% árið áður og 3,6% 1988.

Verðbólguhjöðnun

Mestur ávinningur íslenskra efnahagsmála á árinu 1990 felst í hjöðnun verðbólgunnar niður á svipað stig og í öðrum þróuðum iðnríkjum. Svonefndri þjóðarsátt í kjara- og verðlagsmálum er almennt þakkaður þessi árangur, en hann á ljóslega rætur í víðtækari skilyrðum efnahagsmála. Reynslan af gengisfestu, samdrætti og lægra atvinnustigi undanfarinna ára hefur haft áhrif í þessu sambandi sem og áframhaldandi aðhald í fjármálum og peningamálum með tiltölulega háum raunvöxtum. Almennir kjarasamningar ASÍ og VSÍ í febrúar, sem urðu fyrirmynd annarra kjarasamninga, lögðu ásamt gengisfestunni traustan grunn að verðlagsferlinum á gildistíma þeirra fram til september 1991. Launahækkun samkvæmt kjarasamningunum var metin 5,6% á árinu 1990, en alls um 10,4% á samningstímanum.

Verðbólguástigið á fjögurra mánaða grunni var í upphafi ársins tæp 24%, óbreytt frá hækkun framfærsluvísitölu yfir árið 1989. Það lækkaði nokkuð jafnt yfir árið og var 15,5% um miðbik þess, en komið niður í 7,2% í desember. Hækkunin yfir árið varð 7,3%, en hækkun lánskjaravísitölu aðeins minni, 7,1%. Eilitlu minni hækkun varð á launavísitölu, 6,6%, sem bendir til nokkurn veginn óbreytts kaup-

máttar yfir árið. Breytingin innan fyrra árs var hins vegar nógu mikil til að valda rýrnun kaupmáttar milli ársmeðaltala á bilinu 4 – 7% eftir nánari skilgreiningum.

Gengi krónunnar hefur verið haldið föstu frá 6. desember 1989, og hefur meðalgengi samkvæmt viðskiptavog því ekkert breyst síðan. Svo vill til, að nákvæmlega hið sama gildir um gengið á hvort sem er útflutnings- eða innflutningsvog yfir árið 1990, þannig að yfir árið í heild voru gengisbreytingar hlutlausar gagnvart viðskiptakjörum.

Verulegar gengisbreytingar urðu þó milli einstakra mynta, allt frá hækkun sterlingpunds um 8,3% niður í lækkun dollars um 9,5% yfir árið. Raungengi krónu lækkaði á verðlagskvarða um 2% frá 1989, en alls um 10% frá 1988. Raungengi á launakvarða er meira grundvallaratriði og sýnir meiri breytingu, þar sem gengið sjálft blandast inn í verðlag, en ekki laun. Lækkaði það um 11% frá 1989, en alls um tæp 20% frá 1988. Innan ársins 1990 breyttust báðar þessar viðmiðanir mjög lítið. Þetta varð til þess að reisa við samkeppnisstöðu atvinnuvega upp í svipaða hæð og fyrir efnahagslægdina, þó með þeirri undantekningu, að samkeppnisstaða útflutningsiðnaðar versnaði verulega á ný. Frá fyrra ári batnaði samkeppnisstaða sjávarútvegs um rúm 7%, hvort sem fjármagnskostnaður er meðtalinn eða ekki, en staða samkeppnisiðnaðar og heildarmeðaltals um rúm 4% án eða tæp 5% með fjármagnskostnaði. Horfur eru á, að þessi samkeppnisstaða muni haldast út gildistíma kjarasamninga.

Ríkisfjármál

Hinar félagslegu þarfir, sem hið opinbera annast, hafa ríka tilhneigingu til stöðugs vaxtar ár frá ári svo og til mótvægis við hagsveiflum. Er því mjög örðugt að reka opinberan búskap án halla á þriggja ára skeiði samdráttar og stöðnunar. Á hinn bóginn er tekjustig þjóðarbúsins enn mjög hátt á sögulegan og alþjóðlegan mælikvarða. Hefur því verið talin rík ástæða til skjótrar aðlögunar til að ná hallalausum ríkisrekstri. Árangurinn hefur orðið minnkun halla á greiðslugrunni af reglulegri ríkisstarfsemi, sambærilegri við fjárlög, úr 2,8% af landsframleiðslu 1988 í 2% 1989 og 1,3% 1990 eða 4,4 mrð.kr. Var hallinn þá kominn niður á sama stig og á uppgangsárunum 1986 – 87, en alls hefur samfelldur halli staðið í sex ár. Hrein lánsfjárbörf ríkissjóðs, að viðbættum lánveitingum nettó, hefur þó lækkað hægar en rekstrarhallinn, úr 3,3% af VLF 1988 í 2,6% 1989 og 2,1% 1990. Tókst að fjármagna hana á innlendum lánamarkaði á árinu 1990. Umsvif ríkissjóðs á lánsfjármarkaði byggjast þó á vergri lánsfjárbörf hans, þ.e. nýjum lántökum til að mæta bæði hreinni lánaþörf og afborgunum lána. Afborganir minnkuðu úr 11 mrð.kr. 1989 í 6,2 mrð.kr. 1990, einkum vegna mun stærra uppgjors skammtíma-

Peningamál og lánamarkaður

skuldar við Seðlabankann frá 1988 og meiri innlausnar spariskírteina, hvors tveggja árið 1989. Að þessu meðtöldu taldist verg lánsfjárförf 19,5 mrð.kr. 1989, en lækkaði í 13,4 mrð.kr. 1990 að slepptum skuldbreytingum.

Innan marka árlegrar lánsfjáráætlunar beitir ríkisvaldið sérstaklega fyrir lánsfjáröflun til annarra opinberra aðila auk ríkissjóðs og húsbýggingarsjóða, en fjáröflun til annarra fjárfestingarlánasjóða er fremur áætlunaratriði. Lántökur opinberra aðila og byggingarsjóða ásamt húsbrefum námu 30,5 mrð.kr. 1989 og voru áætlaðar 32,3 mrð. 1990, en reyndust 34,7 mrð., tæpum 14% hærrí en árið áður. Af því var innlend fjármögnun 26,5 mrð. og hækkun frá fyrra ári um 6,3 mrð. eða 31%. Þar af lækkaði fjáröflun ríkissjóðs og opinberra aðila, en hlutur húsnæðisfjármögnunar jókst stórlega með viðbót húsbrefa samhliða fyrra kerfi, úr 9,5 mrð.kr. í 16,4 mrð.kr. eða um 73%.

Síðustu árin hefur mætt mikið á peninga- og lánamálum til að vega upp misvægi í tekju- og fjármálakerfum þjóðarbúsins. Treg aðlögun að afturkipnum með hallamyndun og verðbólgu kallaði á verulegt mótvægi í peninga- og lánamálum og leiddi óhjákvæmilega til hárra raunvaxta. Hæst stigu raunvextir 1988 og hjöðnuðu síðan verulega til 1989, en jafnframt því dróst nýr peningalegur sparnaður talsvert saman. Uppskeyra sparnaðarins varð hins vegar meira en tvöföld á árinu 1990, 37,8 mrð.kr. á móti 16,1 mrð.kr. 1989 og 18,6 mrð.kr. 1988, og fór saman með efnahagslegum endurbata og dálítilli hækkun raunvaxta á ný. Sem hlutfall af landsframleiðslu varð nýr peningalegur sparnaður 7,3%, 5,4% og 11,2% af landsframleiðslu árin 1988-90. Með þessu sköpuðust áður óþekkt skilyrði til þess að ná jafnvægi eftir lánsfjárleiðinni og vega upp það, sem á hallaðist í tekju- og fjármálakerfum þjóðarbúsins. Stefnan í peningamálum miðaði að því, að þessa færís yrði neytt, og í framkvæmd sveigðust vaxtamálin að sama marki þrátt fyrir óskir stjórnvalda um vaxtalækkun.

Helstu aðgerðir Seðlabankans í peningamálum á árinu fóru fram í áföngum í maí- og júnímánuðum. Lausafjórhlutfall, sem bönkum og sparissjóðum er gert að uppfylla, hækkaði úr 9% í 12% af ráðstöfunarfé. Bindiskylda innlánsstofnana var hins vegar lækkuð úr 11% í 7% eða um 4% af sama stofni. Af þessari lækkun bindiskyldunnar voru hins vegar 3% vegin upp með samkomulagi við innlánsstofnanir um yfirtöku samsvarandi eldri lána Seðlabankans til ríkissjóðs, alls 3,8 mrð.kr. að meðtöldu 0,4 mrð.kr. nýju lánsfé. Aðhaldsáhrif aðgerðanna takmörkuðust því við 2% af ráðstöfunarfé eða minna, þar sem heimildir til að telja spariskírteini sem lausafé voru rýmkaðar. Þá mun og mótvægi nýju lánanna við losun bindiskyldu fjara út á 10 ára lánstíma þeirra.

Með skilgreiningu ríkisvixla og að hluta til spariskírteina sem lausafjár var fjármögnun lánsfjárþarfar ríkissjóðs auðvelduð mjög. Að því gefnu fólust einna stærstar aðgerðir á fjármagnsmarkaði í útgáfu ríkisverðbréfa eða ríkistryggðra bréfa á markaðshæfum kjörum. Fram til maíloka var sala ríkisvixla langmest, og jókst stofn þeirra um 7,5 mrð. í 13,4 mrð.kr. Á síðasta ársfjórðungi féll stofn þeirra hins vegar í 8 mrð.kr. í árslok, svo að aukning yfir árið varð aðeins 2,1 mrð.kr., en á vegum innlánsstofnana sérstaklega 3,1 mrð. Þá reyndust hækkuð kjör spariskírteina í stórsölu árangursrík, og seldust þau fyrir 5,4 mrð.kr. með þeim hætti, en alls seldust spariskírteini fyrir 7,5 mrð.kr., en útgefin alls fyrir 8,4 mrð.kr. að meðtalinni greiðslu í því formi vegna Útvegsbanka. Aðrar ríkistryggðar stórútgáfur voru skuldabréf Húsnæðisstofnunar til lífeyrissjóða, 10,3 mrð.kr., og húsbref fyrir 5,5 mrð.kr. Þessi miklu umsvif opinberra aðila veittu Seðlabankanum lítið svigrúm til annarra aðgerða á verðbréfamarkaði en að leitast við að jafna út vaxtaþróun og beina vöxtum til jafnvægis.

Vaxtaþróun

Nafnvextir óverðtryggðra lána fóru ört lækkanði með hjaðnandi verðbólgu, einkum framan af árinu, þótt nokkrar tafir yrðu af óvissu um lyktir allra kjarasamninga og þar með verðbólgu. Gerðist þetta í samræmi við yfirlýsingu banka og sparisjóða, útgefna af tilefni heildarsamninganna. Eftir að verðbólga hafði náð lágmarki í 3. fjórðungi og í október og hækkað nokkuð á ný, þokuðust nafnvextir dálítið upp aftur um áramótin. Raunvextir á almennum lánamarkaði tóku hins vegar að þokast nokkuð upp á við eftir verulega lækkun frá 1988. Þannig hækkuðu meðalvextir verðtryggðra skuldabréfalána banka úr 7,4% á 3. fjórðungi 1989 í 8,2% á 4. fjórðungi 1990. Þess ber að gæta, að vextir á verðtryggðum grunni eru lykilvextir á fjármagnsmarkaðnum og viðmiðunarvextir bankavaxta á óverðtryggða sviðinu. Hækkun raunvaxta speglaði vaxandi fjárþörf opinberu kerfanna og áherslu á innlenda fjármögnun. Raunar má einnig túlka umskiptin þannig, að reynt hafi verið á árinu 1989 að þoka raunvöxtum niður á stig, sem ekki varð raunverulegt. Þannig voru almennir spariskírteinvextir 6%, en í áskrift 6,2% árið 1990, en skriður komst ekki á söluna fyrr en með hækkun vaxta í stórsölu í rúm 7% á síðari hluta ársins. Ávöxtun á eftirmarkaði Verðbréfaþings veitir vísbendingu um óhefta vaxtamyndun. Frá meðaltali 1989, 7,4%, komust vextir þar í 6,7% á 1. fjórðungi 1990, en hækkuðu í 7,1% á 3. fjórðungi, og meðaltal ársins var 7%. Um áramótin var reynt að auðvelda aðlögun nafnvaxta að raunvöxtum í bönkunum með lækkun hinna síðargreindu, og varð vöxtum verðtryggðra skuldabréfa innlánsstofnana þannig þokað úr 8,2% niður í 8%.

Próun lánakerfis

Bankakerfið þróaðist ört á árinu í beinu framhaldi þess, sem orðið hefur, frá því að jákvæðir raunvextir komust á með verðtryggingu og vaxtafrelsi. Lengst af árinu jukust innlán örar en útlán, með batnandi lausafjárstöðu og miklum lánum til hins opinbera. Innlán og útgefin verðbréf jukust um 20 mrð.kr. eða 16,1%. Gerðist aukningin öll á fyrstu þrem fjórðungunum, en staðnaði við það mark. Að hluta má skýra þá stöðnun með árstíðasveiflu í ríkisfjármálum og aukningu innflutnings umfram útflutning á síðasta fjórðungi, en tilfærsla sparnaðar yfir í verðbréf, ekki síst af hálfu stórra aðila, virðist einnig eiga hlut að máli. Aukningin varð mest á veltiinnlánum, um 30%, og kemur það í senn heim við batnandi fjárhag fyrirtækja, aukna útgjalda-hneigð og ráðstöfun langtímasparnaðar utan bankanna. Almenn útlán jukust um 17,5 mrð.kr. eða 16% að frátalinni skuldbreytingu við Seðlabanka gagnvart ríkissjóði og þá hlutfallslega jafnt og innlán með verðbréfum. Að meðtalinni aukningu ríkisvixla um 3 mrð., en þeir teljast til lausafjárstöðu, reynist útlánaaukning um 20,5 mrð.kr. eða svolitlu hærri fjárhæð en innlána með verðbréfum. Endurlán drógust saman með minnkandi birgðum og kröfum á útlönd, og á móti þeim erlent lánsfé um 4,5 mrð.kr. Próun innlánsstofnana skilaði hlutfalli innlána og verðbréfa í 40% af landsframleiðslu á árinu, sem næst í það 41% mark, er ríkti á sjöunda áratugnum.

Aðrir þættir fjármagnsmarkaðarins jukust ekki síður en fé innlánsstofnana og sumir mun meira. Þó ber að varast tvítekningar við það, að tiltekið fjármagn birtist í mismunandi myndum á vegum fleiri aðila. Fjárfestingarlánasjóðir juku umsvif sín álíka og bankarnir með 18% aukningu útlána og 20% aukningu heildareigna. Lífeyrissjóðir jukust sem fyrr einna mest, heildareignir um 30 mrð.kr. eða tæp 29% og hlutdeild þeirra í innlendu fjármagni úr 35% í 37%. Verðbréfasjóðir juku umráðafé sitt um 4,4 mrð.kr. eða 47,5%, en eignarleigur drógust eilítið saman. Heildarstærð markaðsverðbréfa komst í 125 mrð.kr. eða 64%, en þar af jukust markaðshæf hlutabréf um 19 mrð. upp í 31 mrð.kr. Aukning markaðsskuldabréfa varð þá um 30 mrð. upp í 94 mrð.kr. eða 46%.

Heildarfjármagn lánakerfisins, án hlutabréfa og milliviðskipta, nam 534 mrð.kr. í árslok 1990 eða um 1,55-faldri fjárhæð landsframleiðslu á sama verðlagi. Aukningin, um 67 mrð.kr. eða 14,3%, féll svo til öll á innlendan sparnað, 63 mrð. eða rúm 21%, en fjárhæð hreins erlends lánsfjármagns hækkaði aðeins um 3,5 mrð.kr. eða 2,1%. Raunaukning peningalegs sparnaðar eða nýr fjársparnaður varð tæpir 38 mrð.kr. eða rúm 11% af landsframleiðslu. Er það rúm tvöföldun frá fyrra ári og mun herra hlutfall en næstu tvö ár á undan, en ekki miklu herra en 1986. Sjálf raunávöxtun fjármagnsins á veru-

legan hlut að aukningunni. Á útlánahlið lánakerfisins urðu þau umskipti í eftirspurn lánsfjár, að heimilin tóku langmest til sín af aukningunni, nær 42 mrð.kr. eða 30% af fyrri skuld. Hlutfallslega komu ríkið og stofnanir þess næst með 10,7 mrð. eða 16,3% aukningu. Eftirspurn atvinnuveganna var hins vegar í kyrrstöðu með 12,9 mrð.kr. eða 5,2% aukningu, sem tæpast svarar meiru en þeirri verðuppfærslu, sem í tölunum er fólgin. Aukning húsnæðislánveitinga á verulegan þátt í þessari framvindu. Kyrrstaða í lánsfjáreftirspurn atvinnuvega skýrist að miklu leyti af fjárhagslegri aðlögun eftir erfiðleikaárin, en e.t.v. að nokkru af raunvöxtunum. Opinberir aðilar fylla upp í það skarð án þess beinlínis að ryðja atvinnuvegunum úr vegi, nema að því leyti sem ríkisvaldið hefur ýtt undir mikla aukningu húsnæðisfjármögnunar umfram húsbyggingar.

Staðan út á við

Staða þjóðarþúsins út á við er metin annars vegar sem einhliða staða langra, erlendra lána og hins vegar sem hrein skuldastaða að meðtöldum skammtímakröfum á báða bóga, hvort um sig sem hlutfall af vergri landsframleiðslu. Staðan breytist í meginráttum annars vegar með breytingum á lánastofni, þ.e. lántökum umfram afborganir, sem einkum leiðir af viðskiptajöfnuði hvers árs, hins vegar og oft í mun stærri skrefum af völdum endurmats með gengis- og verðlagsbreytingum, ásamt mismiklum hagvexti.


Enda þótt viðskiptahalli hafi aukist í 9,2 mrð.kr. eða 2,7% af landsframleiðslu, er vert að hafa í huga, að innflutningur flugvéla og skipa var mjög mikill svo sem var einnig næstu tvö ár á undan. Ennfremur má líta til þess, að verðrýrnun erlendra skulda á alþjóðlegan verðlagskvarða hafi numið allt að tveim þriðju hlutum hallans, en vaxtaþyrðin nam rúmum 11% af útflutningstekjum eða 4,3% af VLF og er öll talin til útgjalda í greiðslujöfnuði.

Einkum af völdum áðurgreinds endurmats hækkaði hlutfall langra erlendra lána af landsframleiðslu verulega 1989. Í stað þess að byrja að lækka hækkaði það í hámarkið, 52,8% 1990, samanborið við 51,1% árið áður og 1985. Þar á móti var grynnt talsvert á stuttum skuldum og gjaldeyrisstaðan bætt, svo að hrein skuldastaða varð 47,8% af VLF, lítið eitt lægri en árið áður, 48,1%, og verulega lægri en 52,8% á metárinu 1985. Gjaldyrisstaða Seðlabankans, sem er hrein niðurstaða gjaldyrisviðskiptanna, var stöðug og styrk yfir árið og hækkaði um 4,1 mrð.kr. í 23,5 mrð.kr. í árslok. Hækkunin stafaði af lántöku í árslok og reyndist tímabundin.

II. FRAMLEIÐSLA, TEKJUR, GENGI OG VERÐLAG

Með árinu 1990 virðist hafa lokið þriðja eða fjórða mesta samdráttarskeiði í sögu Lýðveldisins. Verðbólgan komst í fyrsta sinn um nær tveggja áratuga skeið á svipað stig og í viðskiptalöndunum. Jafnframt voru mikilvæg skref stigin í átt til aukins frjálsræðis í viðskiptum við útlönd. Árið einkenndist af auknum stöðugleika í verðlags- og launamálum og einnig í gengismálum og ríkisfjármálum. Kjarasamningarnir, sem gerðir voru í febrúar 1990, hafa verið sem rammi utan um þann stöðugleika, sem náðst hefur, þótt stundum hafi hrikt í.

Hvað varðar ytri skilyrði þjóðarbúsins, hefur skipst í tvö horn. Útflutningsverð sjávarafurða var óvenju hátt á sama tíma og bolfiskaflinn dróst verulega saman annað árið í röð. Álverð fór hækkandi framán af ári, en lækkaði aftur seinni hluta árs. Verð kísiljárns féll mikið á árinu. Aðrar útflutningsgreinar s.s. skinna- og ullariðnaður og fiskeldi búa einnig við afar erfið skilyrði eins og undanfarin tvö ár. Olíuverð hækkaði einnig síðari hluta árs í kjölfar Persaflóadeilunnar, og hjó sú verðhækkun veruleg skörð í þann bata, sem varð af hækkun afurðaverðs. Í ljósi þess, hve efnahagsbatinn er háður óvenju háu verðlagi sjávarafurða, er óvíst, hve varanlegur hann verður. Þó er almennt talið, að horfur í verðlagsmálum sjávarafurða séu nokkuð góðar.




Þjóðarframleiðsla og tekjur

Áætlað er, að árið 1990 hafi verg landsframleiðsla og þjóðarframleiðsla nánast staðið í stað frá fyrra ári. Vegna batnandi viðskiptakjara á árinu er þó búist við, að þjóðartekjur hafi jafnvel aukist lítillega.


Tafla II.1. Hagvöxtur.
(Árlegar breytingar í %)

	1951-60	1961-70	1971-80	1981-90	1988	1989	1990
Landsframleiðsla ...	4,6	4,4	6,3	2,1	-0,8	-2,9	0,0
Þjóðarframleiðsla ...	4,6	4,3	6,1	1,9	-1,2	-3,2	0,0
Þjóðartekjur	4,7	5,5	6,1	2,2	-1,2	-0,5	-
Þjóðarframl. á mann	2,5	2,7	4,9	0,8	-2,8	-4,3	-0,8
Þjóðartekjur á mann	2,7	3,8	5,0	1,1	-2,8	-5,0	-1,4



Samanlagður samdráttur landsframleiðslu árána 1988 – 90 var um 3,7%, þjóðarframleiðslu um 4,5% og þjóðartekna um 5,5%. Miðað við áætlanir Þjóðhagsstofnunar er þess vart að vænta, að raungildi landsframleiðslunnar árið 1987 verði náð fyrr en árið 1992. Samdráttur árána 1988-89 var svipaður og 1983, heldur minni, sé miðað við lands- eða þjóðarframleiðslu, en meiri, sé miðað við þjóðartekjur. Eins og áður hófst samdráttarskeiðið, sem nú er að ljúka, með samdrætti í útflutningi. Það er þó eftirtektarvert, að samdrátturinn í útflutningi árið 1988 var mun minni en áður, þegar áþekkur samdráttur landsframleiðslu hefur orðið. Árið 1971 varð öllu meiri minnkun útflutnings, án þess að af hlytist almennur samdráttur. Snarpan samdrátt síðustu ára virðist því að mestu mega rekja til fyrri ofpenslu. Öllum fyrri samdráttarskeiðum lauk með mikilli aukningu útflutningstekna. Slík uppsveifla virðist hins vegar ekki í augnsýn nú þrátt fyrir verulega hækkað útflutningsverðlag sjávarafurða, enda hefur aflsamdráttur vegið þar á móti.

Verðmætaráðstöfun þjóðarþúsins




Bráðabirgðatölur Þjóðhagsstofnunar benda til þess, að mest umskipti hafi orðið í fjárfestingu. Fjármunamyndun jókst að magni um 4,5% frá 1989, en endurskoðuð áætlun fyrir 1989 bendir til, að 8,5% samdráttur hafi orðið á því ári. Alls nemur samdráttur árána 1988 og 1989 því um 9,7%. Einkaneyslan var óbreytt að raungildi, og samneyslan jókst aðeins um 1,7%, sem er mun minna en undanfarin ár. Í nær fjóra áratugi hefur samneyslan aðeins einu sinni aukist minna, en það var árið 1984. Árin 1950-51 varð hins vegar samdráttur í samneyslunni tvö ár í röð. Meðalvöxtur samneyslunnar undanfarna tvo áratugi er um 5,7%. Áætlað er, að þjóðarútgjöld í heild hafi aukist um 1,7% að magni frá 1989.

Tafla II.2. Verðmætaráðstöfun.

	1951-60	1961-70	1971-80	1981-90	1988	1989	1990
Einkaneysla	3,6	5,5	6,0	2,4	-4,0	-8,0	0,0
Samneysla	5,3	6,5	7,0	4,6	4,2	2,4	1,7
Fjármunamyndun	8,6	2,9	7,6	0,9	-1,3	-8,5	4,5
Verðmætaráðstöfun	4,6	5,2	6,7	2,3	-1,0	-7,1	1,0

Fjármunamyndun atvinnuveganna 1990 jókst um 12% að raunvirði frá árinu áður. Sú aukning stafar þó langmest af miklum flugvéla-kaupum Flugleiða. Fjárfesting í flutningatækjum meira en tvöfaldaðist frá fyrra ári og var í heild um 9,2 mrð. kr. eða um 30% af heildarfjármunamyndun atvinnuveganna. Ef fjárfesting í flutningatækjum er undanskilin, var um 6,2% samdráttur að ræða. Að flutningatækjum undanskildum jókst fjárfesting mest í álframleiðslu (87,1%), í




vinnslu sjávarafurða (39,8%) og ýmsum vélum og tækjum. Mikill samdráttur varð í fjármunamyndun í fiskveiðum annað árið í röð. Fjárfesting í fiskveiðum árið 1990 nam aðeins tæpum fjórðungi frá því, sem var 1988, enda þá með mesta móti. Í landbúnaði hefur fjárfesting dregist saman fjögur ár í röð, samtals um meira en helming. Árið 1990 var samdráttur í fjármunamyndum landbúnaðar tæp 30%. Fjárfesting í byggingum og mannvirkjum hins opinbera dróst saman um 3% að raungildi. Mestur samdráttur varð í hita- og vatnsveitum (34,9%), en samdráttur varð einnig á sviði samgöngumannvirkja og bygginga á vegum hins opinbera. Fjárfesting á sviði rafvirkjana og rafveitna jókst hins vegar um meira en þriðjung, sem er svipuð aukning og árin tvö næst á undan. Að raunvirði var fjárfesting á þessu sviði svipuð og 1984, en þó minni en árin þar á undan. Sem hlutfall af VPF nam fjármunamyndunin í heild um 20,5%, sem er heldur hærra hlutfall en tvö undanfarin ár og árið 1986, en lægra en meðaltal síðustu áratuga. Hæst var hlutfallið að meðaltali á 8. áratugnum, enda stóð þá yfir mikil stækkun á fiskveiðiflota landsmanna, auk þess sem mikil umsvif voru við virkjanaframkvæmdir og talsvert aukin fjárfesting í íbúðarhúsnæði. Árin 1973-75 skera sig nokkuð úr, en þau ár fór hlutfallið yfir 30%. Síðan hefur það farið lækkandi.

Tafla II.3. Verðmætaráðstöfun sem hlutfall af þjóðarframleiðslu.

	1951-60	1961-70	1971-80	1981-90	1988	1989	1990
Einkaneysla	69,7	62,8	59,2	63,6	62,1	62,4	63,0
Samneysla	9,0	11,7	16,0	18,3	18,6	19,9	19,8
Fjármunamyndun ..	23,8	26,8	28,2	21,6	18,9	19,6	20,6
Verðmætaráðstöfun	103,1	101,3	104,0	103,6	100,4	101,6	102,9
Þjóðhagsl. sparnaður	21,4	25,6	24,8	18,1	16,0	17,7	17,2

Hugtakið þjóðhagslegur sparnaður, sem er skilgreint sem fjárfesting (þ.e. fjármunamyndun og birgðabreytingar) að viðbættum viðskiptajöfnuði, gefur nokkra hugmynd um þátt innlends sparnaðar og erlendar skuldasöfnunar í fjármunamyndun. Sé litið yfir farinn veg, kemur í ljós, að hlutfall þjóðhagslegs sparnaðar af VPF jókst fljótlega eftir síðari heimsstyrjöld, einkum árin 1951-55. Hæst verður hlutfallið að meðaltali á sjöunda áratugnum, rúmlega 25%. Undanfarinn áratug hefur hlutfall þjóðhagslegs sparnaðar lækkað mikið frá meðaltali fyrri ára og má segja, að þáttaskil hafi orðið í byrjun síðastliðins áratugar. Þá lýkur tímасkeiði offjárfestingar, sem var að verulegu leyti fjármögnuð af þeim verðbólguhagnaði, sem féll lántakendum í skaut. Síðastliðinn áratug var hlutfall þjóðhagslegs sparnaðar um 18,1% og 17,7% árin 1989 og 1990. Hlutfall þjóð-

Framleiðsla og hagur atvinnuvega



hagslegs sparnaðar af heildarfjármunamyndun var hæst á 7. áratugnum eða rúm 95% þrátt fyrir mjög lágt hlutfall 1967–68. Á áttunda áratugnum er þetta hlutfall að meðaltali um 88%, en fellur niður í um 84% á þeim níunda. Árið 1990 var hlutfallið 86,2% og tæp 90% ári fyrr. Ef viðskiptajöfnuðurinn er leiðréttur fyrir erlendri verðbólgu og þar með rýrnun skuldastofnsins, fást niðurstöður, sem sýna þjóðhagslegan sparnað að jafnaði 1–2% hagstæðari síðasta áratug en án slíkrar leiðréttingar.

Vegna hækkandi afurðaverðs fór hagur sjávarútvegsgreinanna heldur batnandi á árinu þrátt fyrir samdrátt í afla annað árið í röð. Heildarafli á föstu verði dróst saman um 2% frá árinu 1989 og um 2,2%, ef loðnuafllinn er undanskilinn. Áætlað meðalverðlag sjávarafurða hækkaði um tæp 12% í erlendri mynt (SDR) frá 1989 og um rúm 20% yfir árið miðað við tímabilið des. 1989 til des. 1990. Samkvæmt stöðumati Þjóðhagsstofnunar frá því í október 1990 var sameiginleg afkoma veiða og vinnsla talin vera jákvæð um 3,2% af tekjum. Á árinu 1989 var hún hins vegar talin neikvæð um 2,2%. Mestur hefur batinn orðið hjá veiðunum, en þar var hreinn hagnaður sem hlutfall af tekjum jákvæður um u.þ.b. 5%. Best var afkoma frystiskipa, en hún var metin jákvæð um 11,5%. Skuldir sjávarútvegsins við lánakerfið námu um 67 milljörðum í árslok 1990. Miðað við lánskjaravísitölu hefur fjárhæðin lækkað um tæp 9% að raungildi frá sama tíma árið áður. Það er því ljóst, að hluti batans hefur verið notaður til þess að greiða niður skuldir, auk þess sem fast gengi og lækkun Bandaríkjadóllars hafa dregið úr uppfærslu skulda. Sem hlutfall af eignum batnaði skuldastaðan við lánakerfið í heild úr 57,1% 1989 í 55,5% 1990. Árið 1987, í lok þensluskeiðsins, var þetta hlutfall 46,1%. Í heild er gert ráð fyrir, að hlutfall skulda af eignum hafi lítið breyst milli 1989 og 1990, en eiginfjárstaða sé um 3% betri í lok árs 1990 en hún var í lok árs 1988.


Auk mikillar hækkunar á verðlagi sjávarafurða stuðlaði lækkun raunlauna að bætum rekstrarskilyrðum í sjávarútvegi og annars staðar. Miðað við launavísitölu Hagstofu og vísitölu framfærslukostnaðar lækkuðu raunlaun á árinu 1990 um tæp 5% frá árinu áður. Niðurstöður úrtaks úr ársreikningum fyrirtækja árin 1988–1989, sem unnið hefur verið af Þjóðhagsstofnun, bendir til, að milli árunna 1988 og 1989 hafi hlutfall hagnaðar af reglulegri starfsemi hækkað u.þ.b. sem nemur lækkun launahlutfallsins. Launahlutfallið lækkaði úr 24,9% 1988 í 23,6% 1989. Búast má við, að launahlutfallið hafi enn lækkað á síðasta ári.

Aðrar útflutningsgreinar en sjávarútvegur hafa ekki búið við jafnhagstætt afurðaverð. Mikil verðlækkun varð á kísiljárnri á árinu.

Verðlag á áli fór hækkandi framan af ári, en lækkaði aftur álíka mikið síðla árs. Afurðir sýtunar og skinnavinnslu hækkuðu einnig frá fyrra ári, en ullarvinnslan hefur búið við mikla erfiðleika.

Samkvæmt bráðabirgðatölum hefur mestur framleiðslusamdráttur orðið í fiskveiðum og fiskvinnslu. Nokkur samdráttur hefur einnig orðið í landbúnaðarframleiðslu og verslun. Heildarsamdráttur landbúnaðarframleiðslunnar frá 1987 nemur líklega nálægt 15%, og samdráttur í verslun er litlu minni. Iðnaðarframleiðsla, framleiðsla byggingariðnaðar og önnur starfsemi hefur lítið breyst.

Vísitölu samkeppnisstöðu er ætlað að varpa ljósi á afkomu atvinnuveganna miðað við ytri skilyrði þeirra, þótt endanleg uppgjör liggja ekki fyrir. Um er að ræða vegin hlutföll vísitalna afurða- og aðfangaverðs. Með því að fylgjast með breytingum frá ákveðnu grunnári má fá hugmynd um vergan rekstrarafgang miðað við fyrri ár. Þessi vísitala hefur að jafnaði ekki tekið tillit til fjármagnskostnaðar, enda er mat á raunvaxtakostnaði fyrirtækja afar vandmeðfarið. Þó hefur verið reynt að leiðrétta vísitöluna í heild með tilliti til fjármagnskostnaðar. Að teknu tilliti til fjármagnskostnaðar verður staðan að jafnaði 4–7% lakari hin síðari ár en án hans.




Samkeppnisstaða sjávarútvegs hefur batnað talsvert frá árinu 1989, og sýnir vísitalan 7,3% hækkun milli árána þrátt fyrir stórhækkað olúuverð síðari hluta ársins. Miðað við grunnárið 1979 er staðan þó ekki jafngóð og fyrr var áætlað, þar eð verðlag sjávarafurða reyndist ofmetið árið 1989. Enn hallar undan fæti hjá öðrum útflutningsgreinum, nú vegna mikils verðfalls á kísiljárni. Hefur kísiljárnframleiðslan dregist verulega saman af þeim sökum. Lækkun vísitölu samkeppnisstöðu útflutningsíðnaðar milli árána 1989 og 1990 er um 27,8%.

Vísitala samkeppnisstöðu útflutningsgreina nær ekki til álframleiðslu, en kísiljárnsframleiðsla vegur þar um helming. Upplýsingar um samkeppnisstöðu samkeppnisiðnaðar, þ.e. iðngreina, sem eru fyrst og fremst í samkeppni við innflutning, en flytja ekki út í verulegum mæli, eru fremur ótraustar, þar sem beinar upplýsingar um afurðaverð skortir. Þess í stað er stuðst við áætlað verðlag innfluttrar neysluvöru, en það er helst slíkur innflutningur, sem veitir þessum greinum samkeppni. Að gefnum þessum fyrirvörum má fullyrða, að samkeppnisiðnaðurinn hafi búið við talsvert betri ytri skilyrði 1990 en árið áður. Vísitala samkeppnisstöðu samkeppnisiðnaðar hefur hækkað um 4,2% milli 1989 og 1990. Það eru einkum lækkun raunlauna og gengislækkunar ársins 1989, sem stuðla að þessari hækkun. Vísitalan hefur þó lækkað talsvert frá 1. ársfjórðungi 1990, enda hefur innflutningsverð neysluvöru hækkað fremur lítið á árinu 1990, ef marka má þær áætlanir um þróun innflutningsverðs neysluvöru, sem til eru. Þó er rétt að benda á, að verðlag innfluttrar neysluvöru eins og framfærsluvísitala mælir það hefur hækkað mun meira en innflutningsskýrslur gefa til kynna, sem kynni að vera vísbending um vanmat á batanum.

Raungengi

Raungengi krónunnar er almennari, en um leið ónákvæmari mælikvarði á samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja gagnvart erlendum keppinautum. Hækki verðlag eða laun á Íslandi, mælt í sömu mynt, umfram það, sem gerist í viðskiptalöndunum, versnar staða íslenskra fyrirtækja gagnvart keppinautum erlendis. Meðalgengi krónu gagnvart erlendum gjaldmiðlum var haldið stöðugu á árinu.

Þróun raungengis, þ.e. hlutfalls verðlags eða launakostnaðar á Íslandi og í viðskiptalöndunum, endurspeglar því fyrst og fremst mismunandi verðlags- og launaþróun hér á landi og í viðskiptalöndunum. Undanfarna tvo áratugi hafa verðlags- og launabreytingar verið langt umfram það, sem gerist í helstu viðskiptalöndum. Við slík skilyrði hækkar raungengi krónunnar afar ört og óhagfelld innlend kostnaðarþróun grefur undan samkeppnisskilyrðum íslenskra útflutningsgreina, sé gengi haldið föstu, og halli myndast á viðskiptajöfnuði. Það má því segja, að sambærileg verðlags- og launaþróun og í helstu viðskiptalöndum sé forsenda trúverðugrar fastgengisstefnu. Gengisfesta getur á hinn bóginn verið einn af hornsteinum stöðugleika í verðlagsmálum. Í fyrsta sinn í nær tvo áratugi er verðbólga á Íslandi nú á svipuðu róli og í helstu viðskiptalöndunum. Hjöðnun innlestrar verðbólgu varðar þar mestu, en meiri verðbólga í sumum viðskiptalandanna, einkum Bretlandi og Svíþjóð, en undanfarin ár átti þar einnig hlut að máli. Það urðu því fremur litlar breytingar á raungengi á árinu. Raungengi hækkaði nokkuð um miðbik ársins, en



útlit er fyrir, að það hafi hjaðnað heldur á ný milli þriðja og fjórða ársfjórðungs. Í heild var raungengi á mælikvarða verðlags rúmum 2% lægra á árinu 1990 en árið áður, en um 11% lægra á mælikvarða launa. Frá 1988 til meðaltals 1990 hefur raungengi á verðlagskvarða lækkað um rúm 10%, en um tæp 20% á launakvarða.

Tafla II.4. Raungengi krónunnar.
1980=100


	Hlutfallslegt verðlag		Hlutfallslegur launakostnaður	
	vísitala	breyting ¹⁾	vísitala	breyting ¹⁾
1981	104,3	4,3%	106,6	6,6%
1982	95,8	-8,1%	102,1	-4,2%
1983	90,2	-5,8%	85,5	-16,3%
1984	94,6	4,9%	85,4	-0,1%
1985	93,1	-1,6%	86,9	1,8%
1986	94,9	1,9%	87,9	1,2%
1987	104,0	9,6%	109,3	24,3%
1988	109,3	5,1%	118,1	8,1%
1989	100,5	-8,1%	106,7	-9,7%
1990	98,4	-2,1%	94,9	-11,1%
Ársfjórðungstölur				
1989 I.	102,1	-4,1%	111,5	-5,6%
1989 II.	103,1	1,0%	111,0	-0,4%
1989 III.	99,5	-3,5%	103,0	-7,2%
1989 IV.	97,4	-2,1%	101,3	-1,7%
1990 I.	97,4	0,0%	94,4	-6,8%
1990 II.	97,8	0,4%	94,3	-0,1%
1990 III.	99,7	1,9%	96,2	2,0%
1990 IV.	98,8	-0,9%	94,8	-1,5%

1) Breyting frá fyrra ári eða ársfjórðungi.

Byggt á ársfjórðungslegum upplýsingum um verðlag (framfærslukostnað), laun, atvinnu og framleiðslu í 15 viðskiptalöndum Íslands.

Þótt raungengi krónunnar hafi haldist nokkuð stöðugt að meðaltali, hafa orðið verulegar sveiflur gagnvart einstökum gjaldmiðlum. Ef borin eru saman meðaltöl desembermánaða 1989 og 1990, kemur í ljós, að raungengi krónu hefur hækkað um 13,7% miðað við Bandaríkjadollar, en fallið um 8,5% miðað við pund. Raungengi krónu hefur einnig fallið töluvert gagnvart sænskri krónu (2,8%), svissneskum franka (6,6%) og portúgölskum escudo (8,3%), en hækkað gagnvart yeni (8,1%). Gengi yensins hefur þó sveiflast nokkuð á árinu og var hæst um miðbik ársins. Gagnvart þýsku marki breyttist raungengi krónunnar lítið.

Frá upphafi til loka árs féll nafngengi Bandaríkjadollars gagnvart krónu um 9,5%, á meðan sterlingspundið hækkaði um 8,3%. Gengi



Bandaríkjadollars hefur ekki staðið lægra á alþjóðamörkuðum frá stríðslokum. Þessi hnignun dollars hefur staðið yfir með litlum hléum frá árinu 1985, er gengi hans náði hámarki. Svo miklar og langvarandi breytingar á afstöðu gengis erlendra gjaldmiðla sem þessar kalla óhjákvæmilega á aðlögun í viðskiptum. Lækki raungengi krónu gagnvart ákveðnu gjaldmiðilssvæði, svo sem nú hefur gerst hvað varðar Bretland, verður útflutningur til svæðisins hagkvæmari og innflutningur frá því óhagkvæmari. Hið gagnstæða á við, ef raungengi krónu hækkar gagnvart gjaldmiðilssvæði. Lágt gengi Bandaríkjadollars grefur undan samkeppnisstöðu íslenskra útflutningsatvinnuvega í Bandaríkjunum, en bætir samkeppnisstöðu bandarískrar vöru og þjónustu gagnvart íslenskum sem öðrum erlendum keppinautum.

Tafla II.5. Gengi erlendra gjaldmiðla gagnvart krónu.

	Kaupgengi í árslok		Breytingar (%) 1990	
	1989	1990	Milli ára	Yfir árið
Bandaríkjadollar	61,090	55,301	1,9	-9,5
Sterlingspund	97,912	106,085	11,3	8,3
Dönsk króna	9,268	9,520	20,5	2,7
Norsk króna	9,260	9,360	12,7	1,1
Sænsk króna	9,828	9,789	11,1	-0,4
Finnskt mark	15,075	15,193	14,4	0,8
Franskur franki	10,547	10,831	19,5	2,7
Þýskt mark	36,057	36,775	18,6	2,0
Japanskt yen	0,426	0,408	-2,3	-4,2
SDR	80,333	78,497	8,0	-2,3
ECU	72,621	75,443	8,0	3,9
Meðalverð erl. gjaldmiðla			11,4	0

Kaup og kjör

Í febrúar 1990 tókust kjarasamningar milli ASÍ og VSÍ, sem í daglegu tali hafa verið kenndir við Þjóðarsátt. Þeir höfðu það að markmiði að halda nær óbreyttum kaupmætti á árinu 1990, en ná fram nokkurri kaupmáttaraukningu 1991. Kjarasamningarnir fólu í sér u.þ.b. 10,4% hækkun dagvinnulauna á samningstímanum, þar af um 5,6% á árinu 1990. Kjarasamningar annarra aðila vinnumarkaðarins voru á líkum nótum. Í samkomulaginu var kveðið á um endurskoðun á launatöxtum, ef verðlag hækkar, þjóðarframleiðsla eykst eða viðskiptakjör batna umfram ákveðin mörk. Viðmiðunarmörk verðlags voru sett í maí, september og nóvember 1990 og í maí 1991. Þessi viðmiðunarmörk hafa að mestu staðist, þótt framfærsluvísitalan hafi hækkað lítillega umfram viðmiðunarmörk í september og nóvember. Launahækkunar umfram fastar hækkunar samkvæmt kjarasamningi námu því um 0,8% á árinu 1990. Viðskiptakjör bötnuðu einnig verulega á árinu, en ekki kom til sérstakrar hækkunar af þeim sökum á árinu 1990. Sérstök bókun var þó gerð við endurskoðun kjarasamninga í nóvember af hálfu BSRB, þar sem sú krafa var sett fram, að launafólk fengi hlutdeild í viðskiptakjarabatanum. Laun hækkuðu því um 0,3% umfram fasta hækkun kjarasamninga 1. mars 1991.

Flest önnur launþegasamtök sigldu í kjölfar ASÍ/VSÍ-samninganna og gerðu áþekka samninga. Laun sjómanna eru nokkuð sér á báti vegna hlutaskipta, en þar fyrir utan var BHMR einu stóru launþegasamtökin, sem upphaflega stóðu utan samflotsins, en BHMR hafði gert samning í maí 1989, sem fól í sér verulegar launahækkunar umfram hækkunar til annarra launþega. Ríkisstjórnin taldi nauðsynlegt að gera breytingar á þeim samningi, sem hún hafði gert áður við BHMR með bráðabirgðalögum frá 3. ágúst 1990, sem hafa síðan verið staðfest af Alþingi.

Atvinnuleysi hefur verið meira undanfarin tvö ár en um langt skeið. Atvinnuleysi er að jafnaði mest í janúarmánuði. Í janúar 1990 komst atvinnuleysi upp í 3,2% af heildarmannafla. Meðalatvinnuleysi á árinu 1990 var 1,7% eða svipað og árið áður. Eftirspurn eftir vinnuafli jókst nokkuð á árinu samkvæmt niðurstöðum atvinnukönnunar Þjóðhagsstofnunar. Þó hefur ekki orðið vart við launaskrið vegna þess.

Samkvæmt upplýsingum Kjararannsóknarnefndar var kaupmáttur heildarlauna á þriðja ársfjórðungi 1990 um 21,6% lægri en þegar hann var mestur á fjórða ársfjórðungi 1987. Þessi kaupmáttarskerðing átti sér að mestu leyti stað á árunum 1988 og 1989, þó hefur kaupmáttur einnig heldur rýrnað fram á árið 1990 mælt á þennan mælikvarða. Miðað við launavísitölu Hagstofu Íslands var kaupmáttar-

skerðingin yfir árið 0,7% mælt frá jan. 1990 til jan. 1991, en 3,2 % miðað við desembermánuð á undan. Eins og nú horfir verður kaupmáttur miðað við launavísitölu u.þ.b. 2–3% hærri, þegar samningar renna út í september 1991, en við gerð þeirra í febrúar 1990.

Miðað við ársmeðaltöl rýrnaði kaupmáttur atvinnutekna um rúm 4% á hvert ársverk. Ætla má, að heildarskattheimta hafi aukist um nærfellt 16% milli ára, en landsframleiðsla um tæp 14%. Skattbyrði sem hlutfall af landsframleiðslu hefur því aukist nokkuð. Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann minnkaði um ein 5% og ætla má, að rýrnun kaupmáttar greidds tímakaups sé nálægt 6% milli áranna, þótt endanlegar tölur liggi ekki fyrir. Heildarrýrnun kaupmáttar ráðstöfunartekna á mann er um 17,6% frá 1987, og kaupmáttur greidds tímakaups hefur rýrnað lítið eitt minna frá 1988. Þjóðartekjur á ársverk minnkuðu um 1%.

Árin 1988 og 1989 fækkaði ársverkum um u.þ.b. 5%, á meðan mannfjöldi óx um 2,8%. Samdráttur þjóðartekna verður því minni miðað við hvert ársverk en á mann. Árið 1988 aukast reyndar þjóðartekjur á hvert ársverk um 1,8%, en dragast saman um 2,6% á mann. Árin 1981–1987 var þessu öfugt farið. Af þessu má draga þá ályktun, að talsverð hagræðing hafi átt sér stað árin 1988 og 1989. Árið 1990 er samdráttur þessara stærða áþekkur.

Tafla II.6. Tekjuþróun.


1980=100

	1980-89	1980-85	1986	1987	1988	1989	1990 ⁴⁾
Kaupmáttur greidds tímakaups ¹⁾	96,7	92,5	90,7	108,2	110,0	103,2	97,1
Kaupmáttur atvinnutekna á ársverk ²⁾	92,2	89,6	87,0	100,2	101,5	95,9	91,9
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann ³⁾ ..	105,2	97,9	105,3	127,2	122,0	110,3	104,8
Þjóðartekjur á ársverk	100,5	97,4	101,2	105,9	107,9	106,0	104,9

- 1) Miðað er við upplýsingar frá Kjararannsókarnefnd og breytingar á framfærsluvísitölu.
- 2) Miðað er við breytingar á verðvísitölu einkaneyslu. Upplýsingar um árin 1989 til 1990 eru til bráðabirgða.
- 3) Þ.e. heildartekjur á mann að frádregnum sköttum. Kaupmáttur miðast við framfærslukostnað.
- 4) Áætlað. Kaupmáttur greidds tímakaups fyrir 4. ársfjórðung liggur ekki fyrir og er hér einungis lauslega áætlaður.

Verðlag

Sem fyrr segir hefur verðbólga ekki mælst minni í nær tvo áratugi. Hækkun framfærsluvísitölu var 7,3% yfir árið 1990 miðað við janúarvísitölu. Minni hækkun yfir tólf mánaða tímabil hefur ekki mælst



síðan í apríl 1972. Hækkun milli ársmeðaltala var þó um 14,8%, enda gætir þar hækkana síðari hluta árs 1989. Fyrri helming ársins hækkaði framfærsluvísitalan um rúm 5%, en um rúm 2% seinni helminginn. Hækkun byggingarvísitölu var svipuð yfir árið eða 7,2% miðað við janúar, og lánskjaravísitala hækkaði um 7,0% á sama tíma. Miðað er við útreikningstíma byggingar- og lánskjaravísitölu, sem er mánuði á undan formlegum gildistíma vísitölnnar. Sem kunnugt er var grundvelli útreiknings lánskjaravísitölu breytt í febrúar 1989. Í desember 1990 var nýja lánskjaravísitalan 4,4% lægri en sú gamla hefði verið. Bilið mun væntanlega minnka á ný á árinu 1991. Athygli vekur, að innfluttar vörur hafa hækkað mun meira en innlendar eða um 9,5% á móti 3,6% miðað við janúarvísitölur. Fyrir þessu geta legið margar ástæður. Opinber verðlagsafskipti (t.d. í tengslum við búvörur, opinbera þjónustu og með niðurfellingu virðisaukaskatts af bókum) hafa hamlað gegn innlendum hækkunum. Á sama tíma hefur erlend verðbólga aukist nokkuð, og átökin fyrir botni Persaflóa leiddu til tíma-bundinnar hækkunar olíuverðs. Einnig verður að hafa í huga, að vísitölur, sem byggja á neylusamsetningu ákveðins grunnárs, fela í sér innbyggða skekkju vegna þess, að ekki er tekið tillit til þess, að neytendur geta brugðist við hækkun á verði ákveðinna vörutegunda með því að draga úr neyslu. Mikið misræmi í gengis- og verðlagsþróun, líkt og var á seinasta ári, getur því leitt til ofmats á verðhækkunum. Hækkun álagningar á innfluttar vörur er önnur hugsanleg skýring.


Tafla II.7. Verðbólgustig.

4 mán. miðsett hækkun framfærslukostnaðar á ársgrundvelli í %

	1986	1987	1988	1989	1990
Janúar	21,1	20,1	24,8	19,6	23,7
Febrúar	14,2	21,8	22,8	27,1	23,9
Mars	9,6	18,0	15,9	28,1	21,7
Apríl	4,4	19,9	24,9	34,0	19,3
Maí	10,7	20,8	34,6	26,3	18,1
Júní	12,4	24,8	37,5	23,1	15,5
Júlí	10,7	24,5	33,1	23,2	15,5
Ágúst	10,0	23,3	21,7	19,8	14,2
September	15,3	28,7	10,1	22,6	12,0
Oktober	14,5	26,8	3,9	25,5	10,1
Nóvember	18,5	36,5	7,3	20,0	9,2
Desember	22,1	33,3	10,7	18,5	7,2
<i>Meðaltalshækkun á milli ára</i>					
Framfærsluvísitala	21,3	18,8	25,5	21,1	14,8
Byggingarvísitala	24,5	17,6	17,9	22,2	19,4
Lánskjaravísitala	24,6	17,4	23,4	18,4	15,4
<i>Hækkun yfir árið janúar-janúar</i>					
Framfærsluvísitala	12,8	26,1	18,3	23,7	7,3
Byggingarvísitala	17,1	16,2	20,6	27,3	7,2
Lánskjaravísitala	14,7	22,2	19,1	21,6	7,1

Ástæður þess, að verðbólga hefur farið lökkandi síðastliðið ár, eru nokkrar. Litlar launahækkanir og fast gengi eru hinar augljósu ástæður. Þó ber að hafa í huga, að samningar um kaup og kjör eru ekki óháðir efnahagslegum skilyrðum. Á tímum almennrar þenslu veldur launaskrið til einstakra hópa oft þungum þrýstingi á almennar launakröfur. Það má því segja, að minnkandi vinnuafleiftirspurn, sem varð árin 1988 og 1989 samfara efnahagslegum samdrætti, hafi skapað hagstæð skilyrði til þess að draga úr verðbólgu.

Fleira þarf þó til. Ef verðlag á að geta haldist stöðugt, þarf að koma í veg fyrir peningalega þenslu. Ein helsta uppspretta slíkrar þenslu er fjármögnun Seðlabanka á halla ríkissjóðs eða fjármögnun ríkishallans með erlendum lántökum. Á árinu 1990 urðu þáttaskil, hvað varðar innlenda fjármögnun á halla ríkissjóðs án þátttöku Seðlabanka. Mikil sala ríkisskuldabréfa til viðskiptabankanna hefur hins vegar stuðlað að háum vöxtum. Háir vextir stuðla að minni verðbólgu til langframa, vegna þess að þeir draga úr arðsemi fjárfestingar og lánsfjáreftirspurn til fjármögnunar neyslu og þar með eftirspurn eftir vinnuafli og launaskriði. Háir raunvextir geta hins vegar haft þær langtímahliðarverkanir að draga úr hagvexti og þar með vexti þeirra tekjustofna, sem ríkissjóður þarf til að mæta auknum útgjöldum á komandi árum. Svo mikil sókn opinberra aðila á innlendan lána-markað sem verið hefur undanfarið er því vart æskileg til langframa og var eingöngu möguleg 1990 vegna lítillar eftirspurnar annarra. Vöxtur peningamagns var þó tölvvert umfram verðbólgu á árinu 1990, einkum í þrengsta skilningi (M1), sem er ákveðið hættumerki, þótt hagrannsóknir bendi ekki til, að skammtímasamband peningamagns og verðbreytinga sé sterkt. Auk þess má ætla, að hægari veltuhraði peningamagnsins vegna minnkandi verðbólgu skýri hluta mismunarins, sem er á verðlagsbreytingum og aukningu peningamagns.



Verðbólguþeppið undanfarinna áratuga hafa einatt átt sér upphaf í bættum skilyrðum í sjávarútvegi. Aðrar atvinnugreinar, sem keppa við sjávarútveg um vinnuafli, en njóta ekki batans að sama skapi, veita auknum kostnaði út í verðlag, og samkeppnisstaða þeirra versnar. Þessu hefur iðulega verið mætt með gengisfellingum, þegar uppgangstímum lýkur, sem enn auka á verðbólgu.

Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins er ætlað að hamla gegn þessu með því að leggja hluta batans til hliðar til mögru áranna í stað þess að veita honum óskiptum út í hagkerfið. Greiðslur í Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins hófust í ágúst 1990. Í árslok nam inneign á reikningum sjóðsins tæpum 1 mrð. kr. Verulega dregur því úr þensluáhrifum viðskiptakjarabatans á árinu. Við þetta má svo bæta, að samdráttur í afla árið 1990 hefur einnig vegið á móti þensluáhrifum viðskiptakjarabatans.

Margt hefur gerst í efnahagsmálum þjóðarinnar síðastliðinn áratug, sem bendir til, að ekki séu miklar líkur á afturhvarfi til þeirrar miklu verðbólgu, sem ríkti í upphafi níunda áratugarins. Verulegir vaxtarmöguleikar eru ekki lengur fyrir hendi í sjávarútvegi. Verðtrygging fjárskuldbindinga ásamt markaðsákvörðun vaxta ættu að stuðla að meiri yfirvegun í fjárfestingu og auknu jafnvægi í þjóðarbúskapnum til langs tíma lítið, er þau skilaboð, sem fólgin eru í jákvæðum raunvöxtum, komast til skila. Endurbætur í skattamálum og efling Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins stuðla einnig að minni sveiflum.

**Þróun utanríkis-
viðskipta og greiðslu-
jafnaðar**

III. UTANRÍKISVIÐSKIPTI OG GREIÐSLUJÖFNUÐUR


Þróun í utanríkisviðskiptum Íslendinga á árinu 1990 varð lakari en árið áður, þar sem verðmæti innflutnings, einkum á síðari hluta árs, jókst meira en verðmæti útflutnings. Gjaldeyrisverðmæti vöruútflutnings jókst um 3,7% miðað við árið áður, og verðmæti vöruinnflutnings jókst um 8,4%. Á árinu 1989 jókst verðmæti vöruútflutnings um 3,3%, en verðmæti vöruinnflutnings dróst saman um 6,9%. Vöruskiptajöfnuður 1990 varð jákvæður um 4.800 m.kr., sem svarar til 1,4% af VLF (vergri landsframleiðslu) á móti 2,5% árið áður. Halli á þjónustujöfnuði varð hins vegar 4,2% af VLF á móti 4,1% árið áður. Halli á viðskiptajöfnuði reyndist því 2,7% af VLF á móti 1,6% árið áður. Fjármagnsjöfnuður skilaði miklum afgangi á árinu vegna mikils innstreymis langtímalána umfram afborganir af þeim, og nægði það til þess að jafna viðskiptahallann ásamt því að bæta gjaldeyrisstöðuna um 4.328 m.kr., sem svarar til 1,3% af VLF. Tafla III.1 sýnir helstu þætti greiðslujafnaðar 1987 – 1990, þar sem tölur fyrri ára hafa verið umreiknaðar til meðalgengis ársins 1990 samkvæmt gengisvísitölu viðskiptavogar.¹⁾

*Tafla III.1. Greiðslujafnaðaryfirlit.
(Í m.kr. á meðalgengi 1990)*

	1987	1988	1989	1990
Innfluttar vörur, fob.	-88.014	-86.816	-80.851	-87.652
Útfluttar vörur, fob.	84.869	86.355	89.168	92.452
Vöruskiptajöfnuður	-3.145	-461	8.317	4.800
Þjónustujöfnuður	-8.424	-12.485	-13.457	-14.020
Viðskiptajöfnuður	-11.569	-12.946	-5.140	-9.220
Framlög án endurgjalds	-38	-59	-206	6
Fjármagnsjöfnuður	15.150	12.362	8.662	11.982
Skekkjur og vantalið	-4.510	-111	911	1.560
Heildargreiðslujöfnuður	-967	-754	4.227	4.328
Viðskiptajöfnuður í % af VLF ..	-3,5	-3,6	-1,6	-2,8

¹⁾ Allur talnasamanburður árána 1989 og 1990 í þessum kafla er gerður á sambærilegu gengi, annaðhvort á meðalgengi eða árslokagengi 1990, eftir því sem við á, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

Útflutningur




Eins og fyrr greinir jókst gjaldeyrisverðmæti vöruútflutnings um 3,7% á árinu 1990 samanborið við 3,3% aukningu árið áður. Útflutningsverðmæti sjávarafurða jókst um 10,5%, og varð aukningin hlutfallslega mest í útflutningsverðmæti frystra botnfiskafurða, enda fór saman bæði verðhækkun erlendis og minnkun birgða. Útflutningsverðmæti iðnaðarvara dróst saman um 14%, og varð samdrátturinn mestur í útflutningsverðmæti kísiljárns. Tafla III.2 sýnir skiptingu útflutnings á helstu vöruflokka sl. fimm ár, og hafa tölur fyrri ára verið umreiknaðar til gengis 1990 samkvæmt gengisvísitölu viðskiptavogar. Taflan sýnir einnig hlutfallslega breytingu útflutningsverðmætis ársins 1990 miðað við 1989. Verðmæti sjávarafurða í heildarvöruútflutningi nam 75,6% á móti 71% árið áður.

Tafla III.2. Útflutningur helstu vöruflokka.

(Fob.-verð í m.kr. á meðalgengi ársins 1990)

	1986	1987	1988	1989	1990	Breyting í % '89-'90
Sjávarafurðir	57.424	64.483	61.362	63.265	69.897	10,5
Þar af: Saltfiskur	9.591	13.773	12.659	10.799	11.919	10,4
Skreið	1.491	1.731	808	1.052	743	-29,4
Frystur botnfiskur	21.823	23.572	22.150	25.337	30.457	20,2
Lýsi	1.696	1.173	1.893	1.112	1.015	-8,7
Mjöl	4.428	3.525	5.168	4.380	3.562	-18,7
Humar, rækja og hörpudiskur	8.048	7.521	6.764	6.056	5.895	-2,7
Saltsíld	1.225	1.340	1.483	1.388	1.521	9,6
Landbúnaðarafurðir	969	1.612	1.497	1.523	1.778	16,7
Iðnaðarvörur	14.714	17.038	19.356	21.948	18.870	-14,0
Þar af: Ál	6.839	8.124	9.279	11.459	9.587	-16,3
Kísiljárn	2.214	2.355	3.386	3.371	2.430	-27,9
Aðrar iðnaðarvörur	5.661	6.559	6.691	7.118	6.853	-3,7
Aðrar vörur	1.468	1.708	4.140	2.431	1.907	-21,6
Útflutningur alls	74.575	84.841	86.355	89.167	92.452	3,7



Birgðir útflutningsvara


Tafla III.3 sýnir verðmæti útflutningsvörubirgða í árslok sl. fimm ár miðað við verðlag í lok hvers árs, umreiknað til árslokagengis 1990 samkvæmt gengi SDR.

Tafla III.3. Útflutningsvörubirgðir í árslok.
(Í m.kr. miðað við gengi SDR í árslok 1990)

	1986	1987	1988	1989	1990
Freðfiskur	691	1.793	2.968	2.255	1.272
Saltfiskur	176	558	778	364	296
Skreið	731	90	228	244	47
Aðrar sjávarafurðir	2.434	2.475	2.827	2.866	2.266
<i>Sjávarafurðir samtals</i>	<i>4.032</i>	<i>4.916</i>	<i>6.801</i>	<i>5.729</i>	<i>3.881</i>
Landbúnaðarafurðir	402	1.059	375	297	284
Ál	725	306	436	249	271
Kísiljárn	289	137	172	521	298
Kísilgúr	75	73	37	53	80
	5.523	6.491	7.821	6.849	4.814

Þróun innflutnings

Tafla III.4 sýnir fob-verðmæti innflutnings 1989 og 1990 skipt á nokkra helstu liði og hlutfallslegar breytingar á árinu 1990 miðað við árið áður. Sést þar, að verðmæti vöruinnflutnings hefur aukist um 8,4% á árinu, en árið áður dróst innflutningur saman um 6,9%. Hér er um umtalsverða breytingu að ræða, sem einkum kom fram á síðari hluta ársins. Almennur innflutningur jókst um 7%, en verðmæti olíuvöruinnflutnings jókst um 25,1%, og varð því 5,1% aukning á almennum innflutningi að frádregnum olíuvörum. Innflutningur sérstakra fjárfestingarvara jókst um 17,2%, eingöngu vegna flugvélakaupa, sem jukust úr 3.463 m.kr. í 6.782 m.kr. eða um 95,9%, en skipakaup drógust hins vegar saman úr 3.042 m.kr. í 1.186 m.kr., sem er samdráttur um 61%.



Tafla III.4. Vöruinnflutningur.
(Fob.-verð í m.kr. á meðalgengi 1990)

	1989	1990	Breyting í % 1989-1990
Innflutningur alls, fob.	80.851	87.652	8,4
Sérstakar fjárfestingarvörur	7.159	8.390	17,2
Skip og flugvélar	6.504	7.968	22,5
Vegna Landsvirkjunar	655	422	-35,6
Vörur v/álbræðslu	4.017	4.796	19,4
Vörur v/járnblendiverksmiðju	882	859	-2,6
Almennur innflutningur	68.793	73.607	7,0
(Par af olía)	(6.670)	(8.343)	(25,1)

Tafla III.5. Almennur innflutningur.
(Fob.-verð í m.kr. á mánaðarlegu meðalgengi 1990)

	1989			1990			Hlutfallsbreytingar %		
	Olía	Annar	Alls	Olía	Annar	Alls	Olía	Annar	Alls
Janúar	330	4.078	4.408	466	3.261	3.727	41,2	-20,0	-15,4
Febrúar	436	4.604	5.040	698	4.524	5.222	60,1	-1,7	3,6
Mars	442	4.688	5.130	30	5.474	5.504	-93,2	16,8	7,3
Apríl	736	5.019	5.755	1.091	4.614	5.705	48,2	-8,1	-0,9
Maí	492	5.593	6.085	24	6.515	6.539	-95,1	16,5	7,5
Júní	662	5.614	6.276	1.261	5.711	6.972	90,5	1,7	11,1
Júlí	640	5.293	5.933	35	5.423	5.458	-94,5	2,5	-8,0
Ágúst	369	4.888	5.257	1.137	6.072	7.209	208,1	24,2	37,1
Sept.	466	4.964	5.430	83	5.470	5.553	-82,2	10,2	2,3
Okt.	1.030	5.516	6.546	1.161	6.465	7.626	12,7	17,2	16,5
Nóv.	706	6.050	6.756	46	6.960	7.006	-93,5	15,0	3,7
Des.	332	5.669	6.001	2.334	5.449	7.783	603,0	-3,9	29,7
	6.641	61.976	68.617	8.366	65.938	74.304	26,0	6,4	8,3
I. ársfj.	1.208	13.370	14.578	1.194	13.259	14.453	-1,2	-0,8	-0,9
II. ársfj.	1.890	16.226	18.116	2.376	16.840	19.216	25,7	3,8	6,1
III. ársfj.	1.475	15.145	16.620	1.255	16.965	18.220	-14,9	12,0	9,6
IV. ársfj.	2.068	17.235	19.303	3.541	18.874	22.415	71,2	9,5	16,1

Tafla III.5 sýnir mánaðarlegan almennan innflutning 1989 og 1990, skipt á olíuvöruinnflutning og annan almennan innflutning á mánaðarlegu meðalgengi ársins 1990, þ.e. tölur fyrir hvern mánuð 1989 hafa verið umreiknaðar til sambærilegs meðalgengis sama mánaðar 1990. Munurinn á tölum í töflu III.4 og töflu III.5 stafar af mismunandi gengisumreikningi. Almennur innflutningur dróst lítið eitt saman á fyrsta fjórðungi ársins, en aukning varð á öllum hinum ársfjórðungunum, mest á þriðja ársfjórðungi.

Skipting inn- og útflutnings eftir löndum

Tafla III.6 sýnir skiptingu vöruinnflutnings og vöruútflutnings eftir markaðssvæðum. Helstu breytingar á skiptingu innflutnings eftir markaðssvæðum urðu þær, að innflutningur frá EFTA-löndum dróst saman úr 19,1% af heildarinnflutningi 1989 í 16,3% 1990 og hlutdeild EBE-landa úr 51,1% 1989 í 49,7% 1990, en hlutdeild Norður-Ameríku jókst úr 11,5% í 15,0%, og gætir þar aðlögunar að gengislækkun dollars líkt og á árinu 1989.

Helstu breytingar á skiptingu útflutnings eftir markaðssvæðum urðu þær, að útflutningur til EBE-landa jókst úr 56,4% af heildarútflutningi 1989 í 67,7% 1990, en hlutdeild EFTA-landa dróst saman úr 11% af heildarútflutningi 1989 í 8,6% 1990 og hlutdeild Norður-Ameríku úr 14,6% í 10,2%. Hlutdeild Austur-Evrópulanda dróst saman úr 14,6% af heildarútflutningi 1989 í 10,2% 1990 og útflutningur til annarra landa úr 13% 1989 í 10,5% 1990. Ef lítið er á hlutdeild einstakra

Tafla III.6. Skipting inn- og útflutnings eftir löndum.
(Í prósentum af heildarinn- og útflutningi)

	1986	1987	1988	1989	1990
Innflutningur:					
EFTA	20,6	20,6	22,2	19,1	16,3
EBE	52,9	52,1	51,5	51,1	49,7
Austur-Evrópa	6,5	5,8	5,5	6,5	6,7
Norður-Ameríka	7,4	7,5	7,9	11,5	15,0
Önnur lönd	12,6	14,0	12,9	11,8	12,3
Útflutningur:					
EFTA	10,1	8,2	10,0	11,0	8,6
EBE	54,1	57,4	58,9	56,4	67,7
Austur-Evrópa	5,5	4,7	5,4	5,0	3,0
Norður-Ameríka	22,0	18,5	13,9	14,6	10,2
Önnur lönd	8,3	11,2	11,8	13,0	10,5

landa í vöruútflutningi á árinu 1990, er Bretland eins og undanfarin ár í fyrsta sæti með 25,3% af heildarútflutningi og Þýskaland í öðru sæti með 12,7%. Þriðja mikilvægasta útflutningslandið er Bandaríkin með 9,9% af heildarútflutningi, þá kemur Frakkland með 9%, Japan með 6% og Spánn með 5%. Hlutdeild nokkurra helstu viðskiptalanda okkar í vöruinnflutningi var sem hér segir á árinu 1990: Bandaríkin 14,4%, Vestur-Þýskaland 12,4%, Holland 10,4%, Danmörk 8,6%, Bretland 8,1%, Japan 5,6%, Noregur 5,0% og Sovétríkin 5,0%.

Vöruskiptajöfnuður

Vöruskiptajöfnuður 1990 var jákvæður um 4.800 m.kr. samanborið við 8.317 m.kr. 1989 umreiknað til meðalgengis 1990 og var því 3.517 m.kr. lakari en árið áður samkvæmt beinum greiðslujafnaðartölum. Sé vöruskiptajöfnuður þessara ára leiðréttur fyrir breytingu á gjald-eyrisverðmæti útflutningsvörubirgða, sem minnkuðu um 1.982 m.kr. 1990 á móti 650 m.kr. 1989, reyndist vöruskiptajöfnuður þannig leiðréttur jákvæður um 2.818 m.kr. 1990 á móti 7.667 m.kr. 1989 eða 4.849 m.kr. óhagstæðari en árið áður. Sé þar að auki sveiflum í inn- og útflutningi sérstakra fjárfestingarvara jafnað milli ára með meðaltali síðustu þriggja ára, reynist hann 3.140 m.kr. óhagstæðari 1990 en 1989. Birgðabreytingin er hér reiknuð á meðalgengi ársins 1990 bæði árin. Landbúnaðarafurðum, þar með töldum afurðum laxeldis, er sleppt, enda vandkvæðum bundið að meta verðmæti þeirra.


Þjónustujöfnuður

Tafla III.7. sýnir helstu liði þjónustujafnaðar og samanburð þeirra 1989 og 1990 ásamt hlutfallslegri breytingu.

Þjónustutekjur námu í heild 35.413 m.kr., og er það aukning um 3,3% frá fyrra ári. Þjónustugjöld námu í heild 49.433 m.kr., sem er aukning um 3,6% frá fyrra ári. Þjónustujöfnuður varð því neikvæður

Tafla III.7. Þjónustujöfnuður.
(Í m.kr. á meðalgengi 1990)

	1989	1990	Breyting í % 1989-1990
Þjónustujöfnuður	-13.457	-14.020	
Innflutt þjónusta alls	-47.718	-49.433	3,6
Útflutt þjónusta alls	34.261	35.413	3,3
Útgjöld til ferða- og dvalarkostnaðar	-13.043	-14.950	14,6
Tekjur af erlendum ferðamönnum	6.951	7.324	5,3
Útgjöld vegna samgangna	-11.429	-10.404	-9,0
(Par af v/ísl. flugfélaga)	(-5.270)	(-4.709)	(-10,7)
Tekjur af samgöngum	12.374	12.670	2,4
(Par af v/ísl. flugfélaga)	(5.348)	(5.839)	(9,2)
Vaxtagjöld og arðgreiðslur	-16.223	-16.190	-0,2
Vaxtatekjur og arðgreiðslur	1.801	1.813	0,7
Útgjöld vegna trygginga	-1.826	-1.950	6,7
Tekjur af tryggingum	1.002	960	-4,3
Tekjur af varnarliði nettó	8.138	8.252	1,4
Ýmis útgjöld	-5.197	-5.939	14,2
(Par af v/álbræðslu)	(-379)	(-330)	(-12,9)
Ýmsar tekjur	3.995	4.394	10,0
Þjónustujöfnuður án vaxta	965	357	
Innflutt þjónusta	-31.495	-33.243	5,5
Útflutt þjónusta	32.460	33.600	3,5
Vaxtajöfnuður	-14.422	-14.376	
Vaxtagjöld	-16.223	-16.190	-0,2
Vaxtatekjur	1.801	1.813	0,7



Viðskiptajöfnuður

um 14.020 m.kr., sem svarar til 4,2% af VLF. Þetta er heldur lakari útkoma en árið áður, en þá reyndist þjónustujöfnuður neikvæður um 13.457 m.kr., sem svarar til 4,1% af VLF, og er breytingin nær eingöngu vegna aukins ferða- og dvalarkostnaðar. Lítil breyting varð á vaxtaliðnum, og sýndi vaxtajöfnuður 52 m.kr. betri útkomu en árið áður. Þjónustujöfnuður án vaxta varð jákvæður um 357 m.kr. í ár á móti 966 m.kr. 1989, þannig að útkoman 1990 varð 609 m.kr. lakari en árið áður. Nettótekjur af samgöngum jukust um 1.321 m.kr., að mestu leyti vegna lægri útgjalda, en nettógjöld vegna ferða- og dvalarkostnaðar jukust um 1.534 m.kr. Um aðra liði þjónustujafnaðar vísast til töflu III.7.

Viðskiptajöfnuður reyndist samkvæmt beinum greiðslujafnaðartölum neikvæður um 9.220 m.kr., sem jafngildir 2,7% af VLF. Árið áður var viðskiptajöfnuður á sama hátt neikvæður um 5.140 m.kr. eða 1,6% af VLF. Sé viðskiptajöfnuður árána 1989 og 1990 hins vegar leiðréttur fyrir breytingu útflutningsvörubirgða og sveiflum í innflutningi sérstakra fjárfestingarvara jafnað milli ára eins og nánar var útskýrt í sambandi við vöruskiptajöfnuð hér að framan, reyndist viðskiptajöfnuður 1990 neikvæður um 9.674 m.kr. eða 2,9%


Framlög án endurgjalds

af VLF, en viðskiptajöfnuður 1989, leiðréttur á sama hátt, neikvæður um 5.971 m.kr. eða 1,7% af VLF.

Framlög án endurgjalds, en til þeirra teljast eignayfirfærslur, rekstrarframlög til alþjóðastofnana, gjafafé og aðrar greiðslur án endurgjalds, urðu jákvæð um 6 m.kr. á árinu 1990, en neikvæð um 206 m.kr. árið áður.

Fjármagnsjöfnuður

Fjármagnsjöfnuður sýnir yfirlit um erlendar lántökur og afborganir af þeim svo og áhættufjármagn til fjárfestingar, bæði Íslendinga erlendis og útlendinga hér á landi, og ýmsar aðrar fjármagnshreyfingar. Lánahreyfingum er annars vegar skipt í hreyfingar til lengri tíma en eins árs og hins vegar til skemmri tíma. Fjármagnsjöfnuður varð hagstæður, þ.e. fjármagnsinnstreymi til landsins varð meira en útstreymi, um 11.982 m.kr. á árinu 1990 á móti 8.662 m.kr. 1989. Tafla III.8 sýnir helstu liði fjármagnsjafnaðar 1990 í samanburði við 1989, reiknað á meðalgengi ársins 1990.



Hreint innstreymi áhættufjármagns til fjárfestingar nam aðeins 41 m.kr. Þar af nam innstreymi skammtímafjármagns vegna birgðahalds og rekstrar Íslenska álfélagsins 170 m.kr., og því nemur útstreymi á öðru áhættufjármagni 129 m.kr. á árinu 1990.

Mikilvægustu liðir fjármagnsjafnaðar eru erlendar lántökur til langs tíma og afborganir af slíkum lánum. Tafla III.9 sýnir hreyfingar langra erlendra lána á árinu 1990 skipt á helstu lántakendur, opinbera

Tafla III. 8. Fjármagnsjöfnuður.

(Í m.kr. á meðalgengi 1990)

	1989	1990 ¹⁾
Fjármagnsjöfnuður	8.662	11.982
Eigið fjármagn til fjárfestingar	-2.076	41
Hreint innstreymi langra lána	17.756	14.947
Innkomin lán alls	28.024	26.317
Afborganir af lánum alls	-10.268	-11.370
Stuttar lánahreyfingar	-6.619	-2.901
Opinberir aðilar	8	-79
Lánastofnanir	-8.919	-2.085
Einkaaðilar	2.292	-737
Aðrar fjármagnshreyfingar	-400	-105
Lausafjárstaða bankanna	-342	-55
Annað	-58	-50

1) Bráðabirgðatölur.

aðila, lánastofnanir og einkaaðila. Til samanburðar eru sýndar tölur fyrir árið 1989, umreiknaðar til meðalgengis 1990. Langar erlendar lántökur námu 26.317 m.kr. á árinu 1990, en afborganir 11.370 m.kr., þannig að hreint innstreymi langra lána nam 14.947 m.kr. samanborið við 17.756 m.kr. árið áður.

Tafla III.9. Hreyfing langra erlendra lána.

(Í m.kr. á meðalgengi 1990)

	Lántökur		Afborganir		Nettóaukning	
	1989	1990	1989	1990	1989	1990
Opinberir aðilar	10.255	8.169	3.071	2.908	7.184	5.261
Ríkissjóður	6.990	3.912	1.425	1.229	5.565	2.683
Ríkisfyrirtæki	1.438	4.110	1.193	1.298	245	2.812
Sveitarfélög	1.827	147	453	381	1.374	-234
Lánastofnanir	13.808	9.100	5.030	6.190	8.778	2.910
Fjárfest.lánasjóðir	4.638	4.714	606	934	4.032	3.780
Viðskiptabankar	9.170	4.386	4.424	5.256	4.746	-870
Einkaaðilar	3.961	9.048	2.167	2.272	1.794	6.776
Samtals	28.024	26.317	10.268	11.370	17.756	14.947

Útstreymi varð á stuttum lánahreyfingum á árinu 1990 um 2.901 m.kr. og er það annað árið í röð, sem samdráttur verður á erlendum skammtímalánum, því að þau drógust saman um 6.619 m.kr. 1989. Erlend skammtímalán innlánsstofnana, sem varið er til endurlána, drógust saman um 2.085 m.kr. á árinu 1990 eftir að hafa minnkað um 8.919 m.kr. 1989. Má rekja um helming þess samdráttar til minni afurðalána, sem drógust saman um 5,2 mrð.kr. á þessum tveimur árum. Útstreymi á skammtímalánum einkaaðila nam 737 m.kr. á árinu 1990. Stutt vörukaupalán jukust um 878 m.kr., og ógreiddur

Skuldastaða og greiðslubyrði

útflutningur minnkaði um 276 m.kr., en aðrar skammtímahreyfingar einkaaðila voru óhagstæðar um 1,9 mrð.kr. á árinu 1990.

Erlend lausafjárstaða innlánsstofnana batnaði um 55 m.kr. á árinu 1990 samanborið við 342 m.kr. 1989. Aðrar fjármagnshreyfingar á árinu 1990 eru neikvæðar um 50 m.kr. vegna endurgreiðslu á stofnframlagi Norðurlanda til Iðnþróunarsjóðs.

Hrein staða þjóðarbúsins út á við samanstendur af öllum erlendum skuldum Íslendinga að frádregnum kröfum þeirra á útlönd, en að undanskildu áhættufjármagni til fjárfestingar. Hrein skuldastaða þjóðarbúsins við útlönd nam 158.259 m.kr. í árslok 1990, og tafla 9 í töfluviðauka hér á eftir sýnir sundurliðun helstu skulda- og eignaliða frá árslokum 1975 til 1990. Hrein skuldastaða í árslok 1990 reiknast vera 161.403 m.kr. á meðalgengi ársins, sem jafngildir 48,1% af VLF og er óbreytt hlutfall frá árinu áður.

Hreinar vaxtagreiðslur til útlanda, þ.e. bæði vextir langtíma- og skammtímalána að frádregnum vaxtatekjum, eru kostnaður þjóðarbúsins af erlendum skuldum. Á árinu 1990 námu hreinar vaxtagreiðslur 4,3% af VLF á móti 4,4% árið áður. Tafla III.10 sýnir þróun skuldastöðu þjóðarbúsins við útlönd ásamt viðskiptajöfnuði og hreinum vaxtagreiðslum í hlutfalli við verga landsframleiðslu á árunum 1981 – 1990.


Tafla III.10. Staða þjóðarbúsins gagnvart útlöndum.

(Í hlutfalli (%) af vergri landsframleiðslu)

	Löng erlend lán				Hrein skulda- staða	Við- skipta- jöfnuður	Hreinar vaxta- greiðslur
	Opinb. aðilar	Lána- stofn.	Einka- aðilar	Alls			
1981	19,5	5,8	5,5	30,8	27,3	-4,2	-3,3
1982	25,2	7,9	5,9	39,0	39,5	-8,1	-3,9
1983	32,4	10,3	5,9	48,6	47,2	-1,9	-4,6
1984	33,0	10,9	4,6	48,5	49,5	-4,7	-5,2
1985	34,9	11,9	4,3	51,1	52,8	-4,0	-4,7
1986	31,7	11,7	4,1	47,5	45,1	0,4	-3,9
1987	24,8	11,8	3,7	40,3	40,4	-3,5	-3,0
1988	24,3	13,8	3,3	41,4	41,8	-3,6	-3,2
1989	28,8	18,0	4,2	51,1	48,1	-1,6	-4,4
1990 ¹⁾	29,1	18,0	6,0	53,1	48,1	-2,7	-4,3

1) Bráðabirgðatölur.

Staða langra erlendra lána nam 175.110 m.kr. í árslok 1990, en reiknuð á meðalgengi ársins nemur hún 178.157 m.kr., sem er 53,1% af vergri landsframleiðslu ársins samanborið við 51,1% árið áður.



Skuldahlutfallið komst áður hæst á árinu 1985 í 51,1%, en lækkaði á árunum 1986 og 1988 vegna mikils hagvaxtar, hækkunar á raungengi krónunnar og gengislækkunar Bandaríkjadollars þrátt fyrir talsverða skuldaaukningu á þessum árum. Skuldahlutfallið hækkaði eins og áður segir um 2,0% á árinu 1990, þar af veldur raunaukning erlendra lána og raungengislækkun krónunnar um 3,6% hækkun á skuldahlutfallinu, en á móti veldur gengislækkun Bandaríkjadollars á árinu 1990 um 1,5% lækkun skuldahlutfallsins. Gengi Bandaríkjadollars lækkaði um 9,5% gagnvart krónunni á árinu 1990, og væri staða langra erlendra lána í árslok 1990 um 6,9 mrð.kr. eða 4% hærri að óbreyttu gengi í árslok 1989. Tafla III.11 sýnir hlutfallslega skiptingu langra erlendra lána í árslok 1986 – 1990 á helstu gjaldmiðla og eftir vaxtakjörum þeirra reiknað á gengi í lok hvers árs.

Tafla III.11. Löng erlend lán, flokkuð eftir gjaldmiðlum.
(Hlutfallsleg skipting lána í lok hvers árs í %)


	1986	1987	1988	1989	1990
Bandaríkjadollarar	50,5	42,0	45,0	47,2	50,3
Sterlingspund	5,5	5,3	4,8	3,7	3,8
Svissneskir frankar	9,1	13,1	10,8	9,3	9,0
V-þýsk mörk	10,6	16,7	18,3	22,7	22,1
Japönsk yen	15,9	15,0	13,3	10,0	8,8
Aðrir	8,4	7,9	7,8	7,1	6,0
Erlend lán alls	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
Fastir vextir	45,9	47,5	40,8	35,4	32,3
Breytilegir vextir	54,1	52,5	59,2	64,6	67,7
þ.a. LIBOR-USD	42,8	36,0	40,8	43,8	47,9

Greiðslubyrði af löngum erlendum lánnum nam 20,2% af útflutningstekjum á árinu 1990. Greiðslubyrði afborgana nam 9%, en vaxtaþyrði langra lána nam 11,2% útflutningstekna 1990. Greiðslubyrðin hefur hækkað nokkuð frá fyrra ári, er hún var 19,3%, en greiðslubyrðin varð mest á árinu 1984, 24,3% útflutningstekna. Í 8. töflu í töfluviðauka er yfirlit yfir stöðu langra erlendra lána skipt á lántakendum ásamt skuldahlutföllum og greiðslubyrði þeirra á árunum 1983 – 1990. Línurit hér til hliðar sýnir þróun skuldahlutfalls og greiðslubyrðar langra erlendra lána á síðasta áratug.

Gjaldeyrisviðskipti

Tafla III.12 sýnir gjaldeyrisviðskipti bankanna, þ.e. gjaldeyriskaup þeirra og gjaldeyrissölu í hverjum mánuði 1989 og 1990, og hafa tölur hvers mánaðar 1989 verið færðar til gengis sama mánaðar 1990. Á árinu í heild drógust gjaldeyriskaup bankanna saman um 15,6% miðað við árið áður, og gjaldeyrissala dróst saman um 16,0%.

Gjaldeyrisstaða Seðlabankans, nettó
(í m.kr. á gengi í árslok 1990)



Tafla III.12. Gjaldeyrisviðskipti bankanna.
(Í m.kr. á gengi í lok hvers mánaðar 1990)

	Keyptur gjaldeyrir		Seldur gjaldeyrir		Gjaldeyriskaup bankanna, nettó	
	1989 ¹⁾	1990	1989 ¹⁾	1990	1989 ¹⁾	1990
Janúar	17.373	11.365	18.759	12.221	-1.386	-856
Febrúar	20.592	11.819	18.558	12.341	2.034	-522
Mars	22.124	17.409	13.573	15.961	8.551	1.448
Apríl	16.431	15.481	16.459	15.209	-28	272
Máí	20.672	19.592	19.332	17.858	1.340	1.734
Júní	13.622	13.295	19.160	11.622	-5.538	1.673
Júlí	18.146	12.565	16.386	13.563	1.760	-998
Ágúst	14.555	13.306	16.882	14.142	-2.327	-836
Sept.	15.517	12.449	14.485	12.568	1.032	-119
Okt.	14.082	12.164	14.293	11.991	-211	173
Nóv.	15.520	15.282	13.567	14.975	1.953	307
Des.	12.631	15.233	15.684	13.081	-3.053	2.152
Samtals	201.265	169.960	197.138	165.532	4.127	4.428

1) Umreiknað til gengis viðkomandi mánaðar 1990 samkvæmt vísitölu viðskiptavogar.

Gjaldeyrisstaða


Tafla III.13 sýnir gjaldeyrisstöðu Seðlabankans sl. fimm ár, þar sem tölur eru umreiknaðar úr erlendri mynt í íslenskar krónur á skráðu gengi í árslok 1990. Í töflu 10 í töfluviðauka er hins vegar að finna yfirlit um gjaldeyrisstöðu sl. tíu ár á því gengi, sem gildi á hverjum tíma. Taflan sýnir einnig erlenda skammtímastöðu innlánsstofnana á sama tímabili.

Tafla III.13. Gjaldeyrisstaða Seðlabankans í árslok.
(Í m.kr. á gengi í árslok 1990)

	1986	1987	1988	1989	1990
Gjaldeyrisforði	18.912	17.434	16.869	20.139	24.260
Gull	133	133	134	133	133
Innstæður í SDR	13	149	77	1	22
Gjaldeyrisstaða við IMF	316	317	316	315	316
Bankainnstæður og verðbréf	18.450	16.835	16.342	19.690	23.789
Gjaldeyrisskuldur	2.042	968	2.016	802	800
Nettóstaða	16.870	16.466	14.853	19.337	23.460

Í töflu III.13 kemur fram, að gjaldeyrisforði Seðlabankans nam 24.260 m.kr. í árslok 1990, sem svarar til 33,5% af fob.-verðmæti almenns vöruinnflutnings, og hafði hækkað úr 30,8% í árslok 1989. Á árinu jókst gjaldeyrisforði Seðlabankans um 4.121 m.kr. reiknað á gengi í árslok á móti 3.270 m.kr. aukningu 1989. Gjaldeyrisskuldur Seðlabankans voru nær óbreyttar frá árslokum 1989, þannig að nettóstaðan batnaði um sömu upphæð og gjaldeyrisforðinn.


Gjaldeyrisforði Seðlabankans
Hlutfall (%) af almennum innflutningi



Yfirlit

IV. FJÁRMÁL RÍKISSJÓÐS

Halli á rekstri ríkissjóðs varð 4,5 mrð.kr. á árinu 1990 eða 1,3% af vergri landsframleiðslu (VLF). Er það álíka mikið og gert var ráð fyrir eftir samþykkt fjáráaukalaga í maí, en heldur minna en á árinu 1989, þegar halli á ríkissjóði var 6,1 mrð.kr. eða 2,0% af VLF. Tekjur ríkissjóðs urðu 92,5 mrð.kr. eða 27,4% af VLF, en voru 27,0% af VLF á árinu 1989. Hækkun tekna milli ára var 15,6%. Útgjöld ríkissjóðs námu 96,9 mrð.kr. eða 28,8% af VLF, en 29,1% árið áður og hækkuðu um 12,6% frá 1989. Til samanburðar hækkaði framfærsluvísitala um 14,8% milli ársmeðaltala, byggingarvísitala um 17,6%, verðvísitala VLF um 13,9% og verð samneyslu samkvæmt þjóðhagsreikningum um 11,0%.



Nýjar lánveitingar og eignfærð framlög námu 0,65 mrð.kr. umfram innheimtar afborganir og sölu hlutafjár. Er sú tala óbreytt frá árinu 1989. Útstreymi umfram innstreymi á ýmsum skammtímakröfum og skuldbindingum nam 2,2 mrð.kr., en 0,9 mrð.kr. á árinu 1989. Hrein lánsfjárförf A-hluta ríkissjóðs varð því 7,2 mrð.kr. eða 2,1% af VLF árið 1990, en var 2,6% af VLF árið áður. Afborganir tekinna lána 1990 námu 4,1 mrð.kr., en voru 6,0 mrð.kr. árið 1989. Ríkissjóður tók 10,1 mrð.kr. að láni innan lands á árinu 1990 að meðtalinni hreinni hækkun ríkisvixla, en erlendar lántökur voru 4,0 mrð.kr. eða sem nemur erlendum afborgunum og uppgjörsskyldu við Seðlabankann vegna fyrra árs. Á árinu 1989 var verg innlend lántaka 10,4 mrð.kr., en verg erlend lántaka 6,7 mrð.kr., þar af 5,0 mrð.kr. erlent lán, sem tekið var til að gera upp skammtímaskuld við Seðlabankann frá árinu 1988.

Í öllum tölum um lánahreyfingar ríkissjóðs 1990 er sleppt endurgreiðslu langtímaskuldabréfa í eigu Seðlabankans að fjárhæð 3,4 mrð.kr. og jafnhárrí lántöku hjá innlánsstofnunum af fé, sem losnaði við lækkun bindiskyldu. Lántaka ríkissjóðs af slíku fé nam alls 3,8 mrð.kr. Telst mismunurinn ný, innlend lántaka og er færður sem slík, m.a. í töflum 1 og 2 í þessum kafla.

Tafla IV.1. Greiðslufirlit ríkissjóðs 1988-1990.

(M.kr. og % af VLF)

	1988	1989	1990		
			Fjárl.	Endursk. Fjárl.	Útk.
Tekjur	64.382	80.001	91.545	88.945	92.453
Gjöld	71.583	86.056	95.232	93.479	96.899
Halli	7.201	6.055	3.687	4.534	4.446
Lánv. og hlutafé, hreint innstreymi	-895	-655	970	970	-645
Innheimtar afborganir, hlutafjársla	2.087	2.485	3.480	3.480	3.127
Veitt lán og stofnfé	2.982	3.140	2.510	2.510	3.772
Viðskiptareikningar, hreint innstreymi	-211	-889	-560	-560	-2.078
Hrein lánsfjárbörf	8.307	7.599	3.277	4.124	7.169
Innlendar afborganir utan Seðlabanka	3.355	4.547	3.330	3.330	2.922
Afborganir erlendra lána	1.200	1.482	1.370	1.370	1.225
Verg lánsfjárbörf	12.862	13.628	7.977	8.824	11.316
Langar innlendar lántökur	5.089	5.220	6.625	5.575	8.057
P.a. sala spariskírteina	4.841	5.060	6.625	5.575	7.483
Ríkisvixlar, hreint innstreymi	-207	5.167	0	1.900	2.039
Vergar erlendar lántökur	4.398	6.663	2.370	2.370	3.965
Hreinar innlendar lántökur	1.734	5.840	3.295	4.145	7.174
Hreinar erlendar lántökur	3.198	5.181	1.000	1.000	2.740
Greiðslujöfnuður	-3.583	3.422	1.018	1.021	2.745
Hlaupareikningar í Seðlabanka	-4.495	2.649	18	503	2.551
Langtímaskuldir í Seðlabanka	646	866	1.000	200	137
Skammtímaskuldabréf í Seðlabanka		-318	318	318	-9
Aðrir bankareikningar og sjóður	266	225	0	0	66
Hlutföll af vergri landsframleiðslu:					
Tekjur	25,3%	27,0%	27,1%	26,5%	27,4%
Gjöld	28,1%	29,1%	28,2%	27,9%	28,8%
Tekjuafgangur	-2,8%	-2,0%	-1,1%	-1,4%	-1,3%
Hrein lánsfjárbörf	3,3%	2,6%	1,0%	1,2%	2,1%
Verg lánsfjárbörf	5,1%	4,6%	2,4%	2,6%	3,4%
Ríkisvixlar, hreint innstreymi	-0,1%	1,7%	0,0%	0,6%	0,6%
Hrein innlend langtímalántaka	0,7%	0,2%	1,0%	0,7%	1,5%
Hrein erlend langtímalántaka	1,3%	1,8%	0,3%	0,3%	0,8%
Greiðslujöfnuður	-1,4%	1,2%	0,3%	0,3%	0,8%

Heimild: Skýrslur fjármálaráðherra til Alþingis 1988-1990.

**Fjárlög og
tvenn fjárukalög**

Fjárlög ársins voru afgreidd með 3,7 mrð.kr. halla í desember. Samningar á vinnumarkaði í febrúar urðu til þess, að lagt var fram frumvarp til fjárukalaga, sem samþykkt var í maí. Helstu breytingar voru fólgnar í niðurfærslum vegna breyttra verðlagshorfa. Af þessum sökum voru tekjur lækkaðar um 2,3 mrð.kr., en útgjöld um 2,0 mrð.kr. Sérstakar breytingar leiddu til hækkunar gjalda um 0,3 mrð.kr. og lækkunar tekna um 0,3 mrð.kr. og munaði mest um, að niðurgreiðslur voru auknar um 0,8 mrð.kr. til að halda aftur af verðlagshækkunum. Áætlaður halli á rekstri ríkissjóðs hækkaði um 0,85 mrð.kr., og var gert ráð fyrir auknum innlendum lántökum sem því nam. Með haustinu varð ljóst, að ýmsir gjalda- og teknaliðir höfðu þróast á annan hátt en gert hafði verið ráð fyrir, og var aftur lagt fyrir Alþingi frumvarp til fjárukalaga. Gjöld voru hækkuð um 4 mrð.kr. og tekjur um 3,6 mrð.kr. frá því, sem ætlað var í maí, og jókst áætlaður halli ríkissjóðs því um 0,4 mrð.kr. Ekki þykir ástæða til að gera sérstaka grein fyrir þessum fjárukalögum, þar sem þau voru í aðalatriðum aðlögun fjárlaga að útkomu ársins, að svo miklu leyti sem hún var fyrirsjáanleg á haustdögum.

Tafla IV.2. Fjárlög, fjárukalög og afkoma ríkissjóðs 1990.

(Mrð.kr.)


	Út- koma	Fjár- lög	Endursk. fjárl. 5. maí	Út- koma	Út- koma
	1989	1990	1990	1990	1990
Tekjur	80,0	91,5	88,9	92,6	92,5
Gjöld	86,1	95,2	93,5	97,7	96,9
Halli	6,1	3,7	4,5	5,1	4,4
Hrein lánsfjárbörf	7,6	3,3	4,1	6,4	7,2
Hreinar innlendar lántökur	5,8	3,3	4,1	5,4	7,2
Hreinar erlendar lántökur	5,2	1,0	1,0	0,5	2,7
Greiðslujöfnuður	3,4	1,0	1,0	-1,4	2,7
Tekjur	27,0%	27,1%	26,5%	27,6%	27,4%
Útgjöld	29,1%	28,2%	27,9%	29,2%	28,8%
Tekjuafgangur	-2,0%	-1,1%	-1,4%	-1,5%	-1,3%
Hrein lánsfjárbörf	2,6%	1,0%	1,2%	1,9%	2,1%
Ríkisvixlar, hreint innstreymi	1,7%	0,0%	0,6%	0,6%	0,6%
Hrein innlend langtímalántaka	0,2%	1,0%	0,7%	1,1%	1,5%
Hrein erlend langtímalántaka	1,8%	0,3%	0,3%	-0,1%	0,8%
Jöfnuður við Seðlabanka o.fl.	1,2%	0,3%	0,3%	-0,4%	0,8%

Viðmiðanir um VLF samkvæmt fyrirbyggjandi spám á hverjum tíma. Skipting innlendar lántöku milli ríkisvixla og langtímalána var ekki tilgreind í fjárlögum eða fjárukalögum.

Þróun tekna

40

Ýmsar breytingar urðu á tekjum ríkissjóðs milli árána 1989 og 1990, og er þar helst að rekja upptöku virðisaukaskatts og aukinn hlut beinna skatta. Eftirfarandi samanburður er gerður á föstu verðlagi 1990 miðað við verðvísitölu vergrar landsframleiðslu. Hækkun verð-



lags varð 13,9% á þennan mælikvarða á milli árána 1989 og 1990. Gert var ráð fyrir hækkun tekjuskatts um 0,9 mrð.kr. með hækkun tekjuskattshlutfalls úr 30,8% í 32,8%. Hækkunin varð mun meiri eða 2,3 mrð.kr., og stafaði mismunurinn af betri afkomu fyrirtækja á árinu 1989 og hærri tekjum einstaklinga á árinu 1990 en reiknað var með. Gert var ráð fyrir 0,7 mrð.kr. lækkun innflutningsgjalda milli ára, aðallega vegna lækkunar jöfnunargjalds af innflutningi samfara upptöku virðisaukaskatts. Jöfnunargjaldinu var haldið óbreyttu út árið, og jukust tekjur af því fremur en hitt. Á fjárlögum var reiknað með 0,7 mrð.kr. lækkun tekna af vörugjaldi vegna lagabreytinga á árinu 1989 og 0,3 mrð.kr. tekjutapi vegna niðurfellingar skatts af erlendum lánum vorið 1989. Gengu þessar breytingar í aðalatriðum eftir. Þá var gert ráð fyrir, að virðisaukaskattur myndi skila 0,7 mrð.kr. minna en söluskattur gerði á árinu 1989, enda var gert ráð fyrir, að innheimta virðisaukaskatts af viðskiptum tímabilsins 15.-30. nóvember frestaðist fram yfir áramót. Í raun varð tekjutapið 1,7 mrð.kr., og er einkum kennt um litlum tekjum af eftirstöðvum söluskatts frá árinu 1989. Gert var ráð fyrir, að vaxtatekjur lækkuðu um 0,7 mrð.kr., enda voru þessar tekjur óvenju miklar á árinu 1989. Í endurskoðun fjárlaga í maí voru áætlaðar vaxtatekjur enn lækkaðar um 0,5 mrð.kr., en sú lækkun gekk ekki eftir. Á fjárlögum var gert ráð fyrir auknum tekjum af arðgreiðslum, m.a. vegna bættrar afkomu Seðlabankans á árinu 1989, og innheimtust arðgreiðslur í aðalatriðum eins og að var stefnt.


Tafla IV.3. Helstu breytingar ríkistekna 1989 – 1990.

(Mrð.kr. á verðlagi 1990)

	Fjárlög 1990	Endur- skoðuð fjárlög	Útkoma 1990
Tekjuskattur	0,9	0,7	2,3
Jöfnunargjald af innflutningi	-0,5	-0,5	0,1
Skattar af erlendum lánum	-0,3	-0,3	-0,3
Vörugjald	-0,7	-0,7	-0,5
Söluskattur/virðisaukaskattur	-0,7	-1,2	-1,7
Þungaskattur og bifreiðagjald	0,5	0,2	0,3
Vextir, lánatekjur	-0,7	-1,2	-0,7
Arðgreiðslur	0,9	0,9	0,8
Aðrar breytingar	-0,1	-0,1	1,4
Samtals	-0,7	-2,2	1,7

Þróun útgjalda

Útgjöld til skólakerfisins áttu að dragast saman um 0,8 mrð.kr. á föstu verðlagi 1990 vegna breyttrar verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga, og gekk það eftir. Stefnt var að 1,1 mrð.kr. samdrætti í framlögum til landbúnaðar og niðurgreiðslna, en samdráttur varð mun minni vegna aukningar niðurgreiðslna. Þá féllu niður endurgreiðslur



óbeinna skatta í sjávarútvegi og iðnaði vegna upptöku virðisauka-skatts, og nam sá samdráttur um 2,2 mrð.kr. á verðlagi 1990. Í stað þessara greiðslna komu víðtækari endurgreiðslur, sem dragast frá teknahlið fjárlaga. Nokkurt áframhald varð á útgreiðslum vegna jöfnunargjalds á árinu. Vegna lækkandi verðbólgu og horfa á minni innlaun spariskírteina en á árinu 1989 var talið, að vaxtagreiðslur myndu lækka um 0,7 mrð.kr., þótt skuldir hefðu aukist og raunvextir færu fremur hækkandi. Lækkunin varð mun meiri, 1,7 mrð.kr., enda lækkaði verðbólga meira en búist var við, auk þess sem vaxtagreiðslur frestuðust vegna skuldbreytinga. Gert var ráð fyrir, að kostnaður vegna sjúkratrygginga, lækniþjónustu og sjúkrahúsa ykist um 0,4 mrð.kr. Framlög til sjúkratrygginga voru óeðlilega mikil á árinu 1989 vegna uppgreiðslu skulda við Atvinnuleysistryggingasjóð að fjárhæð 0,8 mrð.kr. Enn fremur var gert ráð fyrir verulegum raunsparnaði milli ára í ýmsum kostnaðarliðum svo sem lyfjakostnaði. Stefnt var að því, að samdráttur útgjalda af þessum toga vægi upp að mestu aukin útgjöld vegna yfirtöku ríkissjóðs á hlut sveitarfélaga í kostnaði sjúkratrygginga og rekstri heilsugæslustöðva, en þessi kostnaðarauki var metinn á um 2,5 mrð.kr. Ekki náðist fram sparnaður að því marki, sem að var stefnt, og jukust útgjöld til sjúkratrygginga, sjúkrahúsa og lækniþjónustu um 1,6 mrð.kr. að raunvirði milli ára. Framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs var aukið á fjárlögum um 1 mrð.kr. frá fyrra ári, en framlög til húsbýggingarsjóða skorin niður um 0,7 mrð.kr. Við endurskoðun fjárlaga í kjölfar þjóðarsáttar var hlutur Atvinnuleysistryggingasjóðs skertur um 0,2 mrð.kr. og 0,1 mrð.kr. í viðbót skorinn af byggingarsjóðafé. Við upptöku virðisaukaskatts var framlag ríkisins í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga dregið fram í dagsljósið, en það var áður dregið frá tekjum af söluskatti og ekki talið til ríkistekna. Loks var framlag í Lífeyrissjóð ríkisstarfsmanna skert um 0,7 mrð.kr., án þess að breyting yrði á starfsemi hans. Skerðingin var byggð á þeirri forsendu, að sjóðsstreymi krefðist ekki herra framlags. Alls var gert ráð fyrir, að útgjöld yrðu 95,2 mrð.kr. eða um 93,7 mrð.kr. miðað við fast verðlag 1990. Hafa verður í huga, að við samþykkt fjárlaga var búist við, að verðlag yrði um 1,5% herra á árinu 1990 en raun varð á. Útgjöld urðu alls um 3,2 mrð.kr. meiri á föstu verði en gert var ráð fyrir á fjárlögum eða 96,9 mrð.kr. Í eftirfarandi töflu er gerð grein fyrir helstu breytingum útgjalda milli árana 1989 og 1990 á föstu verði samkvæmt stefnumörkun fjárlaga og útkomu ársins.

Útgjaldabreytingarnar voru af ýmsum toga, eins og getið er í athugasemdum við töflu IV.4. Því er fróðlegt að greina að þær breytingar, sem ætla má að stafi af breyttum umsvifum, og aðrar, sem stafa af kerfisbreytingum eða lækkun framlaga án breyttra umsvifa. Auk

Tafla IV.4. Helstu breytingar ríkisútgjalda 1989 – 1990.

(Mrð.kr. á verðlagi 1990)

	Fjárlög 1990	Endur- skoðuð fjárlög	Útkoma 1990
Skólar vegna verkaskiptingar ¹⁾	-0,8	-0,8	-0,8
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga ¹⁾	1,2	1,2	1,2
Lífeyristryggingar	0,4	0,3	0,7
Atvinnuleysistryggingar ³⁾	1,0	0,8	0,8
Sjúkratryggingar vegna verkaskiptingar ¹⁾ ..	1,7	1,7	1,7
Heilsugæslustöðvar v. verkaskiptingar ¹⁾ ..	1,0	1,0	0,6
Annað í heilbrigðiskerfi ⁴⁾	-1,8	-1,9	-0,7
Uppbætur á lífeyri ²⁾	-0,7	-0,7	-0,6
Byggingarsjóðir ²⁾	-0,7	-0,8	-0,8
Landbúnaðarframlög og niðurgreiðslur ..	-1,1	-0,3	-0,3
Endurgreiðslur óbeinna skatta ¹⁾	-2,2	-2,2	-2,0
Vextir ²⁾	-0,7	-0,6	-1,4
Samtals sundurgreint	-2,8	-2,4	-1,6
Aðrar breytingar alls	-1,1	-1,8	0,9
Breytingar alls	-3,9	-4,2	-0,7

¹⁾ Kerfisbreyting, sem lýsir ekki endilega breyttum umsvifum. ²⁾ Breytt fjárhæð án breyttra umsvifa.
³⁾ Að hluta vegna breyttrar verkaskiptingar. ⁴⁾ M.a. sjúkratryggingar, ótengt verkaskiptingu.

Þess, sem að framan er greint, gefur samanburður milli ára á föstu verði landsframleiðslu til kynna meiri samdrátt útgjalda en eðlilegt er, þar sem verðvísitala landsframleiðslu hækkaði meira milli ára en launataxtar og verðlag samneyslu. Auk þess sem launagreiðslur eru snar þáttur í útgjöldum ríkisins, eru laun nærtæk viðmiðun fyrir bætur almannatrygginga, enda er samanburður af því tagi algengur. Ríkissjóður naut með þessum hætti betri viðskiptakjara á árinu 1990 en árið áður. Í eftirfarandi töflu er gerð tilraun til að einangra það, sem ætla mætti magnbreytingu í umsvifum ríkissjóðs, frá áhrifum kerfisbreytinga, lækkaðra framlaga og viðskiptakjarabata.

Tafla IV.5. Breytingar útgjalda frá 1989 eftir eðli.

(Mrð.kr. á verðlagi 1990)

	Fjárlög 1990	Endur- skoðuð fjárlög	Útkoma 1990
Breytingar alls (verðlag VLF 1990)	-3,9	-4,2	-0,7
Frá dragast:			
Kerfisbreytingar, nettó	1,6	1,5	1,7
Breytt framlög án breyttra umsvifa	-2,1	-2,1	-2,8
Leiðrétt v. „viðskiptakjarabreytinga“ ..	-0,7	-1,3	-0,4
Endurmetin raunbreyting útgjalda	-2,7	-2,3	0,9
Til samanburðar:			
Raunbreyting tekna á föstu verði VLF ...	-0,7	-2,2	1,7
Endurmetin raunbreyting halla (=bati)	-2,0	-0,1	-0,8

Lánahreyfingar og lánsfjármögnun

Vert er að staldra við síðustu þrjár línurnar í töflu IV.5. Þegar áhrif kerfisbreytinga hafa verið síuð frá og leiðrétt fyrir misgengi verðlags, virðist svo sem ríkisútgjöld hafi heldur aukist milli ára, þótt sú aukning sé ekki mikil. Tekjur hafa aukist nokkru meira, þótt ekki sé þar byggt á jafnitarlegri greiningu. Undanfarin ár hafa útgjöld ríkissjóðs aukist úr um 25% af VLF á árunum 1981 – 1987 í um 29% af VLF, og svarar þessi hækkun til um 13 mrð.kr. miðað við tölur ársins 1990. Hluti þessara breytinga stafar þó fremur af breyttri framsetningu fremur en raunverulegum útgjaldaauka. Breytt verkaskipting ríkis og sveitarfélaga, flutningur lánastarfsemi ríkissjóðs úr B-hluta ríkisreiknings í A-hluta og færslubreytingar, sem tengjast upptöku virðisaukaskatts í stað söluskatts, valda 2 – 2,5% hækkun, en raunveruleg hækkun vegna aukinna umsvifa er 1,5 – 2%. Einstakir útgjaldaliðir hafa þó hækkað verulega, en aðrir lækkað. Útgjöld til sjúkratrygginga, sjúkrahúsa og lækniþjónustu jukust þannig úr að meðaltali 5,6% af VLF á árunum 1981 – 87 í um 7,2% á árinu 1990. Einungis helmingur hækkunarinnar verður rakinn til breyttrar verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga. Á hinn bóginn hafa útgjöld til orkumála dregist saman úr 1,2% af VLF að meðaltali á árunum 1981 – 85 í 0,3 – 0,4%. Munar þar mest um niðurfellingu verðjöfnunargjalds af raforku og minni greiðslur vegna fjármagnskostnaðar orkufyrirtækja. Þessir liðir hurfu eða drógust verulega saman, þegar ríkissjóður tók yfir skuldir orkufyrirtækja í þremur áföngum 1983, 1986 og 1989. Þeir bergmála þó áfram í vaxtakostnaði ríkissjóðs.


Útstreymi á viðskiptareikningum var áætlað á fjárlögum 0,6 mrð.kr., en varð 2,1 mrð.kr. Mismunurinn stafar einkum af gjaldfresti, sem veittur er á virðisaukaskatti, sem leggst á við tollafgreiðslu innflutnings. Nam þessi gjaldfrestur 1,1 mrð.kr. í árslok 1990, og var þessi fjárhæð talin með tekjum ársins. Áframhald varð einnig á fyrirgreiðslu ríkissjóðs við sláturleyfishafa, sem er skylt samkvæmt búvörulögum að gera upp skuldir við bændur mun fyrr en tekjur af afurðasölu falla til. Fyrir þessari fyrirgreiðslu var tekið skammtímalán í Seðlabankanum.

Gert var ráð fyrir á fjárlögum, að innheimtar afborganir af veittum lánum ríkissjóðs yrðu 3,5 mrð.kr., en nýjar lánveitingar 2,4 mrð.kr. Auk þess var að vanda opin heimild í lánsfjárlögum til að taka lán í nafni ríkissjóðs og endurlána opinberum aðilum, sem höfðu heimild til lántöku með ríkisábyrgð á lánsfjárlögum. Eins og undanfarin ár var þessi milligönguheimild notuð í nokkrum mæli og veitt lán að fjárhæð 0,4 mrð.kr. samkvæmt henni. Þá var heimild Lánasjóðs íslenskra námsmanna til erlendra lántöku aukin úr 1,9 mrð.kr. í 2,3 mrð.kr. og veitt heimild til að lána 0,2 mrð.kr. vegna alþjóðlegrar

flugþjónustu. Auk þess notaði Atvinnutryggingarsjóður heimild frá fyrra ári til að taka að láni 0,3 mrð.kr., en 0,4 mrð.kr. af heimildum ársins voru ónýttir í árslok. Nýjar lánveitingar urðu alls 3,6 mrð.kr. á árinu, en innheimta varð 3,1 mrð.kr., 0,4 mrð.kr. minni en ætlað var, og stafaði munurinn af minni breytingum verðlags og gengis en gert hafði verið ráð fyrir. Eignfærð framlög umfram sölu hlutafjár urðu 0,1 mrð.kr. í stað 0,2 mrð.kr. samkvæmt fjárlögum. Þess ber að geta, að þegar ríkissjóður selur hlutabréf og lánar hluta andvirðisins, kemur einungis útborgunin fram sem eignasala á greiðsluyfirlitum. Fullt andvirði kemur hins vegar fram sem fjárinnstreymi í ríkisreikningi.

Hrein lánsfjárförf ríkissjóðs, halli að viðbættum hreinum lánveitingum, framlögðu áhættufé og útstreymi af viðskiptareikningum, varð þannig alls 7,2 mrð.kr. Afborganir af teknum lánnum ríkissjóðs utan Seðlabanka urðu alls 4,1 mrð.kr. án skuldbreytinga í stað 4,7 mrð.kr. samkvæmt áætlun fjárlaga. Mest munaði um, að innlausn spariskrifteina varð 1,5 mrð.kr., sem var 0,5 mrð.kr. undir áætlun. Verg lánsfjárförf varð því 11,3 mrð.kr. í stað 8 mrð.kr. á fjárlögum.

Sem fyrr segir var hrein lánsfjárförf ríkissjóðs leyst á innlendum markaði á árinu, alls 7,2 mrð.kr. Halli og lánsfjárförf mynduðust framan af árinu, og komst hrein lánsfjárförf í rúma 10 mrð.kr. í lok ágúst og september eins og sést á meðfylgjandi línuriti. Framan af árinu var þessari þörf mætt að mestu leyti með mikilli sölu ríkisvixla, sem innlánsstofnanir keyptu vegna rúmrar lausafjárstöðu, og komst sala umfram innlausn hæst í 6,5 mrð.kr. í lok september. Á síðasta fjórðungi ársins gekk ríkisvixlasalan að nokkru til baka og varð rétt



rúmir 2 mrð.kr. umfram innlaun á árinu öllu. Sala spariskírteina tók við, þar sem ríkisvixla þraut, og varð hún 7,5 mrð.kr. á árinu. Innlaun varð minni en búist var við, 1,5 mrð.kr. í stað 2 mrð.kr. Bankakerfið og verðbréfasjóðir voru stórir kaupendur, og nam aukning þessara eigna 2,6 mrð.kr., 1,3 mrð.kr. hjá verðbréfasjóðum og 0,7 mrð.kr. hjá Seðlabanka umfram hækkun samkvæmt lánskjaravísitölu. Ríkisvixlæign innlánsstofnana jókst um 3,1 mrð.kr., en vixlæign Seðlabankans lækkaði um 1,2 mrð.kr. Ríkisvixlæign Seðlabankans um áramót stafar eingöngu af sérstakri, umsaminni skammtímafyrirgreiðslu bankans við innlánsstofnanir og er því nátengd kaupum innlánsstofnana á verðbréfum ríkissjóðs. Auk þessa hafði Seðlabankinn forgöngu um, að ríkissjóður greiddi upp langtímaskuldabréf í eigu bankans, alls 3,4 mrð.kr. Á móti var bindiskylda lækkuð um 1% eða 3,8 mrð.kr. gegn því, að innlánsstofnanir keyptu sérstök ríkisskuldabréf til 10 ára fyrir þetta fé.

Bankakerfið og verðbréfasjóðir stóðu þannig nær algerlega undir lánsfjáröflun ríkissjóðs á árinu og lögðu til um 6 mrð.kr. af 7,2 mrð.kr., sem aflað var umfram afborganir. Það greiddi tvímælaust fyrir þessum lántökum, að á árinu var lausafjárskylda innlánsstofnana hækkuð úr 9% í 12% af innlendu ráðstöfunarfé, sem jafngildir hækkun um 4,5 mrð.kr. samkvæmt stöðutölum í árslok, og að á móti hækkuðu lausafjárhlutfalli var sú fjárhæð spariskírteina, sem innlánsstofnanir mega telja fram til að fullnægja skilyrðum um laust fé, hækkuð úr 1% í 2% af ráðstöfunarfé eða um sem svarar 1,5 mrð.kr. samkvæmt stöðu í árslok.

Aðrar hliðar ríkisfjármála

Halli á A-hluta ríkissjóðs segir ekki alla söguna um ríkisbúskapinn. Á síðari árum hefur ríkissjóður stofnað til ýmissa skuldbindinga, sem koma ekki fram í uppgjöri A-hlutans. Framlög til húsbýggingarsjóða hafa dregist saman, en útlánum og taprekstri verið haldið áfram. Vextir hafa verið hækkaðir úr 3,5% í 4,5% á nýjum útlánum Byggingarsjóðs ríkisins, en fjármagnskostnaður hefur hækkað mun meira, frá því að húsnæðislán voru stóraukin 1986. Annar stór sjóður á vegum ríkisins, Lána sjóður íslenskra námsmanna, hefur verið mun betur haldinn með eiginfjárframlög eins og fram kemur í töflu IV.7. Þá hafa á undanfórnum árum verið stofnaðir skuldbreytingasjóðir, Atvinnuþryggingarsjóður útflutningsgreina og Hluta fjársjóður, sem lagt hafa lán, hlutafé og ábyrgðir til bágstaddra fyrirtækja. Varla fer hjá því, að nokkur hluti þessa fjár tapist. Í eftirfarandi töflu er gerð grein fyrir framlögum til þriggja félagslegra lána sjóða ríkisins, sem lána fé á mun lægri vöxtum en nemur kostnaði lánsfjár.


Tafla IV.6. Framlög ríkissjóðs til þriggja sjóða í B-hluta ríkisreiknings.

(Hlutföll af lánveitingu ársins)

	Byggingar- sjóður ríkisins	Byggingar- sjóður verkamanna	Lánasjóður ísl. námsmanna
1981	17,1%	65,8%	70,2%
1982	17,8%	45,5%	70,6%
1983	21,4%	38,6%	83,7%
1984	15,8%	48,9%	58,1%
1985	50,7%	36,5%	76,4%
1986	45,7%	27,4%	83,1%
1987	21,1%	24,6%	44,8%
1988	19,2%	32,1%	58,6%
1989	7,3%	20,6%	70,2%
1990	0,5%	13,0%	59,8%

Heimildir: Skýrsla ríkisendurskoðunar um byggingarsjóðina, ríkisreikningur, skýrslur fjármálaráðherra til Alþingis, LÍN.

Mánaðarleg meðal-
skuld ríkissjóðs við
Seðlabankann
að frádreginni stöðu í
ársbyrjun. Hlutfall af
vergi landsframleiðslu



Fyrirgreiðsla Seðlabankans

Helstu heimildir, sem tiltækar eru um afkomu ríkissjóðs innan ársins, eru mánaðarleg greiðsluyfirlit, sem sett eru upp með líkum hætti og fjárlög. Oft munar verulega á afkomu ríkissjóðs samkvæmt þessum heimildum og endanlegum ríkisreikningi, og kemur ýmislegt til. Í fyrsta lagi eru takmarkaðar heimildir til innan ársins um tekjur, sem eru ekki fallnar í gjalddaga, en teljast þó til tekna ársins, svo sem er um virðisaukaskatt síðustu tveggja mánaða ársins. Í öðru lagi eru eignakaup og sala ekki tekju- eða gjaldfærð á fjárlögum né í greiðsluyfirlitum umfram þær greiðslur, sem inntar eru af hendi á árinu. Fjármálaráðherra eru veittar heimildir í fjárlögum til að kaupa húsnæði í tilteknum tilgangi og taka til þess nauðsynleg lán, en fátítt er, að getið sé um leyfilega hámarksfjárhæð. Sami háttur hefur verið hafður á, þegar ríkissjóður yfirtekur skuldir. Fjárhæð er að jafnaði ekki tilgreind í fjárlagaheimild, og ráðstöfunin kemur ekki fram í yfirlitum innan ársins. Sem dæmi um slíkar skuldayfirtökur má nefna yfirtöku ríkissjóðs á skuldum orkufyrirtækja í áföngum 1983, 1986 og 1989, yfirtöku á skuldum Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins á árinu 1990 að fjárhæð 1,5 mrð.kr. og 1,1 mrð.kr. uppgjörsgreiðslu ríkissjóðs til kaupenda Útvegsbankans fyrir áramótin 1989 – 1990. Í síðastnefnda tilvikinu var raunar um að ræða fjárinnstreymi vegna eignasölu á móti þeim skuldbindingum, sem teknar voru yfir, en framlagið var engu að síður harla hliðstætt framlagi, sem gjaldfært var sem hlutafjárukning á árinu 1987. Með því að endurbæta greiðsluyfirlit ríkissjóðs ætti að mega færa þau mun nær niðurstöðu endanlegs ríkisreiknings en nú er.

Fyrirgreiðsla Seðlabankans við ríkissjóð er gjarnan metin á ári hverju með meðalstöðu hlaupareikninga á árinu að frádreginni stöðu í byrjun árs og með leiðréttingu fyrir hreyfingum samningsbundinna lána. Skuldbreyting sú eða sala á löngum Seðlabankalánum ríkis-

Verðbréfaeign og skuldir ríkissjóðs

sjóðs til innlánsstofnana, sem lýst var hér að framan, er þó ekki látin koma til lækkunar fyrirgreiðslu í eftirfarandi yfirliti. Eins og sjá má var fyrirgreiðsla Seðlabankans við ríkissjóð mjög mikil á árinu 1988, en var á síðasta ári lægra hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu en verið hefur nokkurt ár síðan 1984. Er það ekki síst að þakka rúmri lausafjárstöðu og mikilli ríkisvixlasölu á fyrri hluta ársins.

Tafla IV.7. Fyrirgreiðsla Seðlabankans við ríkissjóð.

(Meðaltal á árinu, verð hvers tíma)

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990
M.kr.	68	157	231	976	625	2607	1699	1907	5907	4395	2451
% af VLF	0,44	0,65	0,61	1,48	0,71	1,31	1,07	0,92	2,32	1,50	0,73

Í töflu IV.8 er gerð grein fyrir helstu eignum og skuldum ríkissjóðs. Svo sem sjá má eykst skuld umfram lánveitingar um 9,4 mrð.kr. eða úr 62,7 mrð.kr. í 71,1 mrð.kr. á föstu verði milli ársloka 1989 og 1990. Halli, skammtímaústreymi og eignfærð framlög á árinu 1990 námu hins vegar tæplega 7 mrð.kr. samkvæmt töflu IV.1. Skýring þessa mismunar er að hluta fólgin í mismunandi áföllnum verð- og gengishækkunum eigna og skulda, en að hluta í yfirtöku skulda Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins eins og lýst er að framan. Svo sem sjá má í töflunni hefur hrein skuld ríkissjóðs vaxið hröðum skrefum frá árinu 1983, en þá hófst yfirtaka ríkissjóðs á skuldum orkufyrirtækja. Í árslok 1982 voru skuldir umfram veitt lön innan við 10 mrð.kr. á núverandi verðlagi. Með stöðugum hallarekstri og frekari skuldayfirtöku á árunum 1986 og 1989 er skuld umfram veitt lön komin í rúma 70 mrð.kr. í árslok 1990.

Tafla IV.8. Skuldir og veitt lön ríkissjóðs.

(Mrð.kr. á verði ársloka 1990 skv. framfærsluvísitölu)

	Skuld við				
	Seðla- banka ¹⁾	Erlend lán	Innlend lán	Skuldir alls	Veitt lön lán
1965	2,1	4,8	1,8	8,8	8,5
1970	3,5	11,4	4,2	19,1	10,6
1975	10,4	21,7	11,3	43,3	23,3
1981	4,8	28,2	19,0	52,0	37,2
1982	1,2	42,2	20,0	63,3	54,5
1983	5,7	45,8	20,4	71,8	47,7
1984	3,9	58,2	16,4	78,5	54,2
1985	9,4	57,0	18,4	84,7	54,9
1986	3,3	57,7	26,1	87,2	45,3
1987	6,3	46,9	29,7	82,8	37,8
1988	11,6	53,0	32,6	97,2	39,6
1989	5,7	58,5	35,4	97,1	34,4
1990	1,5	57,4	48,1	107,0	35,9

¹⁾ Þar með talin skuld á hlaupareikningum, en hvorki spariskirteini né ríkisvixlar, sem eru talin með innlendum skuldum.

Heimildir: Ríkisreikningur og skýrslur fjármálaráðherra til Alþingis.

V. PENINGAMÁL OG INNLENDUR LÁNAMARKAÐUR

Yfirlit

Próun peningamála á árinu 1990 einkenndist af mikilli lánsfjáreftirspurn opinberra aðila, sem í miklum mæli var mætt með innlendum lántökum. Hreinar lántökur þeirra á innlendum markaði námu um 14,4 mrð.kr., en erlendar lántökur að frádregnum afborgunum um 9 mrð.kr. Lánsfjáreftirspurn atvinnufyrirtækja var hins vegar afar lítil og gætir þar vafalítið áhrifa þess, að fjárfesting þeirra er nú með minnsta móti, jafnframt því sem fyrirtækin virðast nota batnandi afkomu til að greiða niður skuldir við lánastofnanir. Lántökur heimilanna voru hins vegar verulegar, þótt nokkuð hafi hægt á þeim, er leið á árið. Meginskýring þessa eru aukin útlán húsnæðislánasjóðanna, en lántökur heimilanna í innlánsstofnunum voru einnig miklar. Í heild ríkti nokkuð gott jafnvægi á lánamarkaðnum og hefur það vafalítið stuðlað að jafnvægi í þjóðarbúskapnum, að lánsfjárförf ríkissjóðs og annarra opinberra aðila var í svo ríkum mæli fjármögnuð á innlendum markaði utan Seðlabankans sem raun ber vitni. Nafnvextir á óverðtrygðum inn- og útlánnum innlánsstofnana lækkuðu hratt í upphafi árs í takt við lækkandi verðbólgu.

Nafnvextir vísitölubundinna lána hjá innlánsstofnunum hækkuðu þó frekar á árinu, þótt þar sé ekki um að ræða miklar breytingar. Nafnvextir spariskírteina ríkissjóðs voru óbreyttir allt árið, frá því sem þeir voru seinni hluta árs 1989, eða 6%, en ríkissjóður seldi bréfin með afföllum í áskrift og til stórkaupenda. Meðaltalsávöxtun spariskírteinnanna virðist hafa orðið um 6,8% á árinu 1990. Þessi ávöxtun er því svipuð og ávöxtun spariskírteina á árinu 1989. Vaxtalækkun spariskírteina, sem gerð var á seinni hluta árs 1989, gekk því til baka á árinu 1990. Hins vegar virðast vextir á öðrum markaðsverðbréfum svo sem skuldabréfum verðbréfasjóða, eignarleiga og banka hafa farið lækkandi, og virðist því sem betra samræmi hafi komist á milli ávöxtunar hinna ýmsu verðbréfa.

Lánakerfið

Samkvæmt bráðabirgðatölum, sem enn eru að hluta til áætlaðar, hafa útlán og verðbréfaeign lánakerfisins aukist um tæpa 64 mrð.kr. eða


um 13,6% á árinu samanborið við 33,6% á árinu 1989. Mjög hefur því dregið úr aukningu útlána á árinu í takt við lækkandi verðbólgu. Þegar lítið er á einstaka hluta lánamarkaðarins, má sjá, að aukningin var hlutfallslega mest hjá verðbréfasjóðum. Verðbréfaeign þeirra jókst um 46%, sem er svipuð aukning og á árinu 1989. Verðbréfasjóðir eru þó enn lítill hluti lánakerfisins. Verðbréfaeign þeirra var um 13 mrð.kr. í lok árs 1990, en heildarútlán og verðbréfaeign lánakerfisins er áætluð hafa numið 532 mrð.kr. í lok ársins.

Tafla V.1. Innlendur lánamarkaður.

	Staða í árslok, mrð.kr.			Hreyfing 1990	
	1988	1989	1990 ¹⁾	Mrð.kr.	%
EIGNIR					
Útlán og verðbréfaeign	351,0	468,6	532,2	63,6	13,6
Bankakerfið	132,8	165,4	181,3	15,9	9,6
Fjárfestingarlánasjóðir	87,7	121,9	143,9	22,0	18,1
Lífeyrissjóðir	67,4	94,4	123,6	29,2	30,9
Tryggingarfélag	8,0	12,2	13,6	1,4	11,5
Eignarleigur	6,4	7,9	7,4	-0,5	-6,3
Verðbréfasjóðir	5,8	8,9	13,0	4,1	46,3
Útlönd	138,1	191,2	198,4	7,1	3,7
Lánasjóðir ríkisins	33,6	45,6	53,8	8,2	18,0
Millisamtala	479,9	647,6	735,1	87,5	13,5
Frá dragast innbyrðis viðskipti	-128,8	-179,0	-202,9	-23,9	13,4
<i>Eignir=skuldir</i>	<i>351,0</i>	<i>468,6</i>	<i>532,2</i>	<i>63,6</i>	<i>13,6</i>
SKULDIR					
Peningalegur sparnaður	226,4	300,4	360,5	60,1	20,0
Frjáls	100,3	133,4	159,6	26,2	19,6
Innlán og seðlar	78,2	100,7	116,0	15,2	15,1
Spariskírteini og happdrættisbréf	6,8	11,5	15,6	4,1	35,5
Tryggingarsjóðir tryggingarféлага	6,2	8,4	9,3	0,8	9,6
Annar	9,1	12,8	18,8	6,0	47,2
Kerfisbundinn	126,1	166,9	200,9	33,9	20,3
Eignir lífeyrissjóða	72,1	101,0	130,8	29,8	29,5
Skyldusparnaður í fjárfestlsj.	2,9	3,5	3,8	0,3	8,1
Eigið fé lánastofnana og annað, nettó	51,2	62,4	66,3	3,9	6,2
Erlent lánsfjármagn	124,6	168,2	171,8	3,5	2,1
Löng erlend lán	112,8	166,0	175,2	9,1	5,5
Stutt lán	25,4	25,2	23,2	-2,0	-7,9
Stuttar kröfur á útlönd	-13,5	-23,0	-26,6	-3,6	15,8

1) Bráðabirgðatölur og áætlaðar tölur að hluta.

Aukning útlána lánakerfisins var að mestu leyti borin uppi af innlendum sparnaði. Peningalegur sparnaður, sem er samtala frjáls og kerfisbundins sparnaðar, jókst um 20% á árinu 1990 eða um 60 mrð.kr. Hinn þáttur fjármögnunar útlána lánakerfisins er erlent lánsfjármagn. Notkun þess jókst um 3,5 mrð.kr. nettó eða um 2%. Hafa



ber í huga, að meðalgengi krónunnar var óbreytt allt árið, þótt innbyrðis breytingar yrðu á gengi einstakra gjaldmiðla. Þessar gengisbreytingar leiddu til þess, að erlendar skuldir, mældar í krónum, urðu lægri en ella. Þetta orsakast af því, að stór hluti erlendra lána þjóðarbúsins er tengdur Bandaríkjadollar, sem lækkaði á árinu 1990.

Hér hafa orðið straumhvörf, þar sem innlendur sparnaður stendur að mestu leyti undir aukningu útlána, og þarf væntanlega að leita langt aftur til þess að finna sambærilega þróun. Að líkindum má rekja þennan árangur til breyttrar vaxtastefnu, en háir raunvextir undanfarinna ára hafa örvað innlandan sparnað og dregið úr eftirspurn eftir lánsfé. Ennfremur er þess að gæta, að fjárfesting var með minnsta móti árið 1990.

Frjáls sparnaður jókst um röski 26 mrð.kr. á árinu 1990 eða tæp 20%. Aukningin var hlutfallslega mest í því, sem flokkað er undir „annan frjálsan sparnað“, en þar eru m.a. hlutdeildarbréf verðbréfasjóða og skuldir eignarleiga. Þessi liður óx um rúm 47% á árinu. Ef hins vegar er litið á breytingar í krónum, varð mest aukning á stærsta hluta hins frjálsa sparnaðar, þ.e. innlánsfé í innlánsstofnunum, en þar var aukningin 15,2 mrð.kr. Aukning annars frjáls sparnaðar var hins vegar um 6,0 mrð.kr. Kerfisbundinn sparnaður óx um rúm 20% á árinu eða um 34 mrð.kr. Stærsti liður hins kerfisbundna sparnaðar er sparnaður í lífeyrissjóðum og er talið, að hann hafi vaxið um tæpa 30 mrð.kr. eða um rúm 29,5%.

Í töflu V.2 er sýnd lánaflokkun lánakerfisins. Þar sést, að aukning útlána árið 1990 rann að mestu til heimila og ríkissjóðs. Langmest er


aukning lána til heimila. Talið er, að þau hafi aukist um 35 mrð.kr. á árinu eða tæp 26%. Lán til ríkissjóðs jukust um 8,7 mrð.kr. eða um 13%. Rétt er að vekja athygli á, að tölur í þessari töflu um lán til ríkissjóðs og fyrirtækja eru ekki sambærilegar við tölur, sem birtar hafa verið hingað til. Ástæðan er sú, að lán til atvinnufyrirtækja í eigu ríkissjóðs hafa verið flutt yfir á liðinn fyrirtæki. Þannig hafa til dæmis lán til orkufyrirtækja í eigu opinberra aðila svo sem Landsvirkjunar verið flutt frá ríkissjóði í þessari flokkun yfir á fyrirtæki. Almennt má segja um þessa flokkun lána lánakerfisins, að hún byggist enn sem komið er á margvíslegum áætlunum vegna skorts á traustum upplýsingum. Fyllsta ástæða er því til að fara varlega við notkun þessara talna.

Aukning lána til fyrirtækja var lítil á árinu 1990, aðeins tæp 7%, og hafa þau því dregist saman að raungildi á árinu. Aukning á lánum til sveitarfélaga varð 15%, en hafa þar í huga, að þar er ekki um stóran lánþega að ræða í lánakerfinu.

Tafla V.2. Útlánaflokkun lánakerfisins.¹⁾

	Staða í árslok, mrð.kr.			Hreyfing 1990	
	1988	1989	1990	Mrð.kr.	%
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	48,9	66,4	75,0	8,7	13,0
Bæjar- og sveitarfélög	12,6	16,4	18,8	2,5	15,0
Atvinnuvegir	186,1	247,7	264,9	17,1	6,9
Heimili	103,4	138,1	173,5	35,4	25,6
Samtals útlán	351,1	468,6	532,2	63,6	13,6

1) Áætlaðar tölur að hluta.



Í töflu V.3 eru birtar áætlanir um aukningu hreins peningalegs sparnaðar á árunum 1985 – 1990, en með hreinum sparnaði er hér átt við raunverulega aukningu peningalegs sparnaðar á meðalverðlagi ársins, þegar frá hefur verið dregið endurmat vegna verðbreytinga. Þar kemur fram mikil aukning á nýjum peningalegum sparnaði á síðasta ári eða um 38 mrð.kr. samanborið við rúma 16 mrð.kr. árið 1989. Báðir stofnar hins peningalega sparnaðar, hinn frjálsi og hinn kerfisbundni, virðast hafa vaxið stórlega á síðasta ári. Sérstaklega er aukning á kerfisbundnum sparnaði mikil. Áætlað er, að hún hafi numið um 21 mrð.kr. á síðasta ári, reiknað á framangreindan hátt. Þessi mikla aukning á sér m.a. þá skýringu, að á árinu náðist síðasti áfanginn í breikkun iðgjaldastofns lífeyrissjóðanna, en eignir lífeyrissjóðanna eru stærsti einstaki liðurinn í kerfisbundnum sparnaði. Iðgjaldastofninn hefur stækkað í áföngum síðan 1986, er um það var samið, að hann skyldi miðast við öll greidd laun, en ekki aðeins dagvinnulaun. Frjáls sparnaður hefur einnig aukist verulega eða úr 7,2 mrð.kr. í 16,2 mrð.kr., og gætir þar vafalaust áhrifa hárra raunvaxta og aðhalds í fjárfestingu atvinnufyrirtækja.

Tafla V.3. Aukning peningalegs sparnaðar 1985 – 1990.¹⁾

Á meðalverðlagi hvers árs

Í mrð.kr.	1985	1986	1987	1988	1989	1990
Peningalegur sparnaður	5,9	16,3	17,6	19,3	15,4	37,6
Frjáls sparnaður	1,0	8,4	6,9	5,0	7,2	16,2
Kerfisbundinn sparnaður	4,9	7,9	10,7	14,3	8,3	21,4

Hlutföll af landsframleiðslu

Í %	1985	1986	1987	1988	1989	1990
Peningalegur sparnaður	4,9	10,3	8,5	7,6	5,2	11,2
Frjáls sparnaður	0,8	5,3	3,3	2,0	2,4	4,8
Kerfisbundinn sparnaður	4,1	5,0	5,1	5,6	2,8	6,4

1) Aukning peningalegs sparnaðar er reiknuð með þeirri aðferð að færa stöðutölur í ársbyrjun og árslok til meðalverðlags ársins með framfærsluvísitölu og finna mismun þeirra.


Á árinu 1990 runnu um 50% nýs peningalegs sparnaðar til að mæta lánsfjárbörf opinberra aðila, þ.e. ríkissjóðs, sveitarfélaga og opinberra lánasjóða. Hreinar lántökur þessara aðila á innlendum lána-markaði voru röskir 19 mrð.kr. á árinu 1990 borið saman við tæpa 9 mrð.kr. á árinu 1989.

Við gerð kjarasamninga í upphafi ársins 1990 lýstu viðskiptabankar og sparissjóðir sig reiðubúna til að lækka nafnvexti óverðtryggðra inn- og útlána í takt við minnkandi verðbólgu. Yfirlýsingin tók til þriggja atriða: Í fyrsta lagi lýstu þeir sig reiðubúna til að lækka nafnvexti almennra skuldabréfa um 7% hinn 1. febrúar og aðra vexti til sam-

Vextir skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987

	Meðal- ávöxtun nýrra óverðtr. útlána banka og sparisj.	Dráttar- vextir á ári
1989:		
Desember	33,5	40,8
1990:		
Janúar	33,6	40,8
Febrúar	30,3	37,2
Mars	23,7	30,0
Apríl	20,0	26,0
Mái	14,6	23,0
Júní	14,6	23,0
Júlí	14,7	23,0
Ágúst	14,8	23,0
September	14,8	23,0
Október	14,5	21,0
Nóvember	12,7	21,0
Desember	13,8	21,0

ræmis. Í öðru lagi að fylgja næstu fjóra mánuði þeirri reglu við vaxta-
ákvarðanir að miða við 3 mánaða breytingar lánskjaravísitölu, þar
sem einn mánuður er liðinn, en tveir óþekktir. Í þriðja lagi að miða
vaxtaákvarðanir sínar seinni hluta ársins við það, að ávöxtun vísitölu-
bundinna og óverðtryggðra liða yrði sem líkust á árinu.



Nafnvextir á óverðtryggðum inn- og útlánunum í innlánsstofnunum
lækkðu því mikið á fyrstu mánuðum ársins í kjölfar ört lækkandi
verðbólgu. Sem dæmi má nefna, að meðalnafnvextir óverðtryggðra
skuldabréfa, sem voru 31,8% í upphafi ársins, urðu 14% hinn 1. apríl
og höfðu því lækkað um 17,8% frá áramótum. Óverulegar breytingar
urðu á vöxtum banka og sparisjóða frá því á vormánuðum þar til í
byrjun októbermánaðar, þegar frekari vaxtalækkun átti sér stað.
Þessi vaxtalækkun var þó illa tímasett, þar sem undir lok ársins tók að
hilla undir nokkru meiri verðbólgu en verið hafði vegna hækkunar
olíuverðs og kauphækkana í desember. Í raun hefði þessi vaxta-


Tafla V.4. Þróun nafnvaxta nokkurra inn- og útlána í viðskiptabönkum og sparisjóðum.

Í % á ári	Almennar spari- bækur	Bundnir skipti- kjara- reikn.	Almenn vixil- lán forv.	Óverð- tryggð skulda- bréf (B-flokkur)	Vísi- tölu- bundin lán
21/12 1989	11,2	26,0	27,5	31,8	7,8
21/ 2 1990	5,9	16,8	21,2	22,2	7,9
21/ 4	3,0	10,7	13,7	14,0	7,9
21/ 6	3,0	10,7	13,7	14,1	8,0
21/ 8	3,0	10,7	13,8	14,2	8,2
21/10	2,3	10,5	12,7	12,7	8,2
21/12	2,8	10,9	13,3	13,5	8,2

lækkun átt að koma fram fyrir, þar sem raunvextir óverðtryggðra liða urðu allhár á 3. fjórðungi ársins. Óvissa ríkti þó á þeim tíma um verðlagshorfur, m.a. vegna óvissu í launamálum. Undir lok ársins brugðust bankar og sparisjóðir við aukinni verðbólgu og vaxandi útlánaeftirspurn með nokkurri hækkun nafnvaxta óverðtryggðra inn- og útlána.

Þrátt fyrir mikla lækkun nafnvaxta á óverðtryggðum liðum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum urðu raunvextir á árinu 1990 hærrí en árið á undan. Þannig urðu til dæmis meðalraunvextir almennra óverðtryggðra skuldabréfa miðað við framfærsluvísitölu 9,1% árið 1990 samanborið við 4,7% árið 1989. Aðrir meðalraunvextir á óverðtryggðum útlánnum banka og sparisjóða hækkðu samsvarandi. Rétt er þó að geta þess, að þessir vextir voru óvenjulágir 1989 og verulega lægri en meðalraunvextir vísitölubundinna útlána. Þetta snerist við árið 1990, er raunvextir óverðtryggðra skuldabréfa urðu hærrí en vísitölubundinna lána.


Meðaltal nafnvaxta vísitölubundinna útlána viðskiptabanka og sparisjóða breyttist hins vegar lítið árið 1990 og var um 8% allt árið. Fyrri hluta árs var þetta meðaltal þó á bilinu 7,9% – 8%, en 8% – 8,2% seinni hluta ársins. Raunvextir vísitölubundinna útlána miðað við framfærsluvísitölu voru að meðaltali 7,8% eða ívið lægri en nafnvextir. Stafar þetta af því, að hækkun framfærsluvísitölnnar var um 0,2% meiri en lánskjaravísitölu.



Á miðju ári tók Búnaðarbanki, síðastur viðskiptabankanna, upp svokallað kjörvaxtakerfi, en það felur í sér, að viðskiptamenn bankanna eru greindir í flokka eftir fjárhagsstöðu, skilvísí og viðskipta-

Tafla V.5. Dæmi um þróun vaxta 1989 – 1990 í % á ári.

**Ávöxtun umfram láns-
kjaravísitölu
1987-1990**



*Raunávöxtun inn-
lendra gjaldeyris-
reikninga og
gengisbundinna
krónureikninga
m.v. breytingar
í % á ári framfærsluvísitölu*

	1989	1990
Bandaríkjad.	15,5	-9,8
Sterlingspund	7,1	14,5
V-þýsk mörk	18,7	1,7
Danskar kr.	20,7	4,8
SDR	12,6	-1,8
ECU	17,8	5,6

	1989	1990	I. ársfj. 1990	II. ársfj. 1990	III. ársfj. 1990	IV. ársfj. 1990
Ávöxtun óverðtryggðra liða:						
Ríkisvixlar ¹⁾	29,6	13,9	20,7	13,0	13,1	11,3
Millibankalán	24,8	15,9	23,4	14,1	13,8	13,0
Viðskiptareikningar í Seðlabanka	10,3	4,5	8,0	3,6	3,0	3,3
Almennar sparisjóðsbækur	11,2	3,7	6,4	3,0	3,0	2,5
Óbundnir sérkjarareikningar ²⁾	21,3	10,9	16,3	9,4	9,7	8,2
Bundnir skiptkjarareikningar	24,1	12,8	18,6	11,0	11,1	10,9
Almenn víxillán, 60 daga	29,4	17,0	24,9	14,9	14,9	13,9
Almenn skuldabréfalán	29,5	17,1	25,5	14,5	14,7	13,5
Viðskiptavixlar, 60 daga	33,1	19,6	27,3	17,4	17,4	16,4
Dráttarvextir	35,9	26,0	36,0	24,0	23,0	21,0
Meðalávöxtun nýrra almennra útlána	28,1	18,5	29,2	16,4	14,8	13,7

Nafnvextir vísitölubundinna liða:

6 mánaða innlánsreikningar	2,9	2,9	2,8	2,8	2,8	2,9
Skuldabréfalán banka og sparisjóða	7,8	8,0	7,9	7,9	8,1	8,2
Skuldabréf, útg. af bönkum og spsj. Frá:	6,75	6,25	6,25	6,25	6,25	6,2
Skuldabréf, útg. af bönkum og spsj. Til:	9,0	7,1	7,75	7,0	6,75	6,7
Spariskírteini ríkissjóðs í frumsölu:	6,7	6,8
Almenn sala	5,5-7	6,0	6,0	6,0	6,0	6,0
Áskrift	7,0	6,2	6,2	6,2	6,2	6,2
„Stórsala“	...	7,0	6,1	6,5	7,0	7,0
Meðalvextir á Verðbréfaþingi ³⁾	7,4	7,0	6,7	6,9	7,1	7,0

Raunvextir m.v. framfærsluvísitölu:⁴⁾

Ríkisvixlar ¹⁾	4,8	6,1	8,4	3,2	10,7	4,6
Millibankalán	0,9	8,0	10,8	4,2	11,3	6,2
Viðskiptareikningar í Seðlabanka	-10,8	-2,6	-3,0	-5,5	0,8	-2,9
Almennar sparisjóðsbækur	-10,1	-3,4	-4,4	-6,0	0,8	-3,6
Óbundnir sérkjarareikningar ²⁾	-1,9	3,3	4,4	-0,1	7,4	1,7
Bundnir skiptkjarareikningar	0,3	5,1	6,5	1,3	8,7	4,2
Víxillán, 60 daga	4,6	9,0	12,1	4,9	12,4	7,1
Almenn óverðtryggð skuldabréf	4,7	9,1	12,7	4,5	12,3	6,7
Viðskiptavixlar, 60 daga	7,6	11,4	14,3	7,1	14,9	9,4
Dráttarvextir	9,9	17,4	22,1	13,2	20,3	13,7
Meðalávöxtun nýrra almennra útlána	3,6	10,4	16,0	6,3	12,3	6,8

Vísitölubundnir liðir:

6 mánaða innlánsreikningar	0,9	2,6	4,4	0,0	4,7	1,4
Skuldabréfalán banka og sparisjóða	6,0	7,8	9,8	5,0	10,1	6,6
Skuldabréf, útg. af bönkum og spsj. Frá:	4,9	6,1	8,1	3,4	8,2	4,7
Skuldabréf, útg. af bönkum og spsj. Til:	7,1	6,9	9,6	4,1	8,7	5,2
Spariskírteini ríkissjóðs í frumsölu	4,9	6,6
Almenn sala	3,7-5,2	5,8	7,9	3,1	7,9	4,5
Áskrift	5,2	6,0	8,1	3,3	8,1	4,7
„Stórsala“	...	6,8	8,0	3,6	8,9	5,5
Meðalvextir á Verðbréfaþingi ³⁾	5,6	6,8	8,5	4,0	9,0	5,5

1) Ávöxtun seldra víxla vegin með fjárhæðum.


2) Meðalgrunnvextir, sem geta hækkað að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

3) Uppsegjanlegir flokkar eru miðaðir við síðasta innlausnardag.

4) Raunvextir byggjast hér á hækkan framfærsluvísitölu á viðkomandi tímabili.

Árgildi hækkanar voru þessi:	23,7	7,3	11,4	9,5	2,2	6,4
Hækkan lánskjaravísitölu á sömu tímabilum var:	21,6	7,1	13,3	6,6	4,1	4,9

vild. Vaxtakjör ákvarðast síðan af flokkun viðskiptamanns. Um þessar mundir eru bankar og sparisjóðir ýmist með fjóra eða fimm flokka, þar sem vextir eru lægstir í svonefndum kjörvaxtaflokki. Almennt er miðað við, að til að komast í þann flokk þurfi að bjóða sambærilegar tryggingar og ríkissjóður. Munur milli kjörvaxta og vaxta í efsta flokki er um 2,5% – 3%. Enn sem komið er virðist þó dreifing útlána banka og sparisjóða á mismunandi vaxtaflokkum vera takmörkuð, og megnið af lánum bankanna er í einum flokki. Hér kann að vera um byrjunarörðugleika að ræða.



Vextir spariskírteina

Nafnvextir spariskírteina ríkissjóðs voru 6% allt árið 1990, en nokkrir flokkar voru í boði með mismunandi lánstíma. Ávöxtun spariskírteina umfram hækkun lánskjaravísitölu var hins vegar hærrí og skýrist það af því, að ríkissjóður seldi þau með nokkrum afföllum. Þannig var áskrifendum boðin 6,2% ávöxtun allt árið. Í júlí bauð ríkissjóður stórkaupendum, m.a. bönkum og lífeyrissjóðum, spariskírteini með sérstökum kjörum, þar sem ávöxtun bréfanna gat farið allt upp í 7,05%, ef keypt var fyrir háar fjárhæðir. Ávöxtun spariskírteina varð því um 6,8% að meðaltali árið 1990, sem er svipað og meðalávöxtun á árinu 1989. Á árinu 1989 voru nafnvextir spariskírteina á fyrri hluta árs um 6,8% – 7%, en voru lækkaðir á seinni hluta ársins niður í 5,5% – 6%. Lítil sala var hins vegar á seinni hluta árs 1989 og fyrri hluta ársins 1990. Tilboð ríkissjóðs í júlí á síðasta ári hleypti hins vegar lífi í sölu, og seldust alls um 5,4 mrð. kr. til stórkaupenda á sérkjörum og mestallt á seinni hluta ársins. Svo virðist því sem tilraun ríkissjóðs á árinu 1989 til að lækka vexti spariskírteina hafi ekki tekist og vaxtalækkunin gengið til baka á síðasta ári.

Lög um húsbréfakerfi tóku gildi 15. nóvember 1989. Fyrstu tveir flokkar húsbréfa báru 5,75% nafnvexti, en nýr flokkur, útgefinn 15.

nóvember 1990, bar 6,0% nafnvexti. Mikinn hluta þessa árs var ávöxtunarkrafa við kaup á eftirmarkaði 6,95%. Húsbréf eru nýjung á markaðnum, og virðist svo sem tímabundnir erfiðleikar hafi komið upp á haustmánuðum, m.a. vegna mikils framboðs og samkeppni við önnur verðbréf. Að hluta til stöfuðu þessir erfiðleikar einnig af því, að viðskiptavaki húsbréfanna hafði ekki fært ávöxtun þeirra til samræmis við ávöxtun spariskírteina ríkissjóðs. Um miðjan nóvember 1990 urðu þau þáttaskil, að viðskiptavakinn hætti að kaupa húsbréf í einn dag, en hóf viðskipti daginn eftir með 7,45% ávöxtun samanborið við 7,05% áður. Þessi hækkun á ávöxtunarkröfu hafði tilætluð áhrif: Framboð húsbréfa minnkaði og eftirspurn jókst. Ávöxtunarkrafa bréfanna lækkaði og var í lok ársins um 7,25% – 7,3%.


Ávöxtun annarra skuldbindinga svo sem bankabréfa, hlutdeildarbréfa verðbréfasjóða og skuldabréfa eignarleiga virðist hins vegar hafa farið lækkanði á árinu, og vitnar það um betra samræmi í vaxtarófinu á fjármagnsmarkaðnum, þ.e. innbyrðis afstöðu einstakra ávöxtunarkjara með tilliti til trygginga. Rétt er þó að geta þess, að framboð á bankabréfum og skuldabréfum eignarleiga var fremur lítið á árinu.

Þessi samþjöppun vaxtarófsins kann að eiga sér ýmsar skýringar. Að hluta til er hér um að ræða þroskamerki, en á fyrstu árum vaxtafrelsisins bar á því, að verðbréf báru mjög mismunandi vexti, þótt um sambærilegar tryggingar væri að ræða. Skipti þá máli, hver lánveitandinn var. Betra jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir lánsfé kann að hafa jafnað þennan mun. Lítil lánsfjárefrtirspurn atvinnufyrirtækja kann einnig að eiga sinn þátt í þessari samþjöppun vaxtarófsins, þar sem það hefur þau áhrif, að framboð á verðbréfum með hlutfallslega háum vöxtum dregst saman. Sé svo, má búast við, að vaxtarófið gliðni á ný, þegar eftirspurnin eykst og atvinnufyrirtækin ráðast á ný í áhættufjárfestingu. Erfiðleikar í efnahagslífinu ýta einnig undir aukin kaup á ríkistryggðum fjárskuldbindingum og hugsanlegt er, að aukin kaup verðbréfasjóða, lífeyrissjóða og banka á síðasta ári megi að einhverju leyti skýra sem viðleitni til að bæta áhættudreifingu útlána.

Stefna Seðlabankans í peningamálum miðaðist við að stuðla að hóflegri útlánaaukningu innlánsstofnana og veita með þeim hætti nauðsynlegt aðhald að eftirspurn í hagkerfinu. Í þessu skyni gegndu vextir lykilhlutverki eins og fram er komið. Jafnframt beitti bankinn reglum um lausafjárhlutfall í þessu skyni. Breytingar á þeim reglum svo og á bindiskyldu, sem lýst er hér á eftir, ber að skoða í þessu ljósi, en þær gegndu einnig þeim tilgangi að færa drjúgan hluta af gömlum

Aðgerðir í peningamálum

skuldum ríkisins frá Seðlabanka til innlánsstofnana svo og að hvetja innlánsstofnanir til að kaupa ný verðbréf og víxla af ríkissjóði. Með þessu auðveldaði Seðlabankinn ríkissjóði að afla lánsfjár innanlands. Aðgerðunum, sem hér um ræðir, er lýst í annál hér aftar í skýrslunni og verður því aðeins stuttlega lýst hér. Sá hluti aðgerðanna, sem veitti aðhald að útlánum innlánsstofnana, var hækkun lausafjárhlutfalls úr 9% í 12% af ráðstöfunarfé í tveimur áföngum í maí og júní og á móti lækkun bindiskyldu úr 11% í 10% af ráðstöfunarfé. Aðhaldsáhrif þessa jafngiltu því 2% af ráðstöfunarfé innlánsstofnana eða 2,5 mrð.kr. Frekari lækkun bindiskyldu í 7% var gerð á grundvelli samkomulags við innlánsstofnanir og ríkissjóð. Aðgerðin fól í sér, að innlánsstofnanir notuðu féð, sem þannig losnaði, um 3,8 mrð.kr., til að veita ríkissjóði 10 ára lán, sem hann notaði til að greiða upp ýmis skuldabréfalán við Seðlabankann, sem stofnað hafði verið til fyrir gildistöku nýju Seðlabankalaganna 1986. Loks var lausafjárreglum breytt þannig, að spariskírteini í eigu innlánsstofnana teljast í ríkara mæli með lausu fé en áður. Vegna aðgerðanna gátu innlánsstofnanir lækkað vaxtamun útlána og innlána, þar eð framangreind lán til ríkissjóðs bera 6,6% vexti borið saman við 2% vexti bundins fjár, en hvort tveggja er vísitölubundið.



Framangreindar aðgerðir voru skref í þá átt að draga úr lánsfjármíðlun Seðlabanka til ríkissjóðs í anda Seðlabankalaganna, en samkvæmt þeim skal ríkissjóður ekki stofna til langtímaskuldar við bankann. Með aðgerðunum tókst að hreinsa upp öll skuldabréfalán bankans til ríkissjóðs, þannig að eftir stóðu yfirdráttarlán á hlaupareikningi og verðbréf, sem Seðlabankinn hafði keypt á verðbréfa-markaði. Síðar á árinu birtust þó í reikningum Seðlabankans skuldabréfalán til ríkissjóðs, þ.e. annars vegar vegna uppgjors á Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins, um 1,5 mrð.kr., og hins vegar lán

frá fyrri árum til Framleiðsluráðs landbúnaðarins að fjárhæð 223 m.kr., sem flokkað hafði verið með öðrum skuldum áður.


Í upphafi árs tóku gildi nýjar reglur Seðlabanka um vísitölubindingu og skiptikjarareikninga. Þessar reglur bönnuðu notkun skiptikjara á óbundnum reikningum, en heimiluðu þess í stað, að óhreyfð innstæða á hvorum ársþingi njóti vísitölubindingar. Aðrar innstæður þessara reikninga eru óverðtryggðar og bera einungis nafnvexti. Reglur þessar byggjast á ákvæðum laga um efnahagsmál o.fl. nr. 13/1979 með áorðnum breytingum, sem takmarka notkun verðtryggingar við sparifjórinnstæður með 6 mánaða binditíma eða lengri. Með þessari breytingu var stórlega dregið úr notkun skiptikjara-reikninga í innlánsstofnunum. Þeir komu fyrst fram 1984, nutu mikilla vinsælda og hafa lengst af verið rúmur helmingur innlána hjá bönkum og sparisjóðum.

Í lok ársins setti Seðlabankinn, að frumkvæði ríkisstjórnarinnar, nýjar reglur um lágmarkslánstíma vísitölubundinna lána. Lágmarkslánstími vísitölubundinna lána var með þessari breytingu lengdur úr 2 árum í 3 ár. Báðar þessar breytingar miða að því að draga úr notkun vísitölubindingar, sérstaklega á fjárskuldbindingum til skamms tíma.

Gjaldeyrisstaða Seðlabankans batnaði um 4,1 mrð.kr. á árinu 1990, þegar leiðrétt hefur verið fyrir endurmati vegna gengisbreytinga. Fjármagnsjöfnuður þjóðarþúsins var jákvæður um 12 mrð.kr. Viðskiptajöfnuður var hins vegar neikvæður um 9,2 mrð.kr., sem er meira en áætlað hafði verið. Lán og aðrar kröfur Seðlabanka á ríkissjóð drógust saman um 4,4 mrð.kr. á árinu 1990. Meginskýring þessa er ofangreind lækkun bindiskyldu og yfirfærsla á skuldabréfalánum ríkissjóðs að fjárhæð 3,4 mrð.kr. til innlánsstofnana. Endurkaup Seðlabankans á ríkisvixlum innlánsstofnana voru einnig minni um síðustu áramót en í árslok 1989. Ríkisvixlæign Seðlabankans í árslok

Þróun viðskipta Seðlabankans

Kröfur Seðlabanka á ríkissjóð og ríkisstofnanir, nettó á verðlagi í desember 1990 M. kr.



Lækkun í júní 1990 er vegna aðgerða í tengslum við lækkun bindiskyldu. Sjá nánar í texta.

Tafla V.6. Nokkrir liðir úr reikningum Seðlabankans.

	Staða í árslok		Hreyfingar 1990	
	1989	1990	M.kr.	%
Gjaldeyrisstaða	19.777	23.263	3.486	-
Kröfur á ríkissjóð, nettó	8.803	4.389	-4.414	-50,1
Kröfur á ríkisstofnanir, nettó	-566	-795	-229	40,5
Kröfur á fjárfestingalánasjóði	873	1.866	993	113,7
Kröfur á innlánsstofnanir	4.726	4.319	-407	-8,6
Kröfur á aðra aðila	943	676	-267	-28,3
Innstæður sjóða	-989	-3.809	-2.820	285,1
Eigið fé og annað, nettó	-11.319	-11.690	-371	3,3
Grunnfé	22.248	18.219	-4.029	-18,1


1990 var um 900 m.kr. samanborið við 2.085 m.kr. í árslok 1989. Seðlabankinn jók hins vegar nokkuð spariskírteinaeign sína á árinu, sérstaklega á síðasta fjórðungi ársins, en þá keypti Seðlabankinn spariskírteini fyrir 844 m.kr., en seldi og innleysti spariskírteini að fjárhæð 87 m.kr.

Kröfur á innlánsstofnanir lækkuðu um 407 m.kr. árið 1990 og námu alls 4,3 mrð.kr. í árslok. Stutt lán til innlánsstofnana voru afar lítil á árinu eins og þau hafa reyndar verið undanfarin ár. Lausafjárstaða innlánsstofnana hefur verið jákvæð undanfarin ár og stór hluti hennar ávaxtaður í ríkisvíxlum. Lausafjárþyrirgreiðsla Seðlabankans er því fremur fólgin í kaupum á ríkisvíxlum af innlánsstofnunum til skamms tíma með endurkaupaákvæði, þ.e. samkomulagi um, að viðkomandi innlánsstofnun kaupi þá til baka að skömmum tíma liðnum. Framangreind ríkisvíxlæign Seðlabankans um síðastliðin áramót er þannig til komin.

Kröfur Seðlabankans á fjárfestingarlánasjóði jukust um 993 m.kr. og skiptir þar mestu, að Byggingarsjóður ríkisins skuldaði Seðlabankanum um 850 m.kr. um áramót. Ekki hafði verið gert ráð fyrir því í lánsfjáráætlun, að sjóðurinn yrði í skuld við Seðlabankann um áramót. Þessa stöðu sjóðsins má rekja til mikilla útlána hans á árinu 1990, en aftur á móti virðast lán lífeyrissjóðanna til sjóðsins hafa verið samkvæmt áætlun. Bráðabirgðatölur um útlán sjóðsins gefa til kynna, að þau hafi numið um 8,8 mrð.kr., en í lánsfjárlögum var áætlað, að þau yrðu um 7,7 mrð.kr. Grunnfé Seðlabankans lækkaði um 4 mrð.kr. á árinu, og er meginskýring þess framangreind lækkun bindiskyldu innlánsstofnana um röska 5 mrð.kr. í maí og júní sl. Ef litið er framhjá þessari breytingu, er aukning grunnfjár um 5,7% eða nánast í fullu samræmi við verðlagsbreytingar.

Sameining banka

Á árinu 1990 urðu stórtækar breytingar á skipulagi bankamála. Íslandsbanki hf. tók til starfa í ársbyrjun, en þar sameinuðust þrír einkabankar, Alþýðubankinn, Iðnaðarbankinn og Verzlunarbankinn fjórða bankanum, Útvegsbanka Íslands hf. Bankarnir þrír höfðu á árinu 1989 fest kaup á eignarhluta ríkissjóðs í Útvegsbankanum. Í maímánuði var endanlega gengið frá kaupum Landsbanka á Samvinnubankanum og sá síðarnefndi lagður niður. Stuttu fyrir áramót var gengið frá sölu á tveimur útibúum Samvinnubankans, annars vegar til Búnaðarbanka, sem keypti útibúið á Akranesi, og hins vegar til Íslandsbanka, sem keypti útibúið á Húsavík. Á árinu hafa viðskiptabankarnir einnig styrkt stöðu sína með kaupum á nokkrum fjármálafyrirtækjum, og má þar til dæmis nefna kaup Búnaðarbank-




ans á meirihluta hlutfjár í Kaupþingi hf. og kaup Landsbanka og fleiri á Kreditkortum hf. og Samkortum.

Innlán og verðbréfaútgáfa

Vísitölubundin inn- og útlán innlánsstofnana sem hlutfall af almennum útlánnum

Staða í lok hvers árs



Innlán jukust um 15,1% árið 1990 og verðbréfaútgáfa innlánsstofnana um 24,1%. Samtals jukust innlán og verðbréfaútgáfa um 16,1%. Langmest varð aukningin á veltiinnlánum, en þau jukust um tæp 30%. Skýring þessa kann að vera bætt lausafjárstaða ýmissa fyrirtækja svo og lækking verðbólgu, sem dregið hefur verulega úr fórnarkostnaði við að geyma fé í þessu formi. Einnig er rétt að hafa í huga, að sparifjäreigendum hafa undanfarin ár boðist betri kjör á þessum reikningum, og kann það að hafa í för með sér tilflutning af öðrum reikningum, m.a. af almennum sparisjóðsbókum. Má t.d. geta þess, að af svonefndum sértékkareikningum reiknast nú dagvextir í stað þess, sem áður var, að vextir reiknuðust aðeins af lágstu innstæðu á hverjum 10 dögum.

Svonefnt „annað óbundið sparifé“, en þar flokkast stærsti hluti innlána eða um 45%, jókst hins vegar um 12,4%. Kjör þessara innlána eru nú með þeim hætti, að óhreyfð innstæða á hverju misseri fær vísitölutryggingu auk grunnvaxta, en fé, sem tekið er út eða lagt inn innan hvers misseris, ber nafnvexti. Svonefndir „skiptikjarareikningar“, sem ýmist eru bundnir til 12 eða 18 mánaða, voru það innlánsform, sem vinsælast var á árinu 1990. Innlán á þessa reikninga jukust um 3 mrð.kr. á árinu eða um 35%. Kjör þessara reikninga eru með þeim hætti, að þeir eru ýmist verðtryggðir eða óverðtryggðir, allt eftir því, hvort er hagstæðara fyrir innstæðueiganda.


Aukning innlána umfram hækkun lánskjaravísitölu var 7,5% á árinu samanborið við 4,9% á árinu 1989. Þessar tölur sýna glögg, að þrátt fyrir efnahagssamdrátt og harða samkeppni um spariféð á fjármagns-

markaðnum svo sem við verðbréfasjóði og ríkissjóð er veruleg spari-
fjármyndun í innlánsstofnunum.

Tafla V.7. Nokkrir liðir úr reikningum innlánsstofnana.

	Staða í árslok		Hreyfingar 1990	
	1989	1990	M.kr.	%
Lausafjárstaða	10.267	12.526	2.259	-
P.a. ríkisvixlar	2.833	5.870	3.037	107,2
Ýmsar innstæður í Seðlabanka ..	14.724	11.227	-3.497	-23,8
Lán og endurlán	152.562	169.137	16.575	10,9
P.a. almenn útlán	105.909	126.777	20.868	19,7
Innlán	110.025	126.656	16.631	15,1
Verðbréfaútgáfa	13.963	17.403	3.440	24,6
Aðrar innlendar lántökur	2.371	1.990	-381	-16,1
Fyrirgreiðsla Seðlabankans	4.660	4.222	-447	-9,6
Erlent lánsfé	41.939	37.421	-4.518	-10,8
Eigið fé og annað, nettó	4.586	5.198	612	13,3

Þróun útlána




Almenn útlán innlánsstofnana jukust um 19,7% árið 1990, og er aukningin því nokkru meiri en vöxtur innlána. Áðurgreind yfirtaka á skuldum ríkissjóðs í tengslum við lækkun bindiskyldu skekkir þó þessa stærð, og ef leiðrétt er fyrir henni, verður aukningin 16%. Stærsti hluti útlána innlánsstofnana eru vísitölubundin lán eða 51%, og var aukning þeirra tæp 27%. Í heild hefur notkun óverðtryggðra útlánsforma dregist saman, en þó varð veruleg aukning á yfirdráttarlánnum eða rúm 26%.

Gengisbundin afurðalán, sem veitt eru vegna útflutnings, lækkuðu um 2,8 mrð.kr. eða tæp 23%, og gætir þar áhrifa minnkandi útflutningsvörubirgða. Einnig varð minnkun á erlendum endurlánnum innlánsstofnana um 4,4%. Í heild jukust lán og endurlán innlánsstofnana um 10,9% árið 1990 samanborið við 25,2% árið áður. Að raungildi er aukningin ívið meiri árið 1990 en 1989, en hafa ber í huga ofangreinda leiðréttingu vegna yfirtöku skulda ríkissjóðs við Seðlabankann. Ef tekið er tillit til hennar, er aukning lána og endurlána um 9%.

Ef skoðuð er útlánaflokkun innlánsstofnana eftir lánþegum, sést, að langmest aukning reyndist á lánnum til ríkissjóðs og ríkisstofnana, en þau jukust um 7,2 mrð.kr. Við þá aukningu má bæta aukningu ríkisvixla í eigu innlánsstofnana, en sá stofn óx um 3,2 mrð.kr. á árinu. Samtals voru lán innlánsstofnana til ríkisins að meðtöldum ríkisvixlum um 18,2 mrð.kr. í lok ársins, en voru um 8 mrð.kr. í upphafi þess, og nam aukningin 127%. Lán til heimila jukust um tæpt 21% á árinu eða 6,6 mrð.kr., sem er mun meira en verðlagsþróun gefur tilefni til. Aukning lána til fyrirtækja var hins vegar lítil, aðeins 4,6%

eða 3,5 mrð.kr. Gætir þar samdráttar gengisbundinna afurðalána, sem að framan er greint frá. Aukning annarra lána til fyrirtækja nam 8,2%. Greinilegt er, að eftirspurn fyrirtækja eftir lánsfé hefur verið óvenjufétt árið 1990, og hefur það auðveldað opinberum aðilum lántökur á árinu.



Lausafjárstaða innlánsstofnana

Lausafjárstaða innlánsstofnana batnaði um 2,3 mrð.kr. árið 1990 samanborið við 6,2 mrð.kr. 1989. Í árslok 1990 nam lausafjárstaða innlánsstofnana um 12,5 mrð.kr., og er stærstur hluti hennar varðveittur í ríkisvixlum eða 5,9 mrð.kr. Um áramót var lausafé í Seðlabanka um 3,8 mrð.kr., en erlend lausafjárstaða innlánsstofnana nam 2,8 mrð.kr.

Lausafjárhlutfall banka og sparisjóða


1990	Lágmark	Útkoma
Janúar	9,0	9,9
Febrúar	9,0	11,6
Mars	9,0	12,1
Apríl	9,0	12,6
Máí	11,0	15,7
Júní	11,0	14,3
Júlí	11,0	14,3
Ágúst	11,0	14,9
September	11,0	14,6
Október	11,0	12,3
Nóvember	11,0	12,4
Desember	11,0	11,7

Innlánsstofnanir bjuggu við rúma lausafjárstöðu mestan hluta ársins 1990 og voru yfirleitt yfir þeim mörkum, sem reglur um lausafjárhlutfall setja. Síðustu mánuði ársins rýrnaði lausafjárstaðan hins vegar verulega, og nokkrar stofnanir lentu undir tilskildu lausafjárhlutfalli. Þessi umskipti lausafjárstöðunnar má annars vegar rekja til árstíðabundinnar sveiflu í ríkisfjármálum og hins vegar til þess, að gjaldeyrisútreymi jókst verulega á seinustu mánuðum ársins, samhliða því sem dró úr sparifjármyndun.

Í töflu V.8 er yfirlit yfir uppgjör lausafjár innlánsstofnana skv. reglum um lausafjárhlutfall árin 1988 – 1990. Sýnir taflan m.a. áberandi aukningu ríkisverðbréfa í „lausu fé“ innlánsstofnana. Þannig voru ríkisvixlar og spariskírteini um 8,6% sem hlutfall af ráðstöfunarfé á árinu 1990 samanborið við 3,4% á árinu 1989.

Tafla V.8. Lausafjárúppgjör innlánsstofnana.
(Ársmeðaltöl í % af ráðstöfunarfé)

	1988	1989	1990
1. Lausafé skv. reglum	7,5	10,9	13,1
2. Bakfærðar millibankaskuldir	1,7	1,4	1,3
3. Hreint lausafé (1-2)	5,7	9,5	11,8
3.1 Peningar í sjóði	0,7	0,7	0,5
3.2 Viðskiptareikningar í Seðlabanka	2,4	2,0	1,5
3.3 Innstæðubréf í Seðlabanka	0,2	0,3	-
3.4 - Vixilskuld við Seðlabanka	-0,2	-0,1	-0,1
3.5 Ríkisvixlar	0,5	2,1	6,4
3.6 Spariskírteini	0,3	1,3	2,2
3.7 Gjaldeyrisjöfnuður	1,8	3,1	1,2
Seðlabanki (3.1+3.2+3.3+3.4)	3,1	3,0	2,0
Ríki (3.5+3.6)	0,8	3,4	8,6
Útlönd (3.7)	1,8	3,1	1,2



Millibankamarkaður

Almennum millibankalánunum er einkum ætlað að fjármagna skammtímaerfiðleika í lausafjárstöðu banka og sparisjóða. Undanfarin ár hafa bankastofnanir stöðugt aukið viðskipti sín á milli með þessum hætti. Einn kostur fjármögnunar með millibankalánunum er, að samkvæmt reglum um lausafjórhlutfall innlánsstofnana koma millibankaskuldir innan ákveðinna marka ekki til frádráttar lausu fé lán-takenda.


Óvenjugóð lausafjárstaða innlánsstofnana á árinu 1990, einkum á miðju árinu, og sameining bankastofnana settu svip sinn á millibankaviðskipti 1990. Almenn millibankalán drógust saman að meðaltali um 23% miðað við 29% aukningu 1989. Nokkuð skýr skil eru milli þess, hverjir voru lánveitendur og lánþegar á markaðnum 1990. Spari-

sjóðirnir, Búnaðarbanki og Samvinnubanki teljast til fyrrnefnda hópsins, en Landsbanki og Íslandsbanki til hins síðarnefnda. Stærsti lántakinn, Landsbanki, var að meðaltali með um 48% almennra lána, og eru þá lán Samvinnubankans til hans undanskilin, frá því að hann var formlega sameinaður Landsbanka 17. maí 1990, en Íslandsbanki með um 28% lána. Sparisjóðirnir voru drýgstir í lánveitingum. Lánahlutdeild þeirra var um 56%, en Búnaðarbankans um 38%.

Gjaldeyrisinnstæður milli banka og sparisjóða drógust einnig mikið saman. Eins og fram kemur í töflu V.9 voru þær að meðaltali um 90 m.kr. 1990 miðað við 480 m.kr. 1989. Tilkoma Íslandsbanka er þar meginskýringin. Ennfremur varð stökkbreyting á gengisbundnum afurðalánnum, sem koma við sögu í millibankaviðskiptum. Þau voru að meðaltali 423 m.kr. 1990 miðað við 1.495 m.kr. 1989. Á heildina litið minnkaði því umfang millibankamarkaðar á árinu 1990 um 48%, úr 4.124 m.kr. í 2.150 m.kr. Við ákvörðun vaxta af millibankalánnum hafa bankar og sparisjóðir að jafnaði tekið mið af vöxtum ríkisvixla. Áætluð meðalávöxtun almennra millibankalána 1990 var 15,9%, sem gefur til kynna um 8,0% raunvexti miðað við árshækkun framfærsluvísitölu.

Tafla V.9. Millibankaviðskipti 1990.

(Meðalstaða hvers mánaðar í m.kr.)




	Almenn lán	Gjaldeyrisinnst.	Gengisb. afurðalán ¹⁾	Samtals
Janúar	2.105	85	1.178	3.368
Febrúar	2.220	88	1.180	3.487
Mars	2.100	112	1.171	3.383
Apríl	2.179	87	223	2.489
Máí	1.694	118	221	2.033
Júní	1.168	113	219	1.500
Júlí	660	87	183	930
Ágúst	851	61	179	1.091
September	1.158	81	162	1.401
Október	1.346	83	157	1.586
Nóvember	1.910	76	102	2.088
Desember	2.246	93	100	2.439
Meðaltal 1990	1.637	90	423	2.150
Meðaltal 1989	2.129	480	1.495	4.124

1) Staða í lok hvers mánaðar.


Bankakerfið

Lán og endurlán bankakerfisins jukust um 9,5% á árinu 1990, og hefur því mjög dregið úr aukningu lána bankakerfisins frá árinu 1989, þegar þau jukust um 24,6%. Lán og endurlán innlánsstofnana hafa aukist um 12,6%, en lán Seðlabanka hafa dregist saman um 39%.

Erlendar eignir bankakerfisins, nettó Samanlagðar hreyfingar frá byrjun árs 1989 án gengisuppfærslu




Vaxtahraði bankakerfisins hefur minnkað 12 mánaða hreyfingar í %



Lækkun lána Seðlabanka stafar af tilfærslu lána ríkissjóðs til innlánsstofnana í tengslum við lækkun bindiskyldu, sem áður er getið. Í heild virðist vöxtur útlána á árinu 1990 hafa verið hóflegur. Peningamagn og sparifé (M3) óx um tæp 15% á árinu, sem er talsvert meira en verðlagsþróun gefur tilefni til. Uppbygging sparnaðar í innlánsstofnunum heldur því enn áfram, og virðist nú sem hann sé orðinn svipaður og hann var á sjöunda áratugnum. Á sjöunda áratugnum var peningamagn og sparifé (M3) að meðaltali um 41% af landsframleiðslu, en var á síðasta ári tæp 37%. Ef með peningamagni og sparifé er hins vegar talin verðbréfaútgáfa innlánsstofnana, þ.e. miðað við svokallað M4, er hlutfall þess af landsframleiðslu orðið rúm 40%.

Úr lánaflokkun bankakerfisins 12 mánaða hreyfingar í %



Tafla V.10. Úr reikningum bankakerfisins.

	Staða í árslok		Hreyfingar 1990	
	1989	1990	M.kr.	%
Gjaldeyrisstaða	-19.219	-11.313	7.906	-
Lán og endurlán	165.450	181.153	15.703	9,5
- þ.a. innlánsstofnanir	155.396	175.017	19.621	12,6
þ.a. Seðlabanki	10.054	6.136	-3.918	-39,0
Ýmsir sjóðir	-989	-3.809	2.820	285,1
Annað, nettó	-15.909	-16.899	-990	6,2
Peningamagn og sparifé (M3)	112.998	129.739	16.741	14,8
Peningamagn og alm. sparifé (M2)	92.548	105.670	13.122	14,2
Peningamagn (M1)	19.725	24.870	5.145	26,1
Verðbréfaútg. og innl. lántökur	16.334	19.393	3.059	18,7

Lífeyrissjóðir


Samkvæmt áætlunum, sem byggðar eru á ársfjórðungstölum frá úrtaki lífeyrissjóðanna, er talið, að ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna hafi numið um 22,4 mrð.kr. á síðasta ári samanborið við 19,6 mrð.kr.

á árinu 1989. Aukning ráðstöfunarfjárins milli áranna 1989 og 1990 var 14,5% samanborið við 32,5% á milli áranna 1988 og 1989. Langstærstum hluta ráðstöfunarfjár ráðstafa lífeyrissjóðirnir til kaupa á skuldabréfum Húsnæðisstofnunar. Þau kaup námu um 10,3 mrð.kr. Á árinu 1990 höfðu lífeyrissjóðirnir heimild til að ráðstafa 10% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á húsbrefum. Svo virðist sem flestir sjóðir hafi notað sér þá heimild og kaup sjóðanna á húsbrefum hafi numið um 2 mrð.kr.

Tafla V.11. Fjárstreymi lífeyrissjóða.

	1988	1989 ¹⁾		1990 ²⁾	
	Hreyfing M.kr.	Hreyfing M.kr.	%	Hreyfing M.kr.	%
Fjármagnshreyfingar og rekstur	9.273	12.927	39	14.759	14
Iðgjöld	10.018	11.788	18	13.889	18
Lífeyrisgreiðslur	4.520	5.132	14	6.230	21
Ráðstöfunarfé alls	14.758	19.565	33	22.409	15
Ný útlán	14.241	18.802	32	22.526	20
Innstæðu- og sjóðsbreyting	392	460		-306	
Annað útstreymi	125	303		189	

1) Bráðabirgðatölur. 2) Áætlun byggð á úrtaki.



Stærsti liður ráðstöfunarfjár lífeyrissjóðanna er nú innstreymi vaxta og afborgana af eignum sjóðanna. Á árinu 1990 nam innstreymi vaxta og afborgana um 15,1 mrð.kr., en var 13,1 mrð.kr. á árinu 1989. Talið er, að iðgjöld til lífeyrissjóða hafi numið um 13,9 mrð.kr. á síðasta ári, en 11,8 mrð.kr. á árinu 1989, og er aukningin tæp 18%. Til samanburðar má nefna, að talið er, að laun hafi hækkað um 9% milli áranna 1989 og 1990. Þessi mikla aukning iðgjalda skýrist af því, að í upphafi árs 1990 tók gildi síðasti áfanginn í stækkun iðgjaldastofns lífeyrissjóðanna samkvæmt samkomulagi ASÍ og VSÍ frá 1986. Áætlað hafði verið, að þessi breyting myndi auka iðgjaldagreiðslur um 10%, og virðist svo sem það hafi í meginatriðum gengið eftir. Lífeyrisgreiðslur lífeyrissjóðanna námu um 6,2 mrð.kr. á síðasta ári, en voru 5,1 mrð.kr. á árinu 1989. Aukning er 21,4%. Hafa því lífeyrisgreiðslur vaxið mun hraðar en iðgjöld á árinu þrátt fyrir þá sérstöku aukningu, sem leiðir af ofangreindri breytingu á stofni iðgjalda til sjóðanna. Þessi þróun gefur vísbendingu um það sem koma skal. Á næstu árum má búast við, að lífeyrisgreiðslur vaxi hröðum skrefum og vöxtur þeirra verði talsvert umfram aukningu iðgjalda til sjóðanna.

Yfirlit um eignir lífeyrissjóðanna er birt í töflu V.12. Þar er áætlað, að heildareignir þeirra hafi numið um 134 mrð.kr. í árslok 1990 og aukist um tæp 29% á árinu. Langstærsti hluti eigna sjóðanna, um 124

Tafla V.12. Eignir lífeyrissjóða 1983 – 1990.

(Stöðutölur í lok árs í mrð.kr.)


	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990
							Áætlun	
Útlán og verðbréf	11,9	16,6	25,8	33,6	47,9	67,4	94,4	123,6
Ríkissjóður	0,4	1,8	3,8	6,1	7,2	7,8	8,0	...
Sveitarfélög	0,0	0,0	0,0	0,1	0,2	0,3	0,7	...
Fjárfestingarlánasj.	5,3	6,2	9,2	11,4	17,9	27,9	43,7	53,9
Fjármálastofnanir					2,9	7,1	11,2	...
Fyrirtæki	0,1	0,2	0,4	0,6	1,9	3,4	4,6	...
Hlutabréf					0,1	0,2	0,8	...
Sjóðfélagar	6,1	8,4	12,4	15,4	17,7	20,7	25,4	...
Innstæður og sjóður	0,7	0,6	1,2	1,7	2,1	2,5	2,9	2,8
Aðrar eignir	0,6	0,9	1,4	2,0	3,2	4,7	6,5	7,2
Heildareignir	13,2	18,1	28,4	37,3	53,2	74,6	103,8	133,6
Heildareignir sem % af peningal. sparnaði	27,4	29,1	29,8	30,2	30,6	33,0	34,7	36,8

mrð.kr., er ávaxtaður í verðbréfum, aðallega skuldabréfum enn sem komið er. Stærsti lánþegi lífeyrissjóðanna eru opinberir fjárfestingarlánasjóðir, en talið er, að skuld þeirra við lífeyrissjóðina í árslok hafi numið um 54 mrð.kr.

Heildarútlán fjárfestingarlánasjóðanna í árslok 1990 námu samkvæmt bráðabirgðatölum 144 mrð.kr., en voru um 122 mrð.kr. í árslok 1989. Aukning er 18%, og má rekja hana nánast alla til aukningar lána íbúðarlánasjóðanna, en útlán annarra fjárfestingarlánasjóða, atvinnuvegasjóðanna, stóðu nánast í stað. Útlán Byggingarsjóðs ríkisins námu um 66 mrð.kr. í árslok og höfðu aukist um 16

Fjárfestingarlánasjóðir

Fjármögnun útlána fjárfestingarlánasjóða á verðlagi í desember 1990



69


Tafla V.13. Úr reikningum fjárfestingarlánasjóða.

	Staða í m.kr.		Hreyfingar 1990	
	1989	Brbt. 1990	M.kr.	%
Útlán og verðbréfaeign	122.005	143.950	21.945	18,0
Byggingarsjóður ríkisins	49.725	65.848	16.123	32,4
Byggingarsjóður verkamanna ..	15.574	19.758	4.184	26,9
Atvinnuvegasjóðir	56.706	58.344	1.638	2,9
Innstæður og sjóður	2.227	5.142	2.915	130,9
Eignir = skuldir og eigið fé	124.233	149.092	24.859	20,0
Lán frá lífeyrissjóðum	42.827	53.927	11.100	25,9
Erlend lán	31.427	34.425	2.998	9,5
Önnur innlend lán	16.603	22.777	6.174	37,2
Eigið fé og annað, nettó	33.376	37.963	4.587	13,7

mrð.kr. á árinu eða 32%. Einnig varð mikil aukning á útlánum Byggingarsjóðs verkamanna. Þau voru 19,8 mrð.kr. í árslok og jukust um 4,2 mrð.kr. á árinu eða um 27%. Í árslok var hlutdeild íbúðarlánasjóðanna í útlánnum fjárfestingarlánasjóðanna tæp 60%, en sambærilegt hlutfall í árslok 1989 var tæp 54%.

Talið er, að ný útlán Byggingarsjóðs ríkisins hafi á síðasta ári numið um 8,8 mrð.kr., en útlán Byggingarsjóðs verkamanna hafi numið 4 mrð.kr. Síðasta ár var fyrsta heila starfsár húsbrefakerfisins, en því var hleypt af stokkunum í nóvember 1989. Náði það til viðskipta með notaðar íbúðir allt árið, en fjármögnun nýbygginga hófst í nóvember síðastliðnum. Samtals nam útgáfa húsbrefa um 5,5 mrð.kr. á árinu. Við samanburð á þróun útlána íbúðarlánasjóðanna og atvinnuvegasjóðanna er hins vegar rétt að hafa í huga, að lán hinna síðarnefndu eru í miklum mæli bundin við gengi erlendra gjaldmiðla, og kann endurmat eigna og skulda með tilliti til gengisbreytinga að hafa leitt til lækkunar á eignum og skuldum. Burtséð frá þessu er þó ljóst, að útlán atvinnuvegasjóðanna hafa verið afar lítil á síðasta ári, og endurspeglar það vafalítið litla eftirspurn atvinnufyrirtækja eftir lánsfé.

Verðbrefasjóðir



Heildareignir verðbrefasjóða jukust um 46,8% á árinu 1990 borið saman við 60,1% árið 1989. Greinilegt er, að verðbrefasjóðirnir eru enn í örum vexti, og er vöxtur sjóðanna á síðasta ári meiri að raungildi en árið á undan. Ef miðað er við lánskjaravísitölu, er raunaukning eigna sjóðanna 36,9% á árinu 1990 borið saman við 31,1% árið 1989. Heildareignir sjóðanna námu um 13,6 mrð.kr. í árslok. Hlutdeild verðbrefasjóðanna í peningalegum sparnaði er því enn lítil. Skuldabréf með fasteignaveði eru enn stærsti einstaki liðurinn í ráðstöfun verðbrefasjóðanna eða um 3,3 mrð.kr., en dregið hefur verulega úr aukningu þeirra. Hlutabréfaeign verðbrefasjóðanna ríflega tvöfaldaðist á síðasta ári og nam tæpum 500 m.kr. í árslok. Mikil aukning varð einnig á spariskírteinaeign verðbrefasjóðanna og ráðstöfun í önnur skuldabréf með ábyrgð ríkis eða sveitarfélaga. Samtals eiga verðbrefasjóðirnir skuldabréf af þessu tagi að fjárhæð 4,3 mrð.kr., og hafa þau aukist um 154% á árinu 1990. Athyglisvert er, að hlutdeild skuldabrefa með sjálfskuldarábyrgð og greiðslukortanótta í eignum verðbrefasjóðanna hefur dregist verulega saman á árinu 1990, úr rúmum 23% í 17%.

Á árinu voru stofnaðir fjórir nýir hlutabrefasjóðir. Opin hlutafjárútbod hlutabrefasjóða árið 1990 námu um 1,3 mrð.kr., og seldu þeir hlutafé fyrir 1,2 mrð.kr. Heildareignir hlutabrefasjóða námu 1,4 mrð.kr. í árslok og höfðu aukist um 1,2 mrð.kr. á árinu.


Tafla V.14. Verðbréfasjóðir 1987 – 1990.
(Staða í árslok í m.kr.)

	1987	1988	1989	1990	Hreyfing 1990	
					M.kr.	%
<i>Eignir:</i>						
Sjóður og bankainnstæður ...	16	28	63	110	47	74,6
Verðbréfaeign	3.720	5.764	8.946	13.085	4.139	46,3
Spariskírteini	123	190	877	2.198	1.322	150,7
Með ábyrgð ríkis og sveitarf.	67	277	805	2.081	1.275	158,4
Hlutabréf	0	0	152	497	345	226,9
Með bankaábyrgð	384	432	805	1.636	830	103,1
Með fasteignaveði	1.406	2.115	2.845	3.311	466	16,4
Með sjálfskuldarábyrgð	935	1.481	1.977	2.159	182	9,2
Greiðslukortanótur	142	138	170	183	13	7,8
Önnur verðbréfaeign	663	1.130	1.315	1.021	-294	-22,4
Aðrar eignir	0	0	266	419	153	57,5
<i>Eignir=skuldir</i>	<i>3.736</i>	<i>5.792</i>	<i>9.275</i>	<i>13.614</i>	<i>4.339</i>	<i>46,8</i>
<i>Skuldir:</i>						
Útgefin hlutdeildarskírteini	3.681	5.670	8.810	13.162	4.352	49,4
Aðrar skuldir	41	93	418	392	-26	-6,2
Eigið fé	14	29	47	60	13	27,7

Eignarleigur

Eftir mikinn uppgang eignarleigufyrirtækja árin 1986 – 1987 stöðvaðist vöxtur þeirra að raungildi. Árið 1990 lækkuðu eignir í krónum talið. Heildareignir eignarleiga drógust saman um 0,2%, en leigusamningar drógust enn frekar saman eða um tæp 8%. Sérstaklega lækkuðu leigusamningar í erlendri mynt, um rúm 11%. Samdráttur í starfsemi eignarleiga á sér vafalítið sömu skýringar og lítil útlánaaukning fjárfestingarlánasjóða, þ.e. að fjármunamyndun atvinnufyrirtækja var lítil á árinu.

Útistandandi samning-
ar eignarleiga
Árslökastaða á föstu verði
(1990)



Tafla V.15. Eignarleigur 1987 – 1990.

	Staða í árslok, m.kr.				Hreyfing 1990	
	1987	1988	1989	1990	M.kr.	%
<i>Eignir:</i>						
Bankainnstæður	775	827	1.017	1.008	-9	-0,9
Í krónum	287	86	210	84	-126	-60,0
Í erlendri mynt	488	741	807	924	117	14,5
Leigusamningar	4.267	6.392	7.852	7.360	-492	-6,3
Í krónum	1.514	2.436	2.771	2.849	78	2,8
Í erl. mynt	2.753	3.956	5.081	4.511	-570	-11,2
Aðrar eignir	324	685	1.181	1.664	483	40,9
<i>Eignir=skuldir</i>	<i>5.366</i>	<i>7.904</i>	<i>10.050</i>	<i>10.032</i>	<i>-18</i>	<i>-0,2</i>
<i>Skuldir:</i>						
Verðbréfaútgáfa	1.248	1.629	2.279	2.563	284	12,5
Tekin lán	3.580	5.517	6.720	6.190	-530	-7,9
Innlend	406	867	991	1.067	76	7,7
Erlend	3.174	4.650	5.729	5.123	-606	-10,6
Eigið fé o.fl.	538	758	1.051	1.279	228	21,7

Markaðsbréf

Í töflu V.16 er gefið yfirlit um stöðu markaðsverðbréfa 1987 – 1990. Gífurleg aukning varð á útgáfu markaðsverðbréfa á árinu 1990 og er talið að útistandandi markaðsbréf hafi numið um 124,9 mrð.kr. í árslok. Aukningin er rösk 64% og er mest í markaðsverðmæti hlutabréfa. Í árslok námu þau um 30,8 mrð.kr. og höfðu aukist um 165% á árinu.

Gífurleg aukning varð á viðskiptum með hlutabréf á árinu. Þegar hefur verið minnst á fjölgun hlutabréfasjóða og hlutafjárútboð þeirra. Alls er talið, að hlutafjárútboð almenningshlutafélaga hafi numið um 3,6 mrð.kr. árið 1990 borið saman við 1,4 mrð. kr. á árinu 1989.

Á það er hins vegar að líta, að stóran hluta af aukningu hlutabréfa má rekja til fjölgunar þeirra fyrirtækja, sem þarna eru talin með. Jafnframt hækkaði verð hlutabréfa mikið á árinu vegna vaxandi eftirspurnar. Hlutaféð, sem hér er talið, er hlutafé í félögum, sem fengið hafa staðfestingu skattfyrvalda samkvæmt lögum nr. 9/1984 og hafa verðbréfafyrirtæki sem viðskiptavaka fyrir hlutabréf sín.

Spariskírteini ríkissjóðs eru enn sem fyrr stærsti flokkur markaðsverðbréfa, og nam útistandandi stofn þeirra um 38 mrð.kr. í árslok. Mikill vöxtur var í útgáfu spariskírteina, og jukust þau um 44% á árinu. Síðastliðið ár var, eins og áður sagði, fyrsta heila starfsár húsbréfakerfisins. Samtals höfðu verið gefin út húsbréf að fjárhæð 5,5 mrð.kr. í árslok.

Rétt er að vekja athygli á, að verðmæti markaðsbréfa í töflunni hér á eftir er ýmist reiknað á grundvelli markaðsverðmætis eða uppreikn-

Tafla V.16. Markaðsverðbréf 1987–1990.

	Staða í árslok, m.kr.			Brbt. 1990	Hreyfing 1990	
	1987	1988	1989		M.kr.	í %
Spariskírteini	14.021	19.735	26.534	38.207	11.673	44,0
Ríkisvixlar	932	713	5.884	8.050	2.166	36,8
Bréf banka og sparissjóða	3.465	8.865	13.963	17.403	3.440	24,6
Hlutdeildarsk. verðbréfasjóða	3.681	5.670	8.810	13.162	4.352	49,4
Húsbréf	12	5.737	5.725	...
Bréf annarra fjárfestlsj.	876	1.594	2.665	2.321	-344	-12,9
Bréf eignarleiga	1.248	1.629	2.279	2.563	284	12,5
Bréf Atvinnutrsj. útflgr.	171	3.431	5.491	2.060	60,0
Hlutdeildarsk. Hlutafjárssjóðs	746	1.135	389	52,1
Hlutabréf ¹⁾	3.195	5.488	11.635	30.821	19.186	164,9
Markaðsbréf samtals	27.418	43.865	75.959	124.840	48.931	64,4

1) Markaðsverð hlutabréfa, sem verðbréfafyrirtæki eru viðskiptavakar fyrir og hafa fengið staðfestingu ríkisskattstjóra á skatthagraði skv. lögum nr. 9/1984.

Verðbréfaþing

aðs verðs. Hafa ber í huga, að í samtölu töflunnar felst nokkur tvítalning, þar eð verðbréfasjóðir og fleiri kaupa gjarnan markaðsverðbréf annarra aðila. Tölur um einstaka flokka eru því ekki beint samleggjannlegar eins og þó er gert í töflunni.

Veltan á Verðbréfaþingi nam 2,5 mrð.kr. árið 1990, sem er 65% aukning frá fyrra ári. Fram til þessa hefur nær eingöngu verið skipt með spariskírteini á þinginu, en árið 1990 varð breyting hér á vegna húsbrefa. Þau hafa verið skráð á þinginu, enda byggist húsbrefakerfið á því, að verðmyndun eigi sér stað með skipulegum hætti á slíkum vettvangi.

Tafla V.17. Viðskipti á Verðbréfaþingi Íslands 1986 – 1990.

(Velta í m.kr.)

	Samtals	Spariskírteini	Húsbref	Önnur	Ávöxtun umfram lánskjaravísitölu ¹⁾
1986	159,9	159,8	–	0,1	...
1987	190,0	189,1	–	0,9	8,7%
1988	523,1	521,5	–	1,6	8,7%
1989	1.487,9	1.444,2	–	43,7	7,4%
1990	2.462,7	1.627,9	826,5	8,2	7,0%

1) Hér eru sýnd meðaltöl þeirrar ávöxtunar, sem þingið hefur birt, og miðast þar við ákveðnar forsendur þingsins hverju sinni. Varðandi árið 1990 er hér miðað við, að uppsegjanlegum spariskírteinum verði ekki sagt upp af hálfu ríkissjóðs.

Tafla V.18. Viðskipti á Verðbréfaþingi Íslands 1990.

(Í m.kr.)

	Seðlabanki			Aðrir	Meðal- Par af ávöxtun ¹⁾		
	Kaup	Sala	Samt.		Alls sparisk.	%	
Janúar	6,4	45,3	51,7	9,3	61,0	51,7	6,7
Febrúar	4,8	94,4	99,2	0,1	99,3	99,3	6,6-6,7
Mars	14,9	58,2	73,1	48,7	121,8	73,1	6,5-6,6
Apríl	58,3	3,0	61,3	15,8	77,1	61,3	6,2-7,1
Mái	24,0	25,7	49,7	40,3	90,0	49,7	6,7-6,8
Júní	7,9	72,7	80,6	43,3	123,9	80,7	6,7
Júlí	13,9	19,5	33,4	57,3	90,7	33,4	6,8-7,0
Ágúst	48,6	19,6	68,2	56,6	124,8	68,2	6,7-7,2
September	99,1	5,3	104,4	103,0	207,4	104,4	6,7-7,1
Október	44,6	19,9	64,5	189,7	254,2	64,6	6,9-7,0
Nóvember	132,4	19,6	152,0	247,9	399,9	227,3	7,1
Desember	667,1	47,2	714,3	98,3	812,6	714,3	7,1
Samtals	1.122,0	430,4	1.552,4	910,3	2.462,7	1.628,0	6,9-7,0

1) Meðaltalið, ávöxtun umfram hækkun lánskjaravísitölu, er reiknað út frá vægi viðskipta og dagafjölda til áætlaðrar innlausnar.

Greiðslukort

Aðild að þinginu breyttist nokkuð í kjölfar sameiningar í bankakerfinu. Í árslok 1990 voru aðilarnir 10 talsins, þ.e. fjögur verðbréfafyrirtæki, þrjár bankar, tveir sparisjóðir og Seðlabankinn. Auk Búnaðarbankans eru bankarnir, sem um ræðir, Landsbankinn og Samvinnubankinn.

Notkun greiðslukorta hefur vaxið hröðum skrefum hér á landi undanfarin ár. Árið 1990 var engin undantekning frá þessari þróun. Notkun greiðslukorta innanlands jókst um 20% milli áráanna 1989 og 1990, og nam veltan á árinu tæplega 35 mrð.kr. Nokkuð hefur dregið úr veltuaukningu greiðslukorta á árinu, þar sem aukningin milli áráanna 1988 og 1989 var um 30%. Verðbreytingar voru mismunandi á þessum tímabilum, og ef tekið er tillit til þeirra, er raunaukningin 1990 um 4,6% borið saman við 8% á árinu 1989. Svo virðist því sem dregið hafi úr aukningu notkunar greiðslukorta og kann það að vera vísbending um, að markaður fyrir greiðslukort sé að mettast. Veruleg aukning varð einnig á notkun kortanna erlendis eða rösk 23%, og nam veltan erlendis um 6,4 mrð.kr. á síðasta ári. Hér er um mikla aukningu að ræða mælt á föstu verði, þar sem gengi krónunnar var stöðugt á síðasta ári.

Tafla V.19. Greiðslukortanotkun.

	Velta í mrð.kr.			Aukning			
	Innanlands	Erlendis	Alls	Innanlands Mrð.kr.	%	Erlendis Mrð.kr.	%
1986	8,0	2,0	10,0				
1987	13,7	3,3	17,0	5,7	71,3	1,3	65,0
1988	22,1	4,4	26,5	8,4	61,3	1,1	33,3
1989	28,9	5,2	34,1	6,8	30,8	0,8	18,2
1990	34,7	6,4	41,1	5,8	20,1	1,2	23,1

VI. ERLEND SAMSKIPTI OG LÁNAMÁL

Alþjóðastofnanir

Seðlabankinn á samskipti við ýmsar alþjóðastofnanir og erlendar fjármálastofnanir fyrir hönd íslenska ríkisins. Þessar stofnanir eru Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (IMF), Alþjóðabankinn og systurstofnanir hans (World Bank Group), Efnahags- og framfarastofnunin (OECD), norrænu seðlabankarnir og Alþjóðlegi greiðslubankinn (BIS) auk fjölmargra fjármálastofnana, sem stunda alþjóðleg fjármagnsviðskipti.

Stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans

Á árinu 1990 var Jóhannes Nordal aðalfulltrúi fyrir Íslands hönd í sjóðsráði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Þórhallur Ásgeirsson var varafultrúi til hausts, er Björn Friðfinnsson, ráðuneytisstjóri, var skipaður í hans stað. Finninn Markus Fogelholm var aðalfulltrúi Norðurlandanna í stjórn sjóðsins á árinu 1990, en snemma í janúar tók Indriði H. Þorláksson við stöðu varafulltrúa af Magnúsi Péturssyni.

Engin breyting varð á árinu 1990 á skipan fulltrúa Íslands í bankaráði Alþjóðabankans, og skipar Jón Sigurðsson stöðu aðalfulltrúa og Ólafur Ragnar Grímsson stöðu varafulltrúa. Jónas Haralz var aðalfulltrúi Norðurlandanna í bankastjórninni, og Jorunn Maehlum frá Noregi var varafultrúi.

Ársfundir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans voru haldnir í lok september í Washington D.C. Fundina sóttu Jón Sigurðsson, Ólafur Ragnar Grímsson, Jóhannes Nordal, Ingimundur Friðriksson, Már Guðmundsson, Sigurgeir Jónsson og Finnur Sveinbjörnsson.

Starfsemi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins

Á árinu 1990 samþykkti Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn nýjar lánveitingar til 13 ríkja með það að markmiði að koma á jafnvægi í efnahagsmálum þeirra. Alls voru 42 ríki með samninga um fyrirgreiðslu frá sjóðnum í lok ársins. Á síðari hluta ársins samþykkti stjórn sjóðsins að veita sérstaka fyrirgreiðslu til ríkja, þar sem hækkun olíuverðs hefði sett utanríkisviðskipti úr jafnvægi, og liggja fyrir nokkrar umsóknir um aðstoð á þessum grundvelli.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gegndi enn sem fyrr mikilvægu hlutverki við að miðla þekkingu og reynslu um hagstjórn og fylgdist með framvindu efnahagsmála í öllum aðildarríkjunum. Í nóvember heimsótti sendinefnd sjóðsins Ísland til viðræðna við stjórnvöld og til að viðað sér upplýsingum um þróun efnahagsmála hér á landi.

Á árinu 1990 var gert samkomulag um stækkun á heildarkvótum sjóðsins og var það í níunda sinn sem það var gert. Heildarstærð sjóðsins eykst um 50% og verður um 140 milljarðar SDR, þegar hækkunin hefur gengið í gildi. Gert er ráð fyrir, að tilskilinn meirihluti aðildarlandanna samþykki kvótastækkunina á árinu 1991. Alþingi samþykkti kvótastækkun fyrir Íslands hönd í nóvember 1990, og verður kvóti Íslands 85,3 milljónir SDR eftir hækkun. Samkvæmt reglum sjóðsins skal endurskoða kvóta aðildarlandanna á fimm ára fresti til að tryggja, að hann hafi fjárhagslegt bolmagn til að sinna hlutverki sínu, eftir því sem efnahagssumsvif í heiminum aukast. Níundu kvótastækkunina hefði átt að staðfesta á árinu 1988, en samkomulag tókst ekki um hana fyrr en á árinu 1990. Um leið var ákveðið, að næsta endurskoðun á kvótum sjóðsins skuli fara fram á árinu 1993.

Nokkuð hefur borið á því, að ríki hafi ekki staðið í skilum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, og því hefur verið lagt til, að stofnskrá hans verði breytt á þann veg, að hægt verði að svipta aðildarlönd atkvæðisrétti, ef þau standa ekki við gerða samninga. Búist er við, að þessi tillaga verði samþykkt samhliða kvótahækkuninni.

Aðildarríki Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eru nú 155, eftir að Tékkóslóvakía, Mongólía og Búlgaría gerðust aðildarríki á árinu 1990. Nú liggja fyrir aðildarumsóknir Sviss og Albaníu.

Mikil umskipti urðu í heimsbúskapnum á árinu 1990, og settu þau svip á erlenda lánamarkaði. Vaxandi áhyggjur af verðbólgu, aukið aðhald í peningamálum og væntingar um verulega eftirspurn eftir lánsfé vegna uppbyggingar í Austur-Evrópu urðu þess valdandi, að vextir fóru almennt hækkandi á fyrri hluta ársins. Hernám Íraka í Kúveit og hærra olíuverð urðu einnig til þess að þrýsta vöxtum upp á við. Hins vegar tók að bera á samdrætti í efnahagslífi heimsins, sérstaklega í Bandaríkjunum og Bretlandi, sem leiddi til lægri vaxta í þessum löndum, þegar líða tók á árið. Þetta leiddi m. a. til þess, að í fyrsta sinn um langt skeið urðu bæði skammtíma- og langtíma vextir í Þýskalandi hærrí en í Bandaríkjunum. Þrátt fyrir óvenjumikla óvissu á erlendum lánamörkuðum urðu ekki teljandi breytingar á erlendum lántökumöguleikum og kjörum ríkissjóðs og annarra innlendra

Erlendir lánamarkaðir

Erlendar lántökur ríkissjóðs

aðila, sem taka erlend lán, þótt síðla árs hafi gætt nokkurrar hækkunar á vaxtaálagi. Ýmislegt bendir nú til þess, að vaxtakjör á árinu 1991 versni nokkuð frá því sem verið hefur á allra síðustu árum.

Á árinu 1990 tók ríkissjóður lán erlendis til eigin nota að jafnvirði um 3.500 m. kr., og til endurlána voru teknar um 400 m. kr. Í lánsfjárlögum fyrir árið 1990 hafði ríkissjóður heimild til að taka erlend lán að jafnvirði 4.370 m. kr. auk heimilda til að ábyrgjast eða taka lán og endurlána til ýmissa þarfa annarra aðila.

Lántökuþörf ríkissjóðs var mætt með útgáfu á skammtímavíxlum og ádrætti á veltilán auk láns að jafnvirði um 80 m. kr. hjá Útflutningslánastofnun Kanada vegna tækjakaupa Flugmálastjórnar.

Frá árinu 1985 hefur ríkissjóður gefið út skammtímavíxla á erlendum lánamarkaði. Á sl. ári var hámarksfjárhæð þessarar útgáfu hækkuð úr 200 í 250 milljónir dollara. Reynslan af víxlaútgáfunni er góð, og hafa vextir verið lægri en af öðrum lánnum eða um 0,08% undir milli-bankavöxtum í London (LIBOR). Ekki er þó talið rétt að auka útgáfu á þessum víxlum frekar, þar eð öll lán af þessum toga eru til skamms tíma og eðlilegt að halda hlutdeild þeirra innan ákveðinna marka. Á árinu 1990 voru að jafnaði um 180 milljónir Bandaríkjadollara útistandandi á víxlamarkaði, sem er jafnvirði um 10 mrð. kr. og samsvarar tæplega 20% erlendra skulda ríkissjóðs. Í byrjun árs 1991 var útgáfa á skammtímavíxlum erlendis aukin upp að hámarki til að veða upp á móti samdrætti, sem varð á útgáfu ríkisvíxla innanlands.

Til þess m. a. að tryggja stöðuga sölu skammtímavíxla var ákveðið að fá virt erlent matsfyrirtæki til að meta lánshæfni ríkissjóðs á skammtímamarkaði. Á árinu 1989 fékkst mat frá bandaríska fyrirtækinu Standard & Poor's, og hlaut ríkissjóður einkunnina A-1 á erlendu víxlaútgáfunum. Þetta er næsthæsta einkunn sem fyrirtækið gefur. Á árinu 1990 var óskað eftir mati bandaríska fyrirtækisins Moody's Investors Service, og gaf það víxlaútgáfunni sína bestu einkunn, sem auðkennd er P-1. Þessar tvær stofnanir eru áhrifamestu fyrirtækin á þessu sviði, og mat þeirra hefur veruleg áhrif á þau kjör, sem ríkissjóði bjóðast á erlendum fjármagnsmörkuðum. Þessar stofnanir munu áfram fylgjast með efnahagsmálum hér á landi og birta opinberlega álit sitt. Það er því ljóst, að efnahagsstjórn hér á landi hefur nú beinni áhrif á lánskjörin, sem ríkissjóði standa til boða erlendis, en áður fyrr.

Matsfyrirtækin Moody's og Standard & Poor's hafa einnig metið lánshæfni ríkissjóðs til langs tíma. Á árinu 1989 tilkynnti Standard & Poor's að ríkissjóður fengi einkunnina A-1 og Moody's fylgdi í kjölfarið og veitti einkunnina A-2. Þessar einkunnir eru sambærilegar og hafa ekki tekið neinum breytingum á þeim tíma, sem síðan er liðinn. Einkunnirnar þýða, að fyrirtækin álíta, að ríkissjóður sé traustur lántakandi og að lítil hættu sé á, að efnahagsmál fari úr skorðum. En þar sem matsfyrirtækin telja að erlend skuldsetning sé tiltölulega mikil og hagkerfið smátt og sveiflukennt, hlýtur ríkissjóður Íslands lægri einkunn en ríkissjóðir grannþjóðanna.

Í árslok 1990 voru erlendar skuldir ríkissjóðs jafnvirði tæplega 60 milljarða króna. Um 42% skuldanna voru í Bandaríkjadollurum, tæplega 11% í yenum og 47% í ýmsum Evrópugjaldmiðlum eins og sést á töflu VI.1.

Tafla VI.1. Gjaldmiðlasamsetning erlendra skulda ríkissjóðs.

	Árslok 1988 %	Árslok 1989 %	Árslok 1990 %
<i>Fastir vextir:</i>			
Bandaríkjadollarar	5,2	3,5	2,0
Sterlingspund	8,4	6,8	7,1
Svissneskir frankar	7,4	6,6	7,5
Franskir frankar	1,0	1,0	1,0
Japönsk yen	16,7	11,4	10,6
Þýsk mörk	11,3	17,1	16,5
Hollenskar flórínur	2,9	2,2	1,7
Evrópska gjaldmiðilseiningin ECU	6,7	6,2	6,3
Aðrir gjaldmiðlar	0,1	0,1	0,1
Alls	59,7	54,9	52,8
<i>Breytilegir vextir:</i>			
Bandaríkjadollarar	35,4	37,9	40,1
Svissneskir frankar	1,0	0,9	0,9
Þýsk mörk	3,9	6,2	6,2
Alls	40,3	45,1	47,2
Samtals	100,0	100,0	100,0

Um 53% erlendra skulda ríkissjóðs voru með föstum vöxtum. Hlutfall skulda, sem bera breytilega vexti, hefur farið vaxandi á undanförunum árum. Þar sem breytilegum vöxtum fylgir eðlilega nokkur áhætta, er stefnt að því að lækka hlutdeild þeirra með vaxtaskiptum, þegar markaðsaðstæður leyfa.

Þar sem ýmis rök hníga að því, að samsetning erlendra skulda ríkissjóðs og erlendra viðskipta þjóðarbúsins skuli vera áþekk, er hlutfall skulda í Bandaríkjadollurum nú of hátt. Viðskipti við Bandaríkin


hafa dregist saman, og Bandaríkjadollar vó 18% í gengisvog Seðlabankans í byrjun árs 1991. Þess vegna er stefnt að því að lækka hlutfall skuldbindinga í Bandaríkjadollurum talsvert með samsvarandi aukningu í hlutdeild Evrópugjaldmiðla, en hlutdeild Evrópu í erlendum viðskiptum Íslands hefur farið vaxandi. Þessu markmiði er áformað að ná með gjaldmiðlaskiptum, þó þannig, að lánskjör versni ekki. Eins og sjá má á töflu VI.1. hér að framan jókst hlutdeild Bandaríkjadollara í erlendum skuldum, og á það rætur að rekja til 3,5 mrð. kr. erlendrar lántöku í árslok, sem áður var getið.

Vegna gengisþróunar á árinu 1990 reyndist mjög hagstætt að hafa hlutdeild skuldbindinga í Bandaríkjadollurum stóra. Þetta sést vel á því, að nettólántaka erlendis var um 80 milljónir dollara á árinu eða um 4,4 mrð. kr., en heildarskuldir ríkissjóðs í krónum taldar jukust um 1,1 mrð. kr.

Hægt er að meta raunvexti á erlendum skuldum ríkissjóðs á tvennan hátt: Annars vegar með því að nota breytingar á verðlagi í viðkomandi mynt og hins vegar með því að miða við þróun verðlags innan lands og gengis krónunnar. Miðað við verðbólgu í Bandaríkjunum voru raunvextir á skuldbindingum ríkissjóðs í Bandaríkjadollurum, sem bera breytilega vexti, liðlega 1% í árslok 1990. Sé litið á heildarskuldir ríkissjóðs, voru raunvextir á þennan mælikvarða liðlega 2% í árslok 1990. Skuldir í Bandaríkjadollurum, sem miða við millibankavexti í London (LIBOR), eins og t. d. erlendir víxlar ríkissjóðs, voru einkar hagstæðar á síðasta ári, ef miðað er við þróun gengis og verðlags á Íslandi. Þannig sýna útreikningar, að 6 mánaða LIBOR-vextir á árinu 1990 jafngiltu með þessari viðmiðun 8,5% neikvæðri raunávöxtun. Þetta er afleiðing efnahagssamdráttar í Bandaríkjunum, lækkandi gengis dollars og tilraunar stjórnvalda þar í landi til að örva hagvöxt með því að slaka á peningamálum.

Í lánsfjárlögum fyrir árið 1990 fólst sú nýbreytni, að stofnunum með ríkisábyrgð á skuldbindingum sínum var gert skylt að kynna lántökuáform sín fyrir Seðlabanka Íslands og leita eftir samþykki hans í umboði fjármálaráðuneytisins á kjörum og skilmálum. Athuganir Seðlabankans á erlendum lánsamningum þessara stofnana beindust helst að því að koma í veg fyrir, að í þeim væru ákvæði, sem valda kynnu ríkissjóði óþægindum eða hugsanlega þrengingum. Þetta samráð er nú bundið í lögum um Lánasýslu ríkisins.

Á árinu 1990 gerðu sex stofnanir í eigu ríkisins 17 samninga um lán við erlenda banka. Heildarfjárhæð þessara lána var um 13 mrð. kr., og voru um 72% af þeirri fjárhæð í Bandaríkjadollurum og um 25% í



þýskum mörkum. Þessi erlendu lán voru ýmist fjölbankalán eða lán einnar stofnunar. Kom því ekki til opinberrar skuldabréfaútgáfu erlendis á árinu 1990.

Ríkissjóður innheimtir sérstakt ábyrgðargjald sem nemur 0,25% af erlendum lánum stofnana með ríkisábyrgð. Fiskveiðasjóður er undanþeginn slíku gjaldi, þar sem hann nýtur ekki ríkisábyrgðar á erlendum skuldbindingum. Ljóst er af reynslu Fiskveiðasjóðs og Íslandsbanka, sem greiðir ekki ábyrgðargjald, að vaxtaálag stofnana (að meðtöldu ábyrgðargjaldi), sem greiða ríkisábyrgðargjald, er nokkru hærra en þeirra, sem greiða ekki gjaldið. Erlendar lánastofnanir gera sáralítinn greinarmun á vaxtaálagi til stofnana með ríkisábyrgð s.s. Iðnlánasjóðs og stofnana án ríkisábyrgðar s.s. Fiskveiðasjóðs. Af þessum sökum virðist tímabært að endurskoða ábyrgðargjaldið til að koma í veg fyrir, að samkeppnisstaða raskist.

Endurgreiðslur ríkissjóðs af erlendum lánum

Við nýjar lántökur er miðað við, að endurgreiðslur falli ekki með óeðlilegum þunga á eitt einstakt ár til að draga úr líkum á vandræðum við endurgreiðslu eða endurfjármögnun. Myndin sýnir, að endurgreiðslur verða mjög litlar á árunum 1991 og 1993, en talsvert miklar á árunum 1992 og frá árinu 1994 til 1997.

VII. UMSJÁ SJÓÐA OG ÝMIS STARFSEMI FYRIR RÍKISSJÓÐ

Ríkisábyrgðasjóður

Starfsemi Ríkisábyrgðasjóðs var um flest með svipuðu sniði og verið hefur, en þó talsvert meiri en verið hefur undanfarin ár. Veruleg breyting varð hins vegar á stöðu sjóðsins í stjórnkerfinu.

Lánasýsla ríkisins

Með lögum nr. 49/1990 var sett á stofn Lánasýsla ríkisins, sem samkvæmt lögunum er ætlað að annast mál, er varða lántökur ríkissjóðs, innan lands og utan, lánveitingar og veitingu ríkisábyrgða. Með lögum þessum voru felld úr gildi lög um Ríkisábyrgðasjóð frá 1962 og efni þeirra felld inn í lögum um Lánasýslu ríkisins. Ríkisábyrgðasjóður var því í raun lagður niður sem sjálfstæð stofnun, en verður framvegis deild í Lánasýslu ríkisins. Jafnframt var með lögum þessum staðfest tilvist Þjónustumiðstöðvar ríkisverðbréfa, sem stofnuð var á árinu 1989 sem deild við Ríkisábyrgðasjóð, en Þjónustumiðstöðin er ein þriggja deilda Lánasýslunnar. Hin þriðja fer með erlend málefni.

Seðlabankinn hefur frá upphafi annast vörslu og rekstur Ríkisábyrgðasjóðs og jafnframt verið ráðgefandi og veitt þjónustu í sambandi við erlendar og innlendar lántökur ríkissjóðs. Við setningu laga um Lánasýsluna var gert ráð fyrir, að samið yrði við Seðlabankann um, að hann annaðist áfram þau verkefni, sem hann hefur haft á hendi fyrir ríkissjóð í sambandi við erlendar lántökur, lánveitingar og ábyrgðamál. Enn hefur þó ekki verið samið um, hvernig þessum málum verður hogað í framtíðinni.

Ábyrgðir fiskeldislána

Með lögum nr. 182/1990 var sett á stofn Ábyrgðadeild fiskeldislána, sem er sérstök deild við Ríkisábyrgðasjóð. Henni er ætlað að tryggja með sjálfskuldarábyrgð eldislán, sem bankar veita fiskeldisfyrirtækjum. Deildin tók við því hlutverki, sem Tryggingasjóði fiskeldislána, sem stofnaður var árið 1989, var ætlað, en lagður niður um leið og deild þessi var stofnuð. Tók hún við eignum hans og skuldbindingum. Tryggingasjóði, sem í raun var deild í Stofnlánadeild landbúnaðarins, var aðeins heimilt að veita einfaldar ábyrgðir f. h. ríkissjóðs, en það þótti ekki fullnægjandi að mati viðskiptabankanna, sem ábyrgð-

anna áttu að njóta. Því var gripið til þess ráðs að láta Framkvæmdasjóð Íslands veita sjálfskuldarábyrgðir til handa bönkunum á grundvelli einfaldra ábyrgða Tryggingasjóðs. Þegar Ábyrgðadeildin tók til starfa, yfirtók hún þessar sjálfskuldarábyrgðir Framkvæmdasjóðs ásamt einföldum ábyrgðum Tryggingasjóðs. Yfir deildinni er 5 manna stjórnarnefnd, skipuð af fjármálaráðherra til fjögurra ára í senn, og á hún m. a. að taka ákvarðanir um veitingu ábyrgða. Rekstri Ábyrgðadeildar er haldið aðgreindum frá rekstri Ríkisábyrgðasjóðs. Hrökkvi fé deildarinnar ekki til greiðslu tjóna, sem hún þarf að bæta, fellur þó það, sem á vantar, á Ríkisábyrgðasjóð.

Rekstur deildarinnar er talinn hefjast 1. júlí 1990. Ríkisábyrgðasjóður veitir deildinni þjónustu, sem hún þarf á að halda, svo sem um húsnæði, afgreiðslu, bókhald o.fl. Ábyrgðadeildin yfirtók 14 ábyrgðir frá fyrirrennum sínum, samtals að fjárhæð 335 m. kr. Sjálf hefur deildin veitt þrjár ábyrgðir. Heildarskuldbindingar hennar, gjaldfallnar og ógjaldfallnar, námu um sl. áramót um 371 m. kr. Hagur fiskeldis er með þeim hætti, að ljóst er, að Ábyrgðadeildin mun verða fyrir stórtjónum á næstunni. Þann tíma á sl. ári, sem hún starfaði, varð 1 fiskeldisfyrirtæki gjaldþrota, og það, sem af er þessu ári, hafa 2 bæst við. Á deildina féll á sl. ári ábyrgðarkrafa að fjárhæð 44 m. kr. Ríkisábyrgðasjóður varð að hlaupa undir bagga og leysa til sín kröfuna, þar eð Ábyrgðadeildin hafði ekki fjármagn til að inna greiðsluna af hendi. Kröfu þessa mátti rekja til Tryggingasjóðs fiskeldislána.

Ríkisábyrgðasjóður

Eins og fyrr segir var starfsemi Ríkisábyrgðasjóðs með meira móti á sl. ári og má rekja það m. a. til þeirra lagabreytinga, sem getið er hér að framan. Auk þeirra verkefna, sem hann hefur sinnt til þessa, veitir hann eins og fyrr segir Ábyrgðadeild fiskeldislána ýmsa þjónustu, og að auki annast hann bókhald fyrir Þjónustumiðstöð ríkisverðbréfa. Með lögum um breytingu lausaskulda loðdýrabænda í föst lán var fjármálaráðherra heimilað að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á 60% af lausaskuldum loðdýrabænda, sem breytt yrði í föst lán til langs tíma, samtals að hámarki 300 m. kr. Skuldbreyting þessi stóð yfir mikinn hluta sl. árs og er enn ekki lokið. Alls er búið að afgreiða ábyrgðir vegna 96 bænda á 206 lán, samtals að fjárhæð 1.135,7 m. kr. Auk ábyrgða þeirra, sem að framan getur, var ábyrgð veitt á lán, sem Tryggingasjóður fiskeldislána tók. Þessu til viðbótar má svo geta ríkisábyrgðar á lán, sem Atvinnuþryggingasjóður tók, en lántökur hans námu á árinu alls 1.758 m. kr. á nafnverði, og ríkisábyrgðar á útgefin húsbref, sem samtals námu 5.509 m. kr. á árinu.

Ætla má, að heildarfjárhæð ríkisábyrgða hafi numið 39.419 m. kr. við árslok 1990 og hækkaði nokkuð á árinu. Lækkandi gengi dollars olli því, að ekki varð um meiri hækkun að ræða. Auk þessa eru svo ábyrgðir ríkissjóðs á skuldbindingum ýmissa fyrirtækja og sjóða, sem eru í eigu ríkissjóðs að hluta eða öllu, svo sem banka og fjárfestingarlánasjóða. Um fjárhæð slíkra ábyrgða er ekki vitað með vissu, en ljóst er, að þar er um miklu hærri fjárhæðir að ræða heldur en hér er getið.

Fjárhæð krafna, sem Ríkisábyrgðasjóður varð að leysa til sín á sl. ári, nam alls um 586 m. kr., sem er rúmlega 40% herra en árið áður. Innborganir frá skuldurum jukust einnig verulega, en samt hækkuðu nettógreiðslur vegna vanskila um 89 m. kr. Yfirlit yfir þessar greiðslur fer hér á eftir á töflu VII.1.

*Tafla VII.1. Innleystar kröfur og endurgreiðslur til Ríkisábyrgðasjóðs.
(Í millj. kr.)*

	1985	1986	1987	1988	1989	1990
Innleystar kröfur	238,2	635,8	229,0	304,1	410,6	585,6
Endurgreiðslur frá skuldurum	204,5	356,3	219,1	221,3	364,3	465,0
	33,7	279,5	9,9	82,8	46,3	120,6

Orkusjóður

Starfsemi Orkusjóðs var svipuð og verið hefur undanfarin ár. Sjóðurinn veitir lán til jarðhitaleitar, hitaveitna og til byggingar einkarafstöðva. Auk þess fara um Orkusjóð framlög úr ríkissjóði til rafvæðingar sveita. Sjóðurinn veitti á sl. ári alls 12 lán, samtals að fjárhæð 31,2 m.kr. Framlög á fjárlögum til sjóðsins námu alls 142,5 m.kr. Samkvæmt bráðabirgðatölum námu vaxtatekjur sjóðsins 21,5 m.kr. á árinu, en vaxtagjöld 35,5 m.kr. Styrkveitingar Orkusjóðs námu 53,4 m. kr. og skiptast eins og sýnt er á töflu VII.2.

*Tafla VII.2. Styrkveitingar Orkusjóðs 1990.
(Í millj. kr.)*

Samkv. 71. gr. Orkulaga		
Til sveitarafvæðingar	21,0	
Til styrkingar dreifikerfa í sveitum	30,5	51,5
Annað		1,9
		53,4

Hafnabótasjóður

Hafnabótasjóður veitti alls 13 lán á árinu að fjárhæð 48,8 m.kr. og 28 styrki, samtals 58,8 m. kr. Þarna er um nokkru hærri lánveitingar að ræða en árið áður, en styrkveitingar hafa hins vegar aukist mjög mikið. Framlög ríkissjóðs til sjóðsins námu 68,5 m.kr., og vaxta-

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins

tekjur hans urðu 38,9 m. kr. samkvæmt bráðabirgðatölum, en vaxta-
gjöld 9,5 m. kr.

Árið 1990 var 21. starfsár Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og jafn-
framt hið síðasta. Sjóðurinn var stofnaður með lögum nr. 72/1969, en
tók til starfa í ársbyrjun 1970. Undanfari þeirrar lagasetningar var
stofnun verðbótasjóðs árið 1967, sem hafði það hlutverk að greiða
verðbætur á freðfisk vegna mikils verðfalls, sem varð það ár.

Í lögum um Verðjöfnunarsjóð var hlutverk sjóðsins skilgreint
almennum orðum, „...að draga úr áhrifum verðsveiflna, er verða
kunna á útflutningsafurðum fiskiðnaðarins“. Þetta meginhlutverk og
önnur atriði laganna stóðu síðan að mestu óbreytt, þar til að sjóður-
inn var lagður niður með lögum nr. 39 í maímánuði 1990, samhliða
því að Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins var settur á stofn.

Meginhlutverk hins nýja sjóðs er skv. lögnum „...að draga úr
áhrifum verðsveiflna á sjávarafurðum á þjóðarbúskapinn“. Með
þessu er sjóðnum sett þjóðhagslegt markmið, sem m. a. skýrir þá
lagaskyldu til verðjöfnunar, sem á sjávarútveginn er lögð. Í bráða-
birgðaákvæði laganna er einnig kveðið svo á, að ríkissjóður taki við
skuldbindingum Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Hér er átt við
yfirdráttarlán, sem Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins tók hjá Seðla-
bankanum á árunum 1988–1990 til greiðslu verðbóta á freðfisk og
hörpudisk. Lántaka þessi hafði farið fram skv. lögum nr. 9 og 51 frá
1989. Með skuldabréfi, dags. 1. nóvember 1990, yfirtók ríkissjóður
þetta lán, og var heildarupphæð lánsins þá orðin kr. 1.458.283.496.
Árið 1981 tók Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins lán hjá Seðlabank-
anum að upphæð 42 m. kr. til greiðslu verðbóta á loðnumjöli og lýsi.
Var lánið tekið með heimild í lögum nr. 81/1981. Um áramótin 1985/86
leysti Ríkisábyrgðasjóður lánið til sín, og var upphæð lánsins þá
orðin alls kr. 230.455.356. Þetta lán yfirtók ríkissjóður einnig.

Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins

Í bráðabirgðaákvæði í lögum um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins
segir einnig, að innstæður deilda Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins
skuli færa á sérstaka reikninga hjá Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins.
Þar sem uppgjóri á verðbótum vegna freðfisk-, saltfisk- og hörpudisk
framleiðslu var ekki lokið í ársbyrjun 1990 vegna framleiðslu árunum
1988 og 1989, var mjög verulegt greiðslutílefni vegna þessarar fram-
leiðslu á liðnu ári. Uppgjóri var lokið á verðbótum þessum og þær
greiddar út. Einnig voru verðbætur vegna rækjuframleiðslu á tíma-
bilinu 1. júní 1988 til 31. maí 1990 gerðar upp.

Nokkur innstæða var á reikningi skreiðardeildar. Var þar m. a. um að
ræða eftirstöðvar vegna Nígeríuskreiðar. Ákveðið var að greiða þá

Verðjöfnun

innstæðu út til þeirra framleiðenda á Nígeríuskreið, sem fengu greiddar verðbætur á árunum 1983–85. Að þessu uppgjöri loknu voru eftirstöðvar hlutaðeigandi reikninga og deilda færðar á sérstakan óskiptan reikning hjá hinum nýja sjóði eins og gert er ráð fyrir í lögum hans. Í eftirfarandi töflu er sýnt, hvernig verðjöfnun hefur fallið til á deildir og tegundir á framleiðslu árunum 1988–1990.

Tafla VII.3. Verðbætur og verðhækkunartekjur Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins eftir framleiðsluárum í m. kr.

	1988		1989		1990	
	Verð- hækk.- tekjur	Verð- bætur	Verð- hækk.- tekjur	Verð- bætur	Verðh- hækk.- tekjur	Verð- bætur
Frystar afurðir	–	679	–	989	–	139
Freðfiskur	–	454	–	612	–	–
Rækja	–	173	–	367	–	139
Hörpudiskur	–	52	–	10	–	–
Saltfiskur	–	106	–	666	–	–
Skreiðarafurðir ¹⁾	10	–	–	–	–	–
Ísfiskur	8	–	–	–	–	–
Samtölur deilda	–	785	–	1.655	–	139
Samtölur, nettó		767		1.655		139

1) Á árinu 1990 voru greiddar 11,6 m. kr. vegna skreiðar, sem verðbætur höfðu fallið til á árunum 1983–85.

Í ársbyrjun námu innstæður á reikningum Verðjöfnunarsjóðs 704 m. kr. Allnokkuð var ógreitt af verðbótum, sem til féllu 1988 og 1989 vegna rækjuframleiðslu, eða rúmlega 90 m. kr. Einnig voru greiddar tæpar 12 m. kr. vegna Nígeríuskreiðar. Greiðslur verðbóta vegna freðfisks voru að öllu leyti fjármagnaðar með láni hjá Seðlabankanum eins og áður segir, og þannig var með verðbætur á hörpudisk að hluta. Tafla VII.4 sýnir innstæður Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins í ársbyrjun 1990 og sjóðshreyfingar ásamt lokainnstæðum þeim, sem færðar voru yfir á Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, skipt niður á deildir og afurðareikninga.

Hinn nýi Verðjöfnunarsjóður tók til starfa þann 1. júní 1990. Ekki skapaðist þó neitt verðjöfnunartilefni fyrr en í ágústmánuði sl. Var þá lögð á 1% inngreiðsla á botnfiskafurðir, 1,7% í september, 2,5% í október og 3,9% í nóvember og desember. Tafla VII.5 sýnir inngreiðslur vegna útflutnings í mánuðunum ágúst–desember 1990 ásamt stöðu reikninga í árslok. Allhár upphæðir voru útistandandi vegna verðjöfnunar á ofangreinda útflutningsmánuði. Ætla má, að hér geti verið um að ræða um 142 m. kr.

Tafla VII.4. Innstæður og reikningshreyfingar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins í Seðlabankanum 01.01.–31.05.1990.
(Í þús. kr.)

	Innstæður 01.01.90	Inngr./ útgreiðslur	Gengis- færsla	Vaxta- tekjur ¹⁾	Innstæður ²⁾ 31.05.90
Stofnfjárdeild	713	1.017	0	32	1.762
Frystideild	545.694	-100.523	-7.424	23.095	493.793
Freðfiskur	28.282	-20.765	-403	1.138	28.179
þ. a. út á lántöku		-19.927			
Rækja	241.785	-60.552	-3.156	10.926	189.003
Hörpudiskur	21.299	-19.209	-266	751	15.599
þ. a. út á lántökur		-13.023			
Humar	254.328	3	-3.599	10.280	261.012
Saltfiskdeild	102.754	-67.819	-1.111	2.436	36.260
Skreiðardeild	26.824	7.324	-395	1.235	34.988
Mjöl- og lýsisdeild	27.248	-240	-388	1.100	27.720
Saltsíldardeild	658	-70	-201	85	472
Alls	703.891	-160.311	-16.943	51.078	594.995
þ. a. v/lántöku		-32.950			
Skuld freðfisks- og hörpu- dísreikninga	1.061.363				1.394.402

- ¹⁾ Meðalvextir (LIBOR-vextir), samvegnir eftir samsetningu SDR hverju sinni, voru 9,15% p.a.
²⁾ Athuga ber, að hér eru tilgreindar verðbætur á freðfisk og hörpudisk, sem greiddar eru út skv. sérstökum lögum þar um og lán var tekið til hjá Seðlabankanum, sjá texta, en hafa ekki áhrif á eignastöðu annarra en hlutadeigandi deilda sjóðsins.
³⁾ Auk ofangreindra verðbóta á freðfisk fram til 31.05.1990 voru greiddar 21.500 þús.kr. við lokauppgjör. Alls voru því greiddar 42.265 þús.kr. sem verðbætur á freðfisk á árinu 1990 vegna framleiðslu árána 1988–89.

Tafla VII.5. Innstæður og sjóðshreyfingar Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins í Seðlabankanum 01.06.–31.12.1990.
(Í þús. kr.)

	Inngr./ úgr.	Vaxta- tekjur	Innstæður 31.12.1990
Botnfiskafurðir unnar ¹⁾	311,2	3,0	314,2
Botnfiskafurðir óunnar ¹⁾	93,1	0,9	93,9
Humardeild	–	–	–
Rækjudeild ²⁾	–	–	–
Hörpudiskdeild	–	–	–
Mjöl- og lýsisdeild	–	–	–
Síldardeild	–	–	–
Sameiginlegir reikningar ³⁾	-160,1	28,3	536,5
þ. a. v/rækju ²⁾	-148,7	9,0	45,2
þ. a. v/hörpudisks	–	0,7	17,0
þ. a. v/skreiðar	-11,4	1,5	23,0
Verðjöfnunarsjóður, kostnaðarreikningur	-2,1	–	1,2

- ¹⁾ Önnheimtar vegna botnfiskafurða um áramót 1990/91 voru 142 m. kr.
²⁾ Ógreiddar verðbætur vegna rækju um áramótin 1990/91 námu um 30 m. kr.
³⁾ Sameiginlegir reikningar eru þær innstæður, sem færðar voru af reikningum Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, þegar öllum skuldbindingum þess sjóðs hafði verið mætt.

VIII. ÝMSIR ÞÆTTIR Í STARFSEMI BANKANS OG LAGABREYTINGAR

Lagabreytingar

Með lögum um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins (nr. 39/1990) er leitast við að sníða af vankanta þá, sem voru á verðjöfnunarkerfi Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins.

Eitt af markmiðum laganna er því að gera alla framkvæmd verðjöfnunarinnar einfaldari en áður var. Útreikningur á verðjöfnunartil-efnum er nú hjá Verðjöfnunarsjóðnum sjálfum á grundvelli verðupp- lýsinga frá útflytjendum. Þessi útreikningur á einnig að liggja fyrir, áður en verðjöfnunartímabilið hefst, þannig að útflytjendur vita strax, hversu mikið þeir eiga að greiða í sjóðinn af útflutningi eða hversu mikið þeir munu fá greitt úr honum á verðjöfnunartímabilinu. Í öðru lagi er að því stefnt með lögum að gera ákvarðanir um verð- jöfnun að mestu leyti sjálfvirkar og einbeita sjóðnum að því mark- miði að jafna verðsveiflur, en hirða ekki um aðra þætti, sem hafa áhrif á afkomu sjávarútvegsfyrirtækja, eins og t. d. afla. Í þriðja lagi gera löginn ráð fyrir því, að greiðslur úr Verðjöfnunarsjóði til einstakra fyrirtækja takmarkist við inngreiðslur, sem fyrirtækið hefur innt af hendi til sjóðsins, og ávöxtun þeirra. Fyrirtæki, sem ekkert hefur borgað í sjóðinn, fær því ekki greitt úr honum.

Lög um Verðjöfnunarsjóð

Með lögum um Lánasýslu ríkisins (nr. 43/1990) er fyrirkomulagi á framkvæmd lána- og ábyrgðamála ríkisins breytt, þannig að nú er sér- hæfðri ríkisstofnun utan fjármálaráðuneytis falið að annast þessi mál undir yfirstjórn fjármálaráðherra. Jafnframt hafa gildandi lagaákvæði um þessi mál verið samræmd. Með þessu móti er stefnt að því að styrkja stöðu ríkissjóðs í vaxandi samkeppni á lánamörkuðum. Ríkisábyrgðasjóður, sem er uppistaðan í einni af þremur megin- deildum Lánasýslu ríkisins, er vistaður í Seðlabankanum. Seðla- bankinn annast jafnframt erlend lánamál ríkissjóðs og stofnana, sem njóta ríkisábyrgðar, f. h. Lánasýslunnar auk þess sem hann sér áfram um stóra þætti í lánsfjáröflun ríkissjóðs á innlendum markaði. Með lögum um Lánasýslu ríkisins er ekki stefnt að því að breyta þessu fyrirkomulagi, enda hefur það gefist vel.

Lánasýsla ríkisins

Með lögum nr. 103/1990 er ríkisstjórninni heimilað að semja um hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum úr 59,6 millj-

Kvótahækkun hjá Alþjóða- gjaldeyrissjóði

ónum SDR í 85,3 milljónir SDR, og skal Seðlabankinn leggja fram viðbótarféð vegna hækkunar kvótans, sbr. 23. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands. Jafnframt er ríkisstjórninni heimilað í lögum nr. 104/1990 að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem samþykktar voru af yfirstjórn sjóðsins 28. júní 1990.

Með auglýsingu Seðlabankans frá 21. desember 1990 var lágmarks-tími verðtryggðra spariskírteina og útlána, sbr. 3. tölulið 1. mgr. 39. gr. laga nr. 13/1979 („Ólafslaga“), lengdur um eitt ár, þ. e. úr tveimur árum í þrjú ár, frá og með 1. janúar 1991. Verðtrygging til skemmri tíma en þriggja ára er því óheimil frá þeim tíma.

Seðlar og mynt

Í árslok voru seðlar og mynt í umferð 3.521,6 m. kr. og höfðu aukist um 5,3% á árinu. Árið áður var aukningin 13,1% og árið 1988 18,8%. Tafla 21 í töflusafni sýnir skiptingu seðla og myntar eftir stærðum í árslok 1987–1990.

Engir seðlar voru pantaðir á árinu 1990 hjá framleiðanda í Englandi, en slegnar voru 5,2 m. stk. af einnar krónu mynt með ártalinu 1991, er kostuðu 8,3 m. kr. í innkaupi. Seðlagreiningardeild bærust til vinnslu 13,3 m. seðla á árinu samtals að fjárhæð 16.881 m. kr., en í mynttalin-gu voru taldar 23,6 m. stk. að fjárhæð 358,3 m. kr.

Í mars var tekin í notkun ný seðlagreiningarvél af gerðinni 3200 frá enska fyrirtækinu De La Rue Systems. Vélin er búin tölvustýrðum skynjurum, sem flokka seðla eftir ástandi í nothæfa og ónothæfa seðla og greina, hvort um falsanir eða vafasama seðla er að ræða. Afkastageta vélarinnar er 12–15.000 seðlar á klukkustund. Tvær seðlagreiningarvélar af gerðinni 3200 ásamt tættara til eyðingar á ónothæfum seðlum voru keyptar af De La Rue Systems, og verður seinni vélin ásamt tættara tekin í notkun í mars eða apríl 1991. Starfsemi í seðlagreiningardeild verður þá komin í svipað horf og tíðkast í nágrannalöndunum, að því er varðar frágang og öryggi í meðferð seðla.

Innlend gjaldeyrismál

Á árinu 1990 voru gerðar umfangsmiklar breytingar á gjaldeyrisreglunum, sem Viðskiptaráðuneytið og Seðlabankinn höfðu unnið að um nokkurt skeið. Með nýrri reglugerð ráðuneytisins um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, nr. 312 frá 30. júlí 1990, og fjórum auglýsingum bankans, sem birtust um svipað leyti (auglýsing bankans um viðskipti með verðbréf í erlendri mynt var endurútgefin 14. desember með örlitlum breytingum), varð bæði mikil breyting á framsetningu gjaldeyrisreglnanna, sem nú fylgir alþjóðlegri flokkun, og inntaki þeirra. Með þeim var stigið veigamikið skref að afnámi hafta á lang-tímahreyfingum fjármagns fyrir árslok 1992. Breytingar þessar tóku

gildi 15. september nema reglurnar um viðskipti með verðbréf í erlendri mynt, sem tóku gildi 15. desember.

Helstu atriðin í nýju gjaldeyrisreglunum eru þessi:

1. Gjalddeyrisyfirfærslur til útlanda vegna þjónustuviðskipta eru ekki lengur háðar gjaldeyrisleyfi. Þó eru enn í gildi nokkrar takmarkanir á yfirfærslum vegna ferða- og námskostnaðar, en þær falla úr gildi í árslok 1992.
2. Erlendum aðilum er heimilt að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi, kaupa fasteignir og verðbréf, svo framarlega sem ekki eru lagðar hömlur á slík viðskipti í lögum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum. Þá er þeim heimilt án takmarkana að flytja til útlanda mótttekinn arð, vexti og aðrar tekjur af fjárfestingu hér á landi svo og söluandvirði eigna.
3. Innlendum aðilum er heimilt innan ákveðinna fjárhæðarmarkna og annarra tilgreindra skilyrða að fjárfesta í atvinnurekstri erlendis, kaupa fasteignir og verðbréf í útlöndum og geyma fé á banka-reikningum erlendis. Fjárhæðarmörkin fara stighækkandi um hver áramót fram til ársloka 1992, er þau falla úr gildi, eins og fram kemur á meðfylgjandi töflu. Verðbréfavíðskiptin eru háð því skilyrði, að um sé að ræða langtímaverðbréf, sem skráð eru á kauphöll í einu af aðildarríkjum OECD, en ef um er að ræða hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóði, verður hann að starfa í einu af aðildarríkjum OECD og fjárfesta í skráðum langtímaverðbréfum. Innlegg á erlendum gjaldeyri í banka erlendis er háð því skilyrði, að reikningurinn hafi verið skráður hjá gjaldeyriseftirliti Seðlabankans og gjaldeyrisins hafi verið aflað í samræmi við gildandi gjaldeyrisreglur.
4. Innlendum aðilum er heimilt að taka lán erlendis án sérstaks tilefnis. Slík lán mega ekki vera með ábyrgð innlendrar fjármálastofnunar og verða að vera innan ákveðinna fjárhæðarmarkna, sem fara stighækkandi og falla brott í árslok 1992. Svipaðar reglur gilda um lánveitingar innlendra aðila til erlendra aðila án sérstaks tilefnis.
5. Innlendum aðilum er heimilt að gera framvirka samninga, samninga um skiptirétt og mynt- og vaxtaskipti, svo framarlega sem slíkir samningar tengjast ákveðnum vöru-, þjónustu- eða fjármagnsviðskiptum og um er að ræða samninga um tvær eða fleiri erlendar myntir.
6. Heimildir einstaklinga og fjölskyldna til ýmiss konar fjármagnsflutninga frá landinu, s. s. vegna gjafa, styrkja og brottflutnings af landinu, eru rýmkaðar verulega.
7. Eins og áður er þess krafist, að gjaldeyrisviðskipti fari um innlenda banka eða sparisjóði og öll viðskipti með erlend verðbréf

fari fram með milligöngu verðbréfafyrirtækja, sem aðild eiga að Verðbréfaþingi Íslands.

Breytingarnar á gjaldeyrisreglunum kölluðu á ýmiss konar undirbúningsvinnu af hálfu gjaldeyriseftirlitsins og endurskoðun á vinnutilhögun. Handbók um gjaldeyrismál, sem gefin er út af gjaldeyriseftirlitinu, var endurskoðuð frá grunni, og tölvukerfi gjaldeyriseftirlitsins var lagað að nýjum reglum.

Bankaeftirlit

Bankaeftirlitið hefur eftirlit með innlánsstofnunum, en til þeirra teljast viðskiptabankar, sbr. lög nr. 86/1985; sparisjóðir, sbr. lög nr. 87/1985; innlánsdeildir samvinnufélaga, sbr. 29. gr. laga nr. 46/1937; og póstgíróstofan, sbr. lög nr. 33/1986 og rgl. nr. 161/1990; verðbréfamiðlurum, verðbréfafyrirtækjum og verðbréfasjóðum, sbr. lög nr. 20/1989; eignarleigustarfsemi, sbr. lög nr. 19/1989; og viðskiptum með húsbréf, sbr. 66. gr. laga nr. 86/1988. Um bankaeftirlitið gilda að öðru leyti ákvæði IV. kafla laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, og IV. kafla reglugerðar nr. 470/1986 fyrir Seðlabanka Íslands.

Megintilgangur bankaeftirlitsins er fyrst og fremst sá að hafa eftirlit með því, að starfsemi hlutaðeigandi aðila, stofnunar eða fyrirtækis fari að lögum og reglum, sem um hana gilda, og sé að öðru leyti í heilbrigðum farvegi.

Eftirlit með bönkum og öðrum aðilum er ýmist framkvæmt á starfsstöð hlutaðeigandi eða með söfnun skriflegra upplýsinga um ákveðna rekstrar- og efnahagsliði þeirra eftir því sem ástæða þykir til hverju sinni. Að auki er flestum framangreindra aðila gert að skila bankaeftirlitinu reglulega upplýsingum um rekstur sinn og efnahag.

Niðurstöður eftirlitsaðgerða bankaeftirlitsins eru settar fram í bréfum eða skýrslum til hlutaðeigandi stofnana eða aðila og eru ræddar við stjórnendur þeirra, ef ástæða er til. Alvarlegar athugasemdir eru þegar í stað kynntar viðskiptaráðherra auk þess sem bankaeftirlitið gerir ráðherra grein fyrir fyrirhuguðum aðgerðum sínum í slíkum tilvikum í samræmi við lög.

Á undanförunum árum hefur í auknum mæli verið leitað til bankaeftirlitsins vegna viðskipta einstaklinga og fyrirtækja við stofnanir eða aðila, sem eru undir eftirliti þess. Mörg þessara erinda eru leyst með óformlegum hætti, en önnur þarfnast frekari umfjöllunar, og er þá viðkomandi gefinn kostur á að leggja þau fyrir bankaeftirlitið með formlegum hætti. Á árinu 1990 bárust bankaeftirlitinu 27 slík mál til afgreiðslu.

Bankaeftirlitið gefur árlega út skýrslu með efnahags- og rekstrarreikningum þeirra stofnana og fyrirtækja, sem það hefur eftirlit með samkvæmt lögum. Í skýrslunni er ennfremur að finna ýmsar kennitölur úr rekstri og efnahag þessara aðila og aðrar fróðlegar upplýsingar. Skýrsla þessi kom síðast út í júlí 1990 vegna ársins 1989.

Bankaeftirlitið hefur reglubundin samskipti og samstarf við hliðstæða opinbera eftirlitsaðila á öðrum Norðurlöndum. Haldnir eru reglulegir fundir með þessum aðilum, þar sem skipst er á upplýsingum um þróun löggjafar og framkvæmd eftirlits. Jafnframt hefur bankaeftirlitið á árinu 1990 tekið þátt í undirbúningi að viðræðum um fyrirhugaða samræmingu á löggjöf EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins.

Íslandsbanki hf. tók til starfa hinn 1. janúar 1990 með samruna fjögurra viðskiptabanka, þ. e. Alþýðubankans hf., Iðnaðarbanka Íslands hf., Útvegsbanka Íslands hf. og Verslunarbanka Íslands hf. Þá keypti Landsbanki Íslands nær allt hlutafé í Samvinnubanka Íslands hf. á árinu 1990.

Í framhaldi af sameiningu viðskiptabankanna á árinu 1990 urðu ýmsar skipulagsbreytingar og tilfærslur á afgreiðslustöðum viðskiptabankanna. Flestar urðu breytingarnar á afgreiðslustöðum Íslandsbanka hf. á Reykjavíkursvæðinu. Á árinu keypti Íslandsbanki hf. útibú Samvinnubanka Íslands hf. á Húsavík, og Búnaðarbanki Íslands keypti útibú Samvinnubankans á Akranesi, hvort tveggja af Landsbanka Íslands.

Hjá sparisjóðunum urðu þær breytingar á árinu 1990, að gengið var formlega frá sameiningu þriggja sparisjóða og stofnaður nýr sparisjóður, Sparisjóður Suður-Þingeyinga með höfuðstöðvar að Laugum í S-Þingeyjarsýslu og afgreiðslum á Fosshóli í Ljósavatnshreppi og Hlégarði í Aðaldal. Sparisjóðirnir, sem stóðu að stofnun þessa sjóðs og voru jafnframt lagðir niður, voru Sparisjóður Aðaldæla, Sparisjóður Kinnunga og Sparisjóður Reykdæla.

Fjöldi afgreiðslustaða innlánsstofnana í árslok 1989 og 1990 var sem hér segir:

	<i>Árslok 1989</i>	<i>Árslok 1990</i>
Viðskiptabankar	137	130
Sparisjóðir	45	45
Innlánsdeildir samvinnufélaga	23	23
Póstgíróstofan	1	1
Samtals	206	199

Í árslok 1990 höfðu 46 einstaklingar leyfi viðskiptaráðherra til verðbréfamíðlunar skv. lögum nr. 20/1989. Þá höfðu 4 verðbréfafyrirtæki rekstrarleyfi viðskiptaráðherra í árslok 1990. Á vegum þeirra voru starfræktir 7 verðbréfasjóðir, sem starfa í alls 28 sjóðsdeildum.

Í árslok 1990 voru starfandi í landinu 6 eignarleigufyrirtæki skv. lögum nr. 19/1989.

Starfsmenn bankaeftirlitsins í árslok 1990 voru alls 12 í 11½ starfi.

Þjóðhátíðarsjóður

Árið 1990 var þrettánda starfsár Þjóðhátíðarsjóðs, en hann starfar samkvæmt skipulagsskrá nr. 361 frá 30. september 1977. Stjórn sjóðsins ákvað, að úthluta skyldi allt að 8 m. kr. á árinu í styrki. Samkvæmt skipulagsskrá rennur fjórðungur úthlutunarfjár til Friðlýsingarsjóðs til náttúruverndar á vegum Náttúruverndarráðs og fjórðungur til varðveislu fornminja, gamalla bygginga og annarra menningarverðmæta á vegum Þjóðminjasafns. Úthlutað var 20 styrkjum samkvæmt umsóknum, samtals að fjárhæð 4 m. kr. Höfuðstóll sjóðsins í árslok var 50,6 m. kr.

IX. ANNÁLL PENINGA- OG GJALDEYRISMÁLA 1990

Janúar

Hinn 1. janúar tók Íslandsbanki hf. til starfa.

Gefinn var út nýr flokkur spariskírteina með 6% vöxtum til 5 ára. Áfram voru boðin spariskírteini í áskrift með kjörum, sem skila 6,2% ávöxtun.

Undir lok mánaðarins rituðu bankar og sparisjóðir bréf til aðila vinnu- markaðarins í tengslum við gerð kjarasamninga og lýstu sig reiðubúna að standa að vaxtalækkunum í takt við ört lækkandi verðbólgu og miða í því skyni við verðbólgu á grundvelli hækkunar lánskjaravísitölu í undangengnum mánuði og áætlaðri hækkun hennar tvo mánuði fram í tímann.

Apríl

Veruleg vaxtalækkun varð í byrjun mánaðarins. Sem dæmi urðu vextir óverðtryggðra skuldabréfa 14% að meðaltali hjá bönkum og sparisjóðum, en sama meðaltal var yfir 30% í ársbyrjun.

Mái

Hinn 1. maí hækkaði Seðlabankinn lausafjárhlutfall banka og sparisjóða úr 9% í 11%, en lækkaði bindiskyldu úr 11% í 10%. Jafnframt hækkaði hlutfall spariskírteina, sem talin eru með lausu fé, úr 1% í 2% af ráðstöfunarfé. Auk þessa var ákveðið að láta ákvæði um laust fé gilda fyrir meðaltalshlutfall hverra tveggja mánaða í senn til að jafna út sveiflur, sem stafa af innheimtu virðisaukaskatts á tveggja mánaða fresti.

Hinn 17. maí var Samvinnubanki Íslands hf. lagður niður. Landsbanki Íslands hafði þá eignast meirihluta hlutafjár í bankanum.

Sett voru lög (nr. 39/1990) um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, sem leysir Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins af hólmi. Verðjöfnun verður bundin fastari reglum en áður, og innlegg skiptast á sérgreinda reikninga einstakra framleiðenda. Geta útborganir ekki farið fram úr innstæðu hvers og eins.

Sett voru lög (nr. 43/1990) um Lánasýslu ríkisins. Hún fer með

ábyrgða- og endurlánamál ríkissjóðs, sölu og innlausn innlendra markaðsverðbréfa ríkissjóðs og erlend lánamál. Veigamikinn hluta þessara verkefna hefur Seðlabankinn annast. Skv. lögnum er heimilt að semja við Seðlabankann um, að hann annist ákveðin verkefni Lánasýslunnar, og gert er ráð fyrir, að hann sinni áfram sömu verkefnum og hingað til í samvinnu við Lánasýsluna.

Með lögum nr. 63/1990 var ákvæðum skattalaga varðandi hlutabréf breytt með það að markmiði að hvetja fyrirtæki til að fá bréf sín skráð á Verðbréfaþingi.

Júní

Bindiskylda var lækkuð úr 10% í 7%, og var lækkunin greidd út með sérstökum ríkisverðbréfum til 10 ára með 6,6% föstum vöxtum umfram hækkun lánsjaravísitölu. Andvirði bréfanna, 3.797 m.kr., notaði ríkissjóður til að greiða upp ýmis gömul verðbréfalán frá Seðlabankanum.

Lausafjárhlutfall innlánsstofnana var hækkað úr 11% í 12% hinn 1. júní.

Júlí

Búnaðarbankinn tók upp svonefnt kjörvaxtakerfi á skuldabréfum, og hafa þá allir bankar og sparisjóðir tekið upp slíkt kerfi.

Ríkissjóður bauð stórkaupendum spariskírteina sérkjör, sem skiluðu kaupendum allt að 7,05% ávöxtun.

Viðskiptaráðuneytið gaf út nýja reglugerð (nr. 312/1990) um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Felur hún í sér heildarendurskoðun á gjaldeyrisreglum og tók gildi 1. september 1990. Breyting á reglum um kaup á erlendum verðbréfum tók gildi 15. desember 1990. Samtímis birti Seðlabankinn auglýsingar um verðbréfavíðskipti og fasteignakaup. Helstu breytingar eru þessar:

Gjaldeyrisyfirfærsla til útlanda vegna þjónustuviðskipta er ekki lengur háð sérstöku leyfi.

Aðilum, búsettum hérlendis, er heimilt að kaupa fasteignir erlendis innan tiltekinna fjárhæðarmarka, sem hækka í áföngum og falla brott 1. janúar 1993.

Aðilar, búsettir erlendis, sem keypt hafa fasteignir hér á landi, þurfa ekki lengur sérstaka heimild til að flytja úr landi tekjur, sem þeir kunna að hafa af slíkum eignum.

Aðilar, búsettir hérlendis, mega kaupa erlend verðbréf innan tiltekinna fjárhæðarmarka, sem hækka í áföngum og falla brott 1. janúar 1993. Bréfin verða að vera skráð á opinberum verðbréfa-markaði (kauphöll) í einhverju OECD-landanna.

Erlendir aðilar, sem keypt hafa innlend verðbréf, þurfa ekki

lengur sérstakt leyfi til að flytja úr landi tekjur eða söluandvirði slíkra eigna.

Lántökur erlendis til lengri tíma en eins árs án sérstaks tilefnis verða heimilaðar innan tiltekinna fjárhæðarmarka, sem hækka í áföngum og falla brott 1. janúar 1993.

Aðilum, búsettum hérlendis, verður heimilt að veita lán til lengri tíma en eins árs til útlanda án sérstaks tilefnis innan tiltekins hámarks, sem hækkar í áföngum og hverfur 1. janúar 1993.

